SKOÐUN Ómar H. Kristmundsson segir fáar vísbendingar um „fitulag“ meðal starfsmanna ríkisins. **21**

MENNING Ásta Katrín Viggósdóttir teiknar fallegar myndir af gæludýrum eftir pöntun. **54**

SPORT Íslandsmótið í höggleik hefst á Korpunni í dag. Sterkustu kylfingar landsins mæta til leiks. **50**

500GB VASAFLAKKARI

Seagate

11.990

tl.is

TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Fimmtudagur
25. júlí 2013
173. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2012

FRÉTTIR

Stórverkefni í milljarðafélagi

Halldór Jörgensson hættir sem forstjóri Microsoft á Íslandi og gerist sölu- og markaðsstjóri Surface-spjaldtölvu Microsoft í öllum löndum utan Bandaríkanna. **2**

Dýrar eftirlitsstofnanir

Kostnaður við opinberar eftirlitsstofnanir á Íslandi hefur þrefaldast frá árinu 2002. **4**

Ekki fyrir lofthrædda

Lundaveiðimenn í Vestmannaeyjum gengu hæversklega fram á þeim fimm dögum sem heimilt var að fanga fuglinn. **8**

Lúxus í íslenskri náttúru

Nokkrir staðir á Íslandi sameina endurnæringu og ferðalög í fagurri náttúru landsins. **12**

20

Bolungarvík	17°		NA	3
Akureyri	18°		NA	2
Egilsstaðir	18°		A	3
Kirkjubæjarkl.	18°		A	3
Reykjavík	17°		V	2

BJARTVIÐRI Hæg breytileg átt eða hafgola í dag og yfirleitt léttskýjað en sums staðar þoka við ströndina einkum A-til. Hiti 10-24 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Þjóðhátíð | Fólk

BUSLAÐ Í BLÍÐUNNI Sólin hefur leikið við höfuðborgarbúa sem og aðra landsmenn undanfarna daga og var ekki annað að sjá en að þessir hressu drengir hefðu það mjög gott í blíðunni. Þeir sulluðu af miklum móð í þessu skemmtitæki í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. **sjá síðu 10** MYND/ARNÞÓR

FH gæti fengið 653 milljónir

Karlalið FH í knattspyrnu hefur aflað sér tæplega 60 milljóna króna í tekjur með þátttöku sinni í Meistaradeild Evrópu. Mun hærri fjárhæðir eru handan við hornið gangi liðinu vel í einvígi sínu gegn Austria frá Vínarborg.

FÓTBOLTI FH vann frækinn 2-1 sigur á litháísku meisturunum í Ekranas í 2. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu á þriðjudagskvöldið. Liðið vann 1-0 sigur í fyrri leiknum og tryggði sér því sæti í 3. umferð keppninnar. Andstæðingar FH verða austurrísku meistararnir Austria Vín.

Hafnfirðingar, sem urðu Íslandsmeistarar síðastliðið sumar og tryggðu sér þannig þátttökurétt í keppninni, hafa þegar tryggt sér tæplega 60 milljónir króna frá Knattspyrnusambandi Evrópu eftir leik sinn gegn Ekranas. FH á vísar 52 milljónir króna til viðbótar jafnvel þótt liðið falli úr keppni gegn stórliðinu frá Austurríki.

Takist FH hins vegar að slá austurríska félagið úr keppni, sem er metnaðarfullt en ekki óhugsandi markmið, fær liðið rúman hálfan milljarð króna til viðbótar. Heildarupphæðin myndi nema 653 milljónum króna. Ljóst er að slík upphæð myndi breyta öllu rekstrarumhverfi hjá knattspyrnudeild FH. Velta deildarinnar á síðasta ári var um 170 milljónir. Velta austurríska félagsins var tæplega tuttugu sinnum meiri, eða um 3,2 milljarðar króna. - esá / sjá síðu 46

FAGNAÐ FH-ingar nutu kvöldsins í Kaplakrika á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Varaborgarstjóri í Serbíu lét niðrandi orð falla um íslenskan sjálfboðaliða:

Hæddi Íslending og sagði af sér

MANNLÍF „Ég var afar sorgmædd yfir þessu máli fyrst,“ segir Erla Durr Magnúsdóttir, sem varð fyrir aðkasti varaborgarstjórans í serbnesku borginni Krusevac.

Erla, sem er sjálfboðaliði hjá samtökum tengdum Evrópusambandinu, hélt kynningu fyrir ungmannasamtök í Krusevac sem síðan töluðu lofsamlega um þá kynningu á Facebook og hengdu

ERLA DURR MAGNÚSDÓTTIR

við mynd af Erlu á hlýrabol að tala til ungmennanna.

Sá varaborgarstjórinn í Krusevac þá ástæðu til að líkja Erlu við papriku-tínslukonu og sagði að það væri aldeilis fegurðin sem Evrópusambandið hefði sent æskunni í borginni.

Serbnesku þjóðinni mislíkaði framkoma Miladinovic. Varð hún að segja af sér embætti varaborgarstjóra. „Hún er opinber persóna sem ætti að taka sér alla þá landa sína til fyrirmyndar sem ofbauð framkoma hennar,“ segir Erla. - jse / sjá síðu 2

20% Þakklætisafsláttur

AF SLÖKUN ÚT JÚLÍ

Þökkum fyrir þær frábæru viðtökur sem SLÖKUN hefur fengið á Íslandi.

AFSLÁTTUR ALLT AÐ 87% ÚTSÖLULOK

byggtogbúið | Kringlunni

Gjafakort er góð gjöf

Opið til 21

Smáralind

SPURNING DAGSINS

Íris, verður hægt að greiða með fyrirgreiðslum?

„Ég er nú eiginlega að vona að ég fái fyrirgreiðslu, bankinn lætur mig alltaf sitja í súpunni.“

Íris Hera Norðfjörð er eigandi veitingastaðarins Kryddlegin hjörtu sem flytja mun í gamla hús Framsóknarflokksins.

Halldór Jörgensson flyst til innan Microsoft og tekur við sem sölu- og markaðsstjóri Surface-tölvunnar:

Hyggur á stórsókn þrátt fyrir milljarða tap

TÆKNI Halldór Jörgensson, fráfarandi framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, er tekinn við sem sölu- og markaðsstjóri Surface-spjaldtölvu Microsoft alls staðar utan Bandaríkjanna. Halldór mun þó starfa áfram hér á landi. „Allavega um sinn, skattkerfinu til ánægju,“ segir Halldór kíminn.

Halldór hafði verið í samráði við þjónustuteymi Microsoft.

„Ég hafði verið að skipta mér aðeins af þeim og ég fann að þetta var eitthvað sem ég hafði áhuga á. Það þróaðist út í það að ég var að endingu beðinn um að koma í liðið,“ segir Halldór.

Surface-spjaldtölvan var markaðssett á ört stækkandi markað snjalltækja en galt afhroð í samanburði við iPad frá Apple. Nýlega var greint frá 900 milljón dollaratapi Microsoft vegna framleiðslunnar. Tapið samsvarar 109 milljörðum króna.

Halldór segist þó ekki hafa verið fenginn sérstaklega inn til þess að bjarga hlutunum.

„Mín ráðning var gerð áður en þetta tap var gert kunnugt. Þetta breytir engu um hvað við ætlum að gera eða hvernig á að gera þetta. Við þurfum að vinna mjög hratt á ört vaxandi markaði og ég er mjög spenntur að takast á við þetta verkefni. Það er mikill uppbyggingarfasi á fyrirtækinu og við erum ekki að breyta okkar áætlununum neitt vegna þessa. Við ætlum að ná árangri og ná yfirhöndinni á þessum snjalltækjamarkaði,“ segir Halldór. -mlþ

SNJALLTÆKI ERU FRAMTÍÐIN Haraldur Jörgensson er nýr sölu og markaðsstjóri Surface spjaldtölvunnar frá Microsoft. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BLÖÐRULISTAMAÐUR FYRIR UTAN GRASAGARÐINN í gær sat götulistamaðurinn Herra Ka-búmm og bjó til blöðrulistaverk.

Reykvíkingar nutu bongóblíðunnar í höfuðborginni:

Herra Ka-búmm blés í blöðrur

SUMAR Blöðrulistamaðurinn Herra Ka-búmm fagnaði sólinni ásamt borgarbúum í gær fyrir utan Grasagarðinn.

„Ég er götulistamaður, ferðast um heiminn og bý til blöðrur,“ útskýrir Ka-búmm.

„Ég er ekki viss um að ég hafi valið rétta nafnið, þar sem ég nota hágæðaefni í blöðrurnar mínar.“

Ka-búmm segir viðskiptin glæðast með góða veðrinu. „Áður en sólin kom gengu viðskiptin hægt en nú er þetta allt annað líf.“ - nej

Nýfæddi prinsinn nefndur:

Georg prins af Cambridge

BRETLAND Vilhjálmur Bretaprins og Katrín hertogaynja af Cambridge hafa ákveðið að nýfæddur sonur þeirra fái nafnið George Alexander Louis, sem útleggst á íslensku sem Georg Alexander Loðvík.

Georgsnafnið er sótt til Georgs sjötta, föður Elísabetar annarrar drottningar, en sjálfur heitir Vilhjálmur einnig Arthúr Filippus Loðvík og faðir hans Karl heitir einnig Filippus Arthúr Georg.

Prinsinn nýfæddi verður kallaður hans hátign Georg prinsinn af Cambridge. - gb

Búið að opna á skattur.is:

Álagningin komin á netið

SKATTUR „Við opnuðum fyrir þetta klukkan tíu í fyrrakvöld,“ segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri, en nú geta landsmenn skoðað niðurstöður álagningarseðla sinna fyrir síðasta ár. Einhverjir fá greitt til baka frá skattinum en aðrir skulda honum.

Til að skoða álagningarseðil þarf að skrá sig inn á vefsíðunni Skattur.is og þarf rafræn skilríki til að komast inn. Álagningarskrárnar verða formlega lagðar fram á morgun og er kærufrestur til 26. ágúst. - bol

Hæddist að íslenskri konu og sagði af sér

Varaborgarstjóri í serbnesku borginni Krusevac fór flatt á því að hæðast að útliti Erlu Durr Magnúsdóttur sem vinnur að mannréttindamálum þar í landi. Málið var heitt í serbneskum fjölmiðlum, sem fordæmdu framgöngu varaborgarstjórans.

MANNLÍF Eftir vel heppnaða kynningu á EVS (European Voluntary Service) fyrir ungmennasamtök í serbnesku borginni í Krusevac í síðustu viku upplifði Erla Durr Magnúsdóttir óskemmtilegt atvik. Á Facebook-síðu ungmennasamtakanna var mynd af Erlu á hlýrabol í sumarhitanum. Það fór fyrir brjóstið á Slobodanka Miladinovic, varaborgarstjóra Krusevac.

„Hún er í flokki sem er mjög á móti Evrópusambandinu og fannst hún sjá þarna leik á borði og setti inn afar illkvittna athugasemd,“ segir Erla.

Sagði Slobodanka að íslenska fegurðardísin væri aldeilis til marks um allt hið fagra sem kemur úr Evrópusambandinu eða hitt þó heldur. Reyndar væri hún eins og paprikutínslukona úr nágrenni borgarinnar. Ungmennasamtökin sem Erla Durr vinnur fyrir í Belgrad, sem og nær öll serbneska þjóðin, brugðust harkalega við.

„Þetta var tekið fyrir í einu af stærstu dagblöðum landsins og svo í ríkissjónvarpinu og allir fordæmdu þetta,“ rifjar Erla upp.

„Ég hef líka fengið um fjörutíu pósta frá Serbum sem ég þekki ekki neitt þar sem þeir biðjast forláts fyrir hönd landa síns. Tveir af þeim eru reyndar búsettir á Íslandi. Ég var afar sorgmæt yfir þessu máli fyrst en ég er nú að vinna að mannréttindamálum hér þannig að fljótlega sá ég að þarna var komið rakið dæmi til að láta svona framkomu ekki líðast.“

Má segja að framferði Erlu sé nú orðið að skólabókadæmi um heppnaða baráttu fyrir bættu samfélagi. Málið fór svo hátt að borgarstjórinn í Krusevac, Bratislav Bata Gasic, sá sig nauðbeygðan til að ganga fram fyrir skjöldu og biðjast afsökunar.

Erla segir að varaborgarstjórinn hafi hins vegar komið sér hjá því en hann lét nægja að lýsa yfir vonbrigðum með að málið hafi orðið svo fyrirferðamikið og afvegaleitt. Síðasta mánudag var henni ekki stætt lengur í embætti svo hún sagði af sér.

„Ég var mjög ánægð,“ segir Erla. „Þarna var reitt hátt til höggs. Ég er sjálfboðaliði svo það er ekki eins og ég eigi að vera í kjól og hvítu. Hún er hins vegar opinber persóna sem ætti að taka sér alla þá landa sína til fyrirmyndar sem ofbauð framkoma hennar. Eins hefði hún mátt vita að Ísland er ekki í Evrópusambandinu eins og hún sagði í athugasemdinni.“

jse@frettabladid.is

MYNDIN UMDEILDA Þetta er myndin af Erlu Durr sem fór fyrir brjóstið á Miladinovic.

SLOBODANKA MILADINOVIC Stendur ekki beint með pálmann í höndunum eftir hryggilega framgöngu.

„Ég er sjálfboðaliði svo það er ekki eins og ég eigi að vera í kjól og hvítu.

Erla Durr Magnúsdóttir.

Hvíti Jagúar Halldórs Laxness er nú á verkstæði eftir dularfullt tjón:

Jagúar nóbelsskáldsins í viðgerð

BÍLAR Hvít Jagúar-bifreið Halldórs Laxness, sem er einn frægasti bíll Íslandssögunnar, rann úr stæði sínu á Gljúfrasteini á aðfaranótt miðvikudags.

Bíllinn endaði bílferðina með því að klessa á forláta keðju sem varnaði því að hann endaði á Þingvallavegi.

Bíllinn er nú kominn á verkstæði þar sem gert verður við skemmdirnar.

„Hann sást síðast í stæðinu klukkan tíu og svo sáum við hann ekkert fyrr en bara um morguninn, á steininum,“ segir Jóhannes Ólafsson, starfsmaður á Gljúfrasteini.

Starfsmenn safnsins telja að um skemmdarverk sé að ræða, en Jóhannes segir þá í hæðni hafa lagt fram þá tilgátu að Halldór sjálfur hafi komið og sest undir stýri.

Bíllinn var í hlutlausum gír og ekki í handbremsu þegar starfsfólk kom að honum að morgni miðvikudagsins. - js

JAGÚARINN RANN Nokkrir skemmdir urðu á hægra framhorni hins sögufræga Jagúars nóbelsskáldsins á Gljúfrasteini. MYND/STÖÐ 2

ÚTSALA
SÍÐUSTU DAGAR
Götumarkaðir og ótrúleg verð!
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
Kringlan
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is
AF ÖLLU HJARTA

SVONA ERUM VIÐ

3.600 rúmkílómetrar af ís eru bundnir í íslensku jöklunum.

Jöklarnir þynnast um einn metra á ári að meðaltali samkvæmt tölfræði Veðurstofu Íslands.

Yfirborð heimshafanna hækkar um 0,03 millimetra á ári vegna þynningar íslensku jöklanna.

Barak Obama Bandaríkjaforseti segir repúblikana þvælast fyrir því að efnahagsmál komist á dagskrá:

Sakar andstæðinga um „endalausa stæla“

BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti gagnrýndi repúblikana á þingi fyrir snúa stjórnmálunum upp í „endalausar truflanir, pólitíska stæla og sýndarheyksli“ í staðinn fyrir að snúa sér að því sem mikilvægast væri, efnahagsmálum þjóðarinnar.

Þetta sagði hann í ræðu um efnahagsmál, sem hann flutti í gær í Knox-háskólanum í Illinois, en þar flutti hann fyrstu stóru pólitísku ræðuna sína, þá nýkjörinn öldungadeildarþingmaður.

Í ræðunni hét hann því að „nota hverja einustu mínútu þeirra 1.276 daga sem eftir eru af kjörtímabili mínu til að sjá til þess að þetta land fari að virka fyrir Bandaríkjamenn aftur.“

Hann lagði mikla áherslu á að stöðva sívaxandi tekjumisvægi, en þetta hefur verið eitt helsta áherslumál hans í efnahagsmálum bæði kjörtímabilin.

„Jafnvel þótt fyrirtæki séu nú að búa til ný störf og hafi skilað methagnaði, þá hefur nærri öll tekjuaukning síðustu tíu ára haldið áfram að hafna hjá tekjuhæsta prósentinu,“ sagði hann.

„Meðalframkvæmdastjóri hefur fengið nærri 40 prósenta kauphækkun síðan 2009, en meðal Bandaríkjamaður hefur sömu eða minni tekjur en hann eða hún hafði árið 1999.“ - gb

BARACK OBAMA Segir repúblikana ekki fást til að tala um það sem máli skipti, efnahagsmálin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Síbrotamaður í varðhald:

Verslunarstjóri hljóp uppi þjóf

LÖGREGLUMÁL Verslunarstjóri í Bónus elti uppi mann sem hann sá stela úr verslun sinni. Hann hljóp þjófinn uppi með lögregluna í símanum. Maðurinn reyndist hafa stolið úr fleiri verslunum.

Lögregla handtók manninn eftir að verslunarstjórinn stöðvaði för hans. Maðurinn var með þýfi úr Bónus og úr öðrum verslunum. Maðurinn er vímuefnaneytandi sem lögregla telur fjármagna neyslu sína með þjófnaði.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fór fram á gæsluvarðhald yfir manninum til 16. ágúst þar sem talið var líklegt að hann bryti af sér aftur. Héraðsdómur Reykjavíkur féllst á kröfuna fyrir helgi, og Hæstiréttur hefur nú staðfest þá niðurstöðu. - bj

SALERNI 2,5 milljarðar manna hafa ekki aðgang að salerni. NORDICPHOTOS/AFP

Nýr alþjóðadagur ákveðinn:

Dagur helgaður vatnssalernum

NEW YORK, AP Sameinuðu þjóðirnar hafa ákveðið að 19. nóvember verði alþjóðlegur salernisdagur. Með þessu er athygli vakin á því að 2,5 milljarðar manna hafa ekki aðgang að salerni.

Þetta var samþykkt einróma á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í gær.

Alls búa um sjö milljarðar manna á jörðinni. Af þeim eiga sex milljarðar farsíma, en einungis 4,5 milljarðar hafa aðgang að salerni. - gb

HILMAR ÖRN HILMARSSON Skoðar mögulegar staðsetningar Lögbergs.

Kvöldganga á Þingvöllum:

Allsherjargoði leitar Lögbergs

MENNING Síðasta fimmtudagskvöldganga sumarsins á vegum Þjóðgarðsins á Þingvöllum er í kvöld. Þá mun Hilmar Örn Hilmarsson, tónskáld og allsherjargoði, fjalla um Lögberg og rifja upp helstu hugmyndir um staðsetningu þess.

„Skiptar skoðanir hafa verið um staðsetningu Lögbergs frá því að fyrstu rannsóknir hófust á Þingvöllum um miðja nítjándu öld,“ segir í tilkynningu frá Þjóðgarðinum. Gangan hefst klukkan átta og gengið er frá fræðslumiðstöðinni. - gar

Sparnaður ræddur á þingi:

Vilja hætta að bera póst heim

BANDARÍKIN, AP Fyrir Bandaríkjaþingi liggur nú frumvarp um að frá og með árinu 2022 hætti ríkið að láta bera út póst heim til fólks.

Þess í stað verði einkapóstur skilinn eftir ýmist í pósthólfum á götuhornum eða póstkössum fyrir fjöldapóst.

Sitt sýnist hverjum um þessi áform, en hugmyndin er sú að spara ríkinu fé. Á síðasta ári var póstþjónusta Bandaríkjanna rekin með 16 milljarða dala tapi. - gb

Kostnaður við eftirlit þrefaldast á tíu árum

Íslendingar reiða nú fram rúmlega þrefalt meira til eftirlitsstofnana en árið 2002. Eftirlit fyrir hrun var aukið. Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir eftirlitsstofnanir standa atvinnulífi fyrir þrifum og fela í sér mikinn falinn kostnað.

STJÓRNSÝSLA Kostnaður við rekstur ýmissa eftirlitsstofnana hefur aukist um 316% á verðlagi dagsins í dag frá árinu 2002 til 2012.

Árið 2002 kostaði rekstur Fjármálaeftirlitsins, samkeppnisyfirvalda, Neytendastofu og Talsmanns neytenda tæpar 740 milljónir en rúma 2,3 milljarða árið 2012 samkvæmt Ríkisreikningi.

Mest var aukningin á árunum fyrir hrun eða úr tæpum 800 milljónum á ári 2004 í 2,4 milljarða árið 2008.

Kostnaðurinn dróst lítillega saman eftir hrun en hefur náð fyrri hæðum að nýju.

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir aukið eftirlit íþyngja atvinnulífinu. „Fyrirtækin finna mjög mikið fyrir þessu aukna umfangi eftirlits í landinu. Það er búið að aukast um mörg hundruð prósent hérna á einum áratug. Sumt af þessu eftirliti er afar nauðsynlegt og veitir okkur öryggistilfinningu en annað myndi ég segja að sé hreinn óþarfi og að minnsta kosti sé verið að kosta of miklu til,“ segir Orri.

Hann segir ekki rétt sem haldið hefur verið fram að eftirlit fyrir hrun hafi minnkað.

„Við vorum búin að auka umfang regluverksins og eftirlitsins mjög mikið hér fyrir fjármálakreppuna og eftir hana hefur þetta aukist ennþá meira. Einhvers staðar eru nú efri mörk á því hverju þetta skilar.“

Orri gefur lítið fyrir þær staðhæfingar að auka þurfi eftirlit nú vegna hrunsins.

„Eftirlit er nauðsynlegt en það hvernig þetta er gert á Íslandi og hvernig við höfum verið að auka þetta eftirlit er að sumu leyti óþarft.“

Fyrirtækin velti svo oft kostnaðinum yfir á almenning.

„Þetta endar á því að vera kostnaður sem veltist yfir á almenning. Það verður bara dýrara að reka fyrirtæki sem þýðir að einhvers staðar endar kostnaðurinn. Það verður þá minni hagnaður hjá fyrirtækjum eða hærra verð til neytenda, nema hvort tveggja sé,“ segir Orri Hauksson. johanness@365.is

Eftirlitið er dýru verði keypt



ORRI HAUKSSON Orri segir eftirlitsstofnanir fela í sér mun meiri falinn kostnað en af sé látið.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



MUNIÐ EFTIR SÓLARVÖRN Peir sem ætla að njóta sólarinnar ættu að bera á sig sólarvörn sem er að minnsta kosti númer 15 og ef útivistin nær yfir allan liðlangan daginn þarf að muna að bera hana oft á eða nota sterkari vörn.



Á morgun
Hæg vestlæg eða breytileg átt.



Laugardagur
Hæg breytileg átt.

Alicante	32°	Billund	26°	Gautaborg	23°	London	25°	Orlando	31°	San Francisco	19°
Basel	31°	Frankfurt	29°	Kaupmannahöfn	23°	Mallorca	31°	Ósló	27°	Stokkhólmur	24°
Berlín	28°	Friedrichshafen	29°	Las Palmas	25°	New York	24°	París	30°		

Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

SUMAR-MARKAÐUR ELLINGSEN

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

PIPAR\TBWA • SÍA • 132054

DEVOLD Á 20% AFSLÆTTI

COLUMBIA SKÓR, CONSPIRACY
Dömu, 38-41. Herra, 41-47.

17.990 KR.
FULLT VERÐ 28.990 KR.

COLUMBIA SKÓR, MASTER FLY
Dömu, 38-41. Herra, 41-47.

14.990 KR.
FULLT VERÐ 28.990 KR.

CONWAY GÖNGUSKÓR
Stærðir: 36-46.

14.392 KR.
FULLT VERÐ 17.990 KR.

DIDRIKSONS REGNSETT, ODYSSEY
Dömu, 36-46. Herra, S-3XL.

15.992 KR.
FULLT VERÐ 19.990 KR.

COLUMBIA JAKKI, COMPOUNDER
Dömu, M-XL. Herra, S-2XL.

41.243 KR.
FULLT VERÐ 54.990 KR.

VEIÐIVÖRUR 20% AFSLÁTTUR

COLEMAN KÆLIBOX
46 l.

13.520 KR.
FULLT VERÐ 16.900 KR.

ÖLL GRILL Á 20% AFSLÆTTI

COLEMAN LED TJALDLUKT
85-22 tíma ending.

4.792 KR.
FULLT VERÐ 5.990 KR.

PRIMUS TJALDHITARI
2000-2500W.

9.592 KR.
FULLT VERÐ 11.990 KR.

COLEMAN TAOS SVEFNPOKI

8.392 KR.
FULLT VERÐ 10.490 KR.

MERIDA CROSSWAY 20 REIÐHJÓL
Hybrid.

84.992 KR.
FULLT VERÐ 99.990 KR.

SCOTT VÖRUR 40% AFSLÁTTUR

COLEMAN COBRA 2 TJALD

19.920 KR.
FULLT VERÐ 24.900 KR.

MOVERA SKJÓLVEGGUR
500x140 cm.

8.990 KR.
FULLT VERÐ 14.900 KR.

Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • **ellingsen.is**

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

VEISTU SVARIÐ?

1. Hversu margir hafa heimsótt gestastofu fjölskyldunnar á Þorvaldseyri?
2. Forsvarsmenn hvaða kvikmyndar leita nú að aukaleikurum til að leika uppvakninga og nasista?
3. Hvaða lið mætir karlalið FH í fótbolta í Meistarakeppni Evrópu?

SVÖR:
1. Rúmlega 100 þúsund manns **2.** Dead Snow **3.** Austria Vín.

Vígslubiskup í Skálholti svekktur með ráðherra ríkisstjórnarinnar en ánægður með forseta Íslands:

Enginn ráðherra þáði boð á Skálholtshátíð

KIRKJUMÁL „Að sjálfsögðu erum við svekkt að ráðherrarnir skuli ekki hafa komið en það eru skiljanlegar ástæður fyrir því," segir Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti.

Enginn ráðherranna níu sá sér fært að mæta á Skálholtshátíð um síðustu helgi þrátt fyrir boð um slíkt. Þá var 50 ára afmælis kirkjunnar minnst, sem og afhendingu Skálholtsstaðar til þjóðkirkjunnar – sem markar fyrstu skrefin í átt að aðskilnaði ríkis og kirkju.

„Ráðherrar hafa í mörg horn að líta og það þarf að boða þá með mjög löngum fyrirvara. Það var greinilega þannig að þeir voru bundnir við önnur verkefni og ég hef fullan skilning á því. En það er alltaf leiðinlegt þegar ráðherrar geta ekki komið," segir vígslubiskup.

En ekki allir boðsgestir létu sig vanta. „Forseti Íslands var viðstaddur, sem betur fer. Hann var meira að segja svo elskulegur að rjúfa sitt sumarfrí fyrir þennan atburð," segir Kristján Valur. **- kh**

SKÁLHOLTSKIRKJA Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, hefði viljað ráðherra sem gesti þegar minnst var 50 ára afmælis kirkjunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ATVINNA Af 191 þúsund manns á vinnumarkaði voru um 12.300 án vinnu í júní.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Atvinnuleysi að aukast samkvæmt mælingum Hagstofu:

Um 6,4 prósent án vinnu í júní

VIÐSKIPTI Um 6,4 prósent vinnufærra manna eru nú atvinnulaus og að leita að vinnu samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands.

Atvinnuleysið hefur aukist umtalsvert frá síðasta sumri. Það mældist 6,4 prósent í nýliðnum júní, en 5 prósent í júní í fyrra.

Alls voru um 7,5 prósent manna atvinnulaus í maí og 6,6 prósent í apríl samkvæmt Hagstofunni.

Að jafnaði voru um 191 þúsund manns á vinnumarkaði í nýliðnum júní, þar af um 178.700 starfandi en 12.300 án atvinnu og í atvinnuleit. **- bj**

Rússneska þotan í Keflavík:

Ætla að gera við vélina hér

FLUGMÁL Framleiðandi og eigandi flugvélarinnar sem hlekktist á við lendingu á Keflavíkurflugvelli ætlar að gera við flugvélina hér á landi.

Um sextíu manns tóku þátt í að koma þotunni frá flugbrautarendanum í fyrrakvöld. Óhappið varð á flugvellinum á sunnudagsmorgun þegar hjól vélarinnar fóru ekki niður fyrir lendingu. Báðir hreyflar vélarinnar skemmdust mikið. Ragnar Guðmundsson, stjórnandi rannsóknarinnar á slysinu, segir vélina einnig verða skoðaða af rússneskum rannsóknaraðilum. **- bl**

Snowden beið pappíra í gær:

Verður áfram í Rússlandi

RÚSSLAND, AP Bandarískri uppljóstrarinn Edward Snowden ætlar sér að búa í Rússlandi um skeið, en beið í gær eftir því að fá í hendur frá stjórnvöldum pappíra sem tryggja honum dvalarleyfi.

„Rússland er lokaáfanginn í bili. Hann horfir ekki lengra til framtíðar en það," sagði Anatólí Kútsjerena, lögmaður Snowdens í Rússlandi.

Snowden hyggst nota tímann til að kynna sér rússneska menningu. **- gb**

Læra um heimspeki með stjórnmálaspili

Lærdómsríkt er að spila og mikilvægt að skapa áhugavert skólaumhverfi sem höfðar til sem flestra, að sögn Ármanns Halldórssonar. Hann hannar nú spilið Klappland, sem ætlað er í heimspekikennslu en mun einnig fara í almenna sölu.

SKEMMTUN „Ég hef alltaf verið á þeirri skoðun að það eigi að vera gaman í skólanum," segir Ármann Halldórsson, en hann er nú í óða önn að hanna spunaspil til þess að nýta í heimspekikennslu.

„Vinnuheitið á spilinu er Klappland. Leikmenn eru í upphafi stjórnmálamenn og eiga að ná fram ákveðnum markmiðum, embættum og stefnumálum," útskýrir Ármann. Hann segir það hlutverkaspil en þó ekki í sama skilningi og það þekktasta, Dungeons and Dragons. „Þetta spil er, og verður að vera, miklu aðgengilegra fyrir almenning."

Spilið sameinar hluti úr spunaspilaheiminum og heimi borðspilanna. „Ég vil hafa eins mikið í höndum spilaranna og hægt er þannig að þeim líði eins og þeir séu að hafa áhrif á framvindu leiksins. Ekki bara af því að þetta og hitt spilið var dregið."

Ármann er mikill talsmaður fjölbreyttari kennsluhátta. „Einhæfni gerir það að verkum að skólinn höfðar til ákveðinnar tegundar af nemendum sem ná sambandi við efnið og ná árangri. Það þarf ekkert að umbylta öllu, það er gott og gilt að gera stíl og leggja fyrir próf, en það er hluti af fjölbreytninni að taka eitthvað nýtt inn og blanda því saman þannig að úr verði áhugavert skólaumhverfi sem höfðar til sem flestra. Þannig vinnum við gegn brottfalli." Hann fullyrðir að það að spila sé ákaflega lærdómsríkt ef vel heppnast.

Hugmyndin að Klapplandi kviknaði í febrúar þegar Ármann hélt röð fyrirlestra um lýðræði í skólum. „Lýðræði er fyrirbæri sem er flókið og erfitt, og líka á vissan hátt vanrækt í skólakerfinu. Áhugavert er að velta því fyrir sér hvernig hægt sé að gera skólakerfið lýðræðislegra, en einnig að fræða nemendur um lýðræði og réttarríkið."

Hann sótti nú í vor um styrk frá Rannís úr Þróunarsjóði námsgagna. „Ég fékk fullan styrk, var himinlifandi og hoppandi með það, og því fer næsta ár mikið í að þróa þetta spil sem námstæki en líka sem spil sem mun fara á almennan markað á næsta ári. Þetta verður spil fyrir tólf ára og eldri þar sem fólk sest niður og breytist í klækjarefi stjórnmálanna." **nannae@365.is**

INNLIFUN OG TJÁNING „Ég hafði áhuga á spunaspilum og sá að þarna var leið til þess að virkja nemendur og gera eitthvað skemmtilegt. Góð leið til þess að fá nemendur til þess að tjá sig um námsefnið. En ekki síður fyrir innlifun, að fást við siðferðilegar spurningar og efla skapandi hugsun."
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Það er hluti af fjölbreytninni að taka eitthvað nýtt inn og blanda því saman þannig að úr verði áhugavert skólaumhverfi sem höfðar til sem flestra. Þannig vinnum við gegn brottfalli.**
>
> *Ármann Halldórsson spilahöfundur*

Bankaráðsmenn seðlabanka Norðurlandanna þurfa litla sérfræðikunnáttu:

Litlar eða engar hæfniskröfur

STJÓRNSÝSLA Litlar eða engar hæfniskröfur eru gerðar til bankaráðsmanna í bankaráðum seðlabanka Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar. Aðeins í Danmörku eru gerðar kröfur um að hluti bankaráðsmanna hafi mikla þekkingu á viðskiptalífinu.

Eins og fjallað var um í Fréttablaðinu nýverið eru engar sérstakar kröfur gerðar til þeirra sem sæti eiga í bankaráði Seðlabanka Íslands. Ríkar kröfur eru hins vegar gerðar til þeirra sem stýra eða taka sæti í stjórnum fyrirtækja sem starfa á fjármálamarkaði.

Í Danmörku sitja 25 í bankaráði seðlabankans. Af þeim eru átta þingmenn og tveir tilnefndir af ráðherra, samkvæmt upplýsingum frá danska seðlabankanum.

Þeir fimmtán sem eftir eru, sem eru valdir af stjórnendum bankans, verða að hafa yfirgripsmikla þekkingu á viðskiptalífinu. Þeir eiga einnig að koma víða að frá landinu og vera úr mismunandi þjóðfélagshópum.

Í Noregi og Svíþjóð eru gerðar svipaðar kröfur til bankaráðsmanna og hér á landi, það er að þeir skuli ekki gegna störfum hjá fjármálafyrirtækjum og hafa flekklausan bakgrunn. Engar kröfur eru gerðar um menntun eða reynslu í lögum og reglum sem gilda um bankana. **- bj**

KRÖFUR Eins og fjallað var um í Fréttablaðinu 11. júlí eru engar kröfur gerðar um hæfi bankaráðsmanna Seðlabanka Íslands.

LAMBAFILE
3999KR/KG
VERÐ ÁÐUR 4999

ÍTÖLSK HELGARSTEIK
2249KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2999

KJÚKLINGA-BRINGUR
2099KR/KG
VERÐ ÁÐUR 2799

FROSINN LAMBAHRYGGUR
1699KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1999

LAMBAPRIME
3519KR/KG
VERÐ ÁÐUR 4399

TILBOÐ
418KR/PK
VERÐ ÁÐUR 697

Kjúklingavængir
800 g - 2 tegundir

549KR/PK
VERÐ ÁÐUR 699
TILBOÐ

Tradizionale pizzur

TILBOÐ
299KR/PK
VERÐ ÁÐUR 359

Heilar flatkökur
4 stk í pakka

Gildir til 28. júlí á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg
og á Akureyri í sumar!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Matareitrunin á Indlandi:

Skólastjórinn handtekinn

INDLAND, AP Meena Kumari, skólastjóri í Patna á Indlandi, hefur verið handtekinn í tengslum við rannsókn á mataraeitrun í skólanum sem kostaði 23 börn lífið í síðustu viku. Skólastjórinn flúði um leið og börnin tóku að veikjast, eftir að hafa lagt sér skólamáltíð til munns.

Staðfest hefur verið að skordýraeitur var í matnum í lífshættulega miklu magni. Fjölmörgu börn veiktust alvarlega, auk þeirra sem létust.

- gb

Hvalfjarðargöngin fagna 15 ára afmæli nú í júlí en gjaldið er enn þúsund krónur fyrir stakan fólksbíl:

24 milljónir ökutækja í göngin á 15 árum

SAMGÖNGUR Tuttugu og fjórar milljónir ökutækja hafa ekið í gegnum Hvalfjarðargöngin á þeim fimmtán árum sem þau hafa verið opin. Til stendur að afhenda ríkinu göngin í september árið 2018.

Þann 11. júlí síðastliðinn voru 15 ár frá því að Davíð Oddsson, þáverandi forsætisráðherra, klippti á borða sunnanmegin í Hvalfirði og opnaði göngin formlega. Síðan þá hafa landsmenn notið þess að sleppa við tæplega hundrað kílómetra langan spotta sem Hvalfjörðurinn er.

Daginn eftir fimmtán ára afmælið, 12. júlí síðastliðinn, höfðu 24 milljónir ökutækja ekið um göngin. Það gerir rúmlega eina og hálfa milljón ökutækja á hverju ári.

Það vekur athygli að veggjaldið í dag, þúsund krónur fyrir stakan fólksbíl, er það sama og fyrir fimmtán árum.

„Þetta hefur bara gengið vonum framar, göngin hafa sýnt og sannað að þau áttu fullan rétt á sér. Því er hægt að hægt að halda gjaldinu í sama farinu," segir Marinó Tryggvason, afgreiðslustjóri Spalar, sem sér um rekstur Hvalfjarðarganganna.

Þegar göngin voru opnuð árið 1998 var hægt að fá 13,3 lítra af bensíni fyrir þúsundkallinn sem kostaði í göngin. Núna, árið 2013, er hægt að fá 3,9 lítra fyrir sömu upphæð.

bodi@365.is

HVALFJARÐARGÖNG Pann 11. júlí síðastliðinn voru 15 ár liðin frá opnun ganganna.

EKKI LÍTA NIÐUR Sigurjón er hér að koma upp keðjustigann. Ef einhver er lofthræddur er splæst í öryggislínu en Eyjapeyjar segjast ekki þurfa á slíku að halda.

Helst ekki fyrir lofthrædda

Veiði var ekki mikil þá fimm daga sem veiða mátti lunda í Vestmannaeyjum. Veiðimaður segir súluna lifa í vellystingum og er ekki svartsýnn á afkomu lundans. Klifra þeir óbundnir um hundrað metra stiga upp í klett.

NÁTTÚRA Fimm daga lundaveiðitímabili lauk í fyrradag í Vestmannaeyjum. Óskar P. Friðriksson ljósmyndari fékk að fljóta með fríðum flokki sem hélt til veiða í Hellisey síðasta daginn.

Eins og sjá má á myndunum er þetta ekki ferð fyrir lofthrædda, en fara þarf upp um hundrað metra keðjustiga. „Maður hugsar ekkert um þetta þegar maður er þarna uppi," segir Sigurjón Ingvarsson, sem veiddi flesta lundana í ferðinni. „Ef það eru einhverjir lofthræddir með þá skjótum við með þeim svona öryggislínu," bæti hann við.

Sigurjón segir þá hafa séð mikið af lunda þegar loks létti til en þoka var mikil framan af. Hann sá þá líka hafa eitthvert æti í goggi. En sá sem nú lifir í hve mestum vellystingum úti um allar eyjar er súlan, enda súlan ekki matvandur fugl, en hún hefur nú bætt makrílnum á matseðilinn.

„Við veiddum aðeins þrjátíu og þrjá lunda," segir Sigurjón. „Menn hentu gamni að því að ég, viðvaningurinn sjálfur, veiddi eina þrjátíu meðan jarlinn sjálfur, Bragi Steingrímsson, varð að láta sér lynda þrjá. Þetta var hroðaleg útreið fyrir jarlinn," segir Sigurjón og hlær við.

jse@frettabladid.is

SÚLAN Í VELLYSTINGUM Þessi fugl hefur það aldeilis gott enda á hann auðvelt með að veiða og er ekki matvandur. Fuglinn er einn af þeim sem ekki sýta komu makríls.

LUNDARNIR KOMA Í LJÓS Pegar létti til sást fagurgoggurinn víðast hvar og í ágætum holdum.

JARLINN NÆR EINUM Bragi Steingrímsson, alvanur lundaveiðimaður, lét viðvaninginn um mestu veiðina og tók aðeins þrjá sjálfur, sem var síðan tilefni til mikilla gamanmála. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

DEBENHAMS

Bláa bomban

VERÐSPRENGJA!

20%

viðbótarafsláttur

af allri útsöluvöru

Opið til kl. 21:00 í kvöld

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Sól og hiti glæða höfuðborgina lífi

Eftir sólarlítið sumar í Reykjavík tóku bæði börn og fullorðnir geislum sólar fagnandi þegar hún kom loks í byrjun vikunnar. Fréttablaðið fór á hina ýmsu staði sem aldrei eru vinsælli en í blíðskaparveðri og spjallaði við sólkyssta borgarbúa.

SJÓRINN EKKI KALDUR „Við höfum verið hér heillengi í dag," sögðu systkinin Rafn, Róbert og Sónata Ísaksbörn. „Við ætlum að vera hér áfram. Kannski bara í allan dag." Þau segja sjóinn ekkert kaldan og að hann sé það skemmtilegasta við Nauthólsvíkina. „Og að moka," bætir Gulli vinur þeirra við. Þau segjast ekki enn hafa borið á sig sólvörn. „En við gerum það á eftir," fullyrða þau ákveðin.

ALLTAF STEMNING Jóhannes Bjarki, starfsmaður fallturnsins í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum, segir mikinn mun á sólríkum dögum og skýjuðum. „Það er miklu meira að gera. Í gær var alveg troðið hér frá opnun til lokunar." Hann segir að þrátt fyrir að veðrið hafi ekki verið upp á sitt besta í Reykjavík í sumar sé þó alltaf stemning í garðinum.

SÓLARVEÐUR BESTA ÍSVEÐRIÐ „Þetta er geðveikur ís," segir Ólafur, fastakúnni í ísbúðinni Valdís. „Það var mælt sérstaklega með þessum, hindberjasorbet." Þau segja ísinn smakkast mun betur þegar það er sól. „Sólarveður hentar betur til ísáts," fullyrða þau Ólafur og Guðrún. „Það er samt alveg hægt að fá sér ís í þokuveðri en þá þarf að njóta hans innanhúss."

LAUTARFERÐ Í GRASAGARÐINUM Þau Theódóra Sæmundsdóttir og Jóhann Örn Ólafsson ákváðu að fá sér hádegismat í Grasagarðinum með börnin sín þrjú, þau Ólöfu Söru, Jóhann Egil og Örnu Sif. „Við erum í fríi og ætlum að njóta veðursins í dag," segir Jóhann. Fjölskyldan gæddi sér á sushi-bitum og kanilsnúðum á meðan hundurinn þeirra, Tótó, vappaði um í grasinu.

DÝRÐARDAGUR Í NAUTHÓLSVÍK Mannskapurinn lék á als oddi í sólinni sem bakaði ylströndina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNPÓR

LITLA VINKONA MÍN „Það er ótrúlega gaman að það sé komin sól," segir Eva Júlía, 7 ára, en hún var stödd ásamt Christinu vinkonu sinni í Grasagarðinum í gær. „Við erum að leika okkur og kasta steinum í vatnið," útskýrir Eva. „Christina er 3 ára. Hún er litla vinkona mín."

ENNEMM / SÍA / NM58646

BMW X5 MODERN LINE
= ALLT INNIFALIÐ

Nú bjóðum við BMW X5, í nýrri MODERN LINE útgáfu, hlaðinn aukabúnaði. Nýja útgáfan er t.a.m. með 8 gíra sjálfskiptingu, BMW Professional hljómtæki, 19" álfelgum, leðurinnréttingu með rafdrifnum, upphituðum framsætum og minnisstillingum, fjarlægðarskynjurum að framan og aftan, Bluetooth tengibúnaði fyrir síma, Cruise Control, glæsilegum viðarlistum í mælaborði, sjálfdekkjandi baksýnisspegli, toppgrindarbogum, málmlit, rafdrifnu dráttarbeisli og þægilegu Servotronic léttstýri.

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

BMW xDrive 30d
6,7 l / 100 km* – CO2 195 g – 7,6 sek. í hundrað

Verð: 12.690 þús.

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000

SKORNINGAR Skorningar í fjöllunum á Mars gætu veitt vísbendingar um veðurfar á plánetunni á meðan vatn fannst á yfirborðinu. MYND/NASA

Fjöllin veita vísbendingu:

Virðist hafa rignt á Mars

VÍSINDI Fjallgarðar á plánetunni Mars veita vísbendingar um að þar hafi rignt einhvern tímann í sögu plánetunnar rauðu.

Vísindamenn við Brown-háskóla í Bandaríkjunum telja jarðmyndanir á fjöllunum svipa til fjalla á Havaí, þar sem vindurinn blæs skýjum upp fjallgarðana en megnar ekki að koma þeim yfir. Þar af leiðandi rignir bara öðru megin á fjöllin.

Vísindamenn eru almennt sammála um að vatn hafi verið á yfirborði Mars, en gögn hefur skort til að sýna fram á hvort það flæddi einfaldlega upp á yfirborðið eða hvort því rigndi eða snjóaði yfir yfirborðið. - bj

THEO HOEN Forstjóri Marel reiknar með betri tíð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tekjur lækka milli ára:

Marel býst við viðsnúningi

VIÐSKIPTI Tekjur Marel hf. lækkuðu um 4,3 prósent á öðrum ársfjórðungi þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra.

Tekjurnar í ár námu 178,4 milljónum evra, sem samsvarar um 28,5 milljörðum króna. Rekstrarhagnaðurinn nam því sem svarar um tveimur milljörðum króna. „Afkoma Marel á fyrri helmingi ársins 2013 endurspeglar krefjandi markaðsaðstæður og áframhaldandi töf á fjárfestingu á helstu mörkuðum félagsins," segir í tilkynningu félagsins. „Marel gerir ráð fyrir að viðsnúningur á mörkuðum verði á næsta ári í stað seinni hluta þessa árs og gerir ráð fyrir hóflegri lækkun tekna fyrir árið í heild." - gar

Herinn biður um stuðning:

El Sisi hvetur til mótmæla

EGYPTALAND, AP Yfirmaður egypska hersins hvetur fólk til að halda út á götur á morgun til að mótmæla ofbeldi og styðja bæði herinn og nýju stjórnina, sem herinn kom til valda í byrjun júlí.

Abdel Fattah el Sisi herforingi, sem er í senn æðsti yfirmaður hersins, varnarmálaráðherra og aðstoðarforsætisráðherra, segir að fjölmenn mótmæli nú gefi stjórninni og hernum „umboð" til að gera það sem þarf til að stöðva blóðsúthellingar, eins og hann orðaði það. - gb

Hundruð manna réðust á samkynhneigða í gleðigöngu í Svartfjallalandi:

Köstuðu grjóti, glösum og stólum

SVARTFJALLALAND, AP Nokkur hundruð manns gerðu aðsúg að gleðigöngu samkynhneigðra í Svartfjallalandi í gær. Þetta var fyrsta gleðigangan í sögu landsins.

Árásarmennirnir köstuðu grjóti, flöskum og glösum að göngufólkinu, og jafnvel stólum af kaffihúsum.

Fáeinir tugir manna tóku þátt í göngunni og fékk hópurinn lögregluvernd, þannig að gangan gekk stórslysalaust fyrir sig.

Um tuttugu árásarmenn voru handteknir.

„Því miður hefur Svartfjallaland á tuttugu ára umbreytingartímum ekki náð nægum þroska til að þola það að fólk sé mismunandi," sagði Rasko Konjevic innanríkisráðherra.

Zdravko Cimbaljevitsj, sem árið 2010 varð fyrstur íbúa Svartfjallalands til að lýsa því yfir að hann væri samkynhneigður, sagðist vissulega hafa reiknað með andstöðu í gær, „...en þessi árás er satt að segja hin sanna ímynd Svartfjallalands."

Íbúar landsins eru um 600 þúsund talsins. Samfélagið er íhaldssamt og karlremba sögð landlæg. Ekki hefur þótt þorandi að efna til gleðigöngu fyrr vegna hótana um ofbeldi. - gb

SAMKYNHNEIGÐIR Í LÖGREGLUFYLGD Lögreglan verndaði göngufólk gegn ofbeldi öfgamanna. NORDICPHOTOS/AFP

skattur.is

Álagningu skatta er lokið

Álagningar- og innheimtuseðlar
einstaklinga eru aðgengilegir á þjónustuvef ríkisskattstjóra;
www.rsk.is og www.skattur.is.

Útborgun bóta og endurgreiðsla hefst 1. ágúst
Barna- og vaxtabætur
ásamt öðrum inneignum verða greiddar 1. ágúst.
Innheimta eftirstöðva hefst á sama tíma.

Unnt er að vitja inneigna hjá Tollstjóranum í Reykjavík og sýslumönnum um land allt.

Álagningarskrár liggja frammi á starfsstöðvum
ríkisskattstjóra, dagana 25. júlí til 8. ágúst 2013
að báðum dögum meðtöldum.

Kærufresti lýkur 26. ágúst 2013.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

HÁTÍÐIR HELGARINNAR

Bræðslan á Borgarfirði eystra
26.-28. júlí
Árleg tónlistarhátíð haldin síðan árið 2005 í gamalli síldarbræðslu. Meðal þeirra sem koma fram eru Ásgeir Trausti og John Grant.

Franskir dagar á Fáskrúðsfirði
25.-29. júlí
Hátíðin hefur verið haldin árlega síðan árið 1996 og er ætlað að halda minningu um veru Frakka á staðnum. Þar verða dansleikir, fornbílasýning og ævintýrastund fyrir yngstu kynslóðina.

Tálknafjör á Tálknafirði
26.-28. júlí
Á bæjarhátíðinni Tálknafjör verður ratleikur, dorgveiðikeppni, Sirkus Íslands með sýnikennslu og grill á laugardagskvöldinu. Eftir grillið verður hljómsveitin Festival með lifandi tónlist.

Eldur í Húnaþingi
24.-27. júlí
Bæjarhátíð á Hvammstanga. Fimmtudagskvöldið verður tónlistarveislan Melló Músíka. Á föstudeginum munu Ragnheiður Gröndal og Hjálmar stíga á stokk og á laugardeginum verður haldinn árlegur fjölskyldudagur.

VEÐUR

Föstudagur
10-20°C HLÝJAST INN TIL LANDSINS
Hæg breytileg átt eða hafgola. Bjart með köflum og síðdegisskúrir á stöku stað, en víða þokuloft við ströndina, einkum austantil.

Laugardagur
10-20°C HITI BREYTIST LÍTIÐ
Lítil breyting á veðri frá föstudegi. Skýjað með köflum og víða skúrir síðdegis.

Sunnudagur
11-15°C KÓLNAR OG RIGNIR VÍÐA
Fremur hæg austlæg eða breytileg átt 3-8 m/s, skýjað með köflum og allvíða skúrir. Heldur kólnandi. *Heimild: vedur.is*

HÁLENDIÐ Gamla Gæsavatnaleiðin hefur verið opnuð fyrir breytta jeppa en Dyngjufjallaleið er enn lokuð. Verið er að vinna við að opna veginn í Fjörður og stendur til að það verði gert um helgina. Nánari upplýsingar **Vegagerdin.is eða í síma 1777.**

JARÐBÖÐIN Jarðböðin við Mývatn eru gjarnan kölluð Bláa lón norðursins. Kynngimögnuð fjallasýn í bland við basíska gufuna gera heimsóknina að endurnærandi stoppi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lúxusheilsulindir í íslenskri náttúru

Böð eru endurnærandi fyrir líkama og sál og það eru líka ferðalög í margbreytilegri náttúru. Nú hafa nokkrir staðir á landinu sameinað þessa tvo þætti og opnað lúxusheilsulindir eða spa. Munaðarins er hægt að njóta gegn vægu gjaldi.

1. Fontana við Laugarvatn
Gufan á baðsvæði heilsulindarinnar Fontana er byggð yfir náttúrulegan hver og er hitastig hennar breytilegt eftir náttúrulegum aðstæðum. Einnig er á staðnum sauna að finnskri fyrirmynd sem er heitari en gufan en rakastig þar er lægra. Þrjár laugar eru á staðnum sem kallaðar eru Lauga, Sæla og Viska. Þær eru misheitar og fjölbreytilegar. Ferðalangurinn ætti því að geta fundið slökun við sitt hæfi umvafinn náttúrunni.
Verð 2.800 krónur. Frítt fyrir börn yngri en 12 ára. Afsláttur fyrir eldri borgara og ungmenni. Meðferðir og nudd kosta aukalega.

2. Frost og funi í Hveragerði
Heilsulindin á gistiheimilinu Frost og funi við Hveragerði samanstendur af útisundlaug, heitum pottum og gufubaði á árbökkum Varmár. Hún er staðsett við þrjá heita hveri sem nýttir eru til upphitunar lauganna. Skammt frá heilsulindinni eru heitir lækir þar sem hægt er að baða sig. Á staðnum er einnig boðið upp á nudd og ýmsar meðferðir auk þess sem aðgangur er að slökunarherbergi.
Aðgangur Fyrir gesti gistiheimilisins.

3. SjávarSmiðjan á Reykhólum
Þaraböð SjávarSmiðjunnar sameina þarahráefnið frá Þörungaverksmiðjunni og heita hveravatnið á Reykhólum. Þari er efnaríkur, virkar mýkjandi og styrkir húðina. Það að baða sig í þara er einnig talið hafa góð áhrif á vöðvabólgu. Böðin eru staðsett í gömlu enduruppgerðu verkstæði í náttúrulegu umhverfi Reykhóla.
Verð 2.900 krónur. Frítt fyrir 12 ára og yngri. Afsláttur fyrir ungmenni.

➜ Baðlækningar eru vel þekkt fyrirbæri og geta dregið úr sjúkdómseinkennum.

4. Jarðböðin við Mývatn
Náttúrulega heitt lón en uppspretta þess er í 130 gráðu heitur borholuvökvi. Eiginleikar vatnsins eru sérstakir. Það er ríkt af jarðefnum og í því þrífast ekki óæskilegar bakteríur og gróður. Lónin eru tilbúin mannvirki með malar- og sandbotni.
Verð 3.200 krónur fyrir 16 ára og eldri. Frítt fyrir börn 15 ára og yngri í fylgd foreldra. Afsláttur fyrir námsmenn, eldri borgara og öryrkja.

GUFUBAÐIÐ Á LAUGARVATNI Laugvetningar hafa farið í gufu síðan árið 1929 og er sagt að gufan þar hafi lækningarmátt.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

5. Musterið á Borgarfirði eystri
Í gamla frystihúsinu á Borgarfirði eystri er nú glæsileg aðstaða með útipotti og gufu á palli sem reistur var alveg við fjöruna. Gestir vellíðunaraðstöðunnar geta því auðveldlega bætt sjósundi í heimsókn sína, en sjósund er talið bæta ónæmiskerfið, auka brennslu hitaeininga og koma blóðinu á hreyfingu.
Verð 2.500 krónur.

MUSTERIÐ Nú er komið spa á Borgarfirði eystri. Þar eru tvær gerðir af gufu auk inni- og útipotta.

UPPÁHALDSSTAÐURINN MINN Á ÍSLANDI INDÍÁNAGIL



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON

Lifði á landsins gagni og gæðum í Indíánagili

„Þarna fannst manni maður vera kominn í eitthvað ævintýraland, mönnum fannst eins og þeir væru indíánar þarna," segir Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi um Indíánagil. Þar er gróinn reitur í Elliðaárdalnum sem Gísli sótti sem barn.

„Þegar ég var að alast upp var þarna nánast eini skógurinn sem ég komst í. Þarna voru trén þegar orðin stór. Þau tré hafa síðan vaxið upp þannig að íbúunum þykir nóg um."

Gísli á æskuminningar úr Indíánagili. „Við fórum þarna og tjölduðum og vorum allan daginn og menn voru að veiða sér til matar, það er að segja hornsíli. Við ímynduðum okkur að við værum að lifa á landsins gagni og gæðum," segir hann og hlær við.

„Allir sem að hafa alist upp í Breiðholtinu eða Árbænum þekkja Indíánagil. Fólk kemur þarna með teppi og er í lautarferð. Nokkurn veginn í miðju höfuðborgarsvæðisins er eins og þú sért gjörsamlega í einhverjum öðrum heimi, eða að minnsta kosti ekki inni í borg."

ENNÞÁ MEIRI ÚTSALA

Í ÖLLUM VERSLUNUM ÚTILÍFS

BÆTUM VIÐ VÖRUM Á ÚTSÖLUNA

TJÖLD • HLAUPASKÓR • ÍÞRÓTTAGALLAR • ÆFINGABUXUR • ÆFINGABOLIR • ÍÞRÓTTATOPPAR
GÖTUSKÓR • ÚTIVISTARFATNAÐUR • BARNAFÓTBOLTASKÓR • SUNDBOLIR • ÍÞRÓTTAPEYSUR
STUTTBUXUR • ÍÞRÓTTASKÓR • BIKINÍ • GÖNGUSKÓR • SUNDSKÝLUR • FÓTBOLTASKÓR
REIÐHJÓL • HLÝRABOLIR • BARNAFÖT • GERVIGRASSKÓR • TANKINÍ • BOLIR • SVEFNPOKAR
FULLT AF ALLS KONAR.....!!

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

GILDIR 25.07-31.07

SUMAR ÚTSALA

20-60%

AFSLÁTTUR AF GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM!

SESSUR
40-60%
AFSLÁTTUR

SPARIÐ
4.000

FULLT VERÐ: 8.995

4.995

PRISCIA STÓLL
Staflanlegur armstóll.

48%
AFSLÁTTUR

Jutlandia
Polyrattan

FULLT VERÐ: 24.990

12.990

PALERMO BEKKUR
Flottur bekkur úr sterku polyrattan efni.Stærð: B120 x H64 x D94 sm.

ALGHERO BORÐ
Vandað borð með sterkum granítfæti og klætt með sterku polyrattan efni.
Stærð á borði: B70 x L70.

SPARIÐ
10.000

FULLT VERÐ: 24.990

14.990

SPARIÐ
5.000

ZAMORA SÓLBEKKUR
Þæginlegur sólstóll úr stáli. Stærð: 69 x 202 sm.

FULLT VERÐ: 14.990

9.990

FSC

Jutlandia
Harðviður

SPARIÐ
5.000

PORTLAND STILLANLEGUR STÓLL
Stillanlegur stóll úr harðviði.

FULLT VERÐ: 11.990

6.990

FULLT VERÐ: 16.990

9.990

SPARIÐ
7.000

PALERMO STÓLL
Staflanlegur armstóll.

54%
AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 12.990

5.995

UDINESE ARMSTÓLL
Staflanlegur armstóll.

VERMONT BORÐ
Harðviðar borð.
Stærð: 90 x 150 sm.

43%
AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 29.990

16.990

FULLT VERÐ: 6.995

2.495

64%
AFSLÁTTUR

TAVOLA BORÐ
Flott Plastborð.
Stærð: Ø90 sm.

FRÁBÆRT VERÐ!

BRESCIA SÓLSTÓLL
Traustur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga. Litir: Svartur, rauður, blár.
Vnr. 3738500

SÓLSTÓLL
5.995

DELUXE SKJÓLTJALD, ÚTILEGUBORÐ OG ÚTILEGUSTÓLL
Sterkt og gott skjóltjald með 3 vængjum og gluggum. Hælar og stangir fylgja með. Stærð: 4,0 x 1,4 m. **7.995** nú **5.995**
Útileguborð með stillanlegri borðplötu. Stærð: 60 x 80 sm. **2.995**
Útilegustóll úr hvítlakkaðri röragrind með doppóttu áklæði, fæst í 3 litum 1 stk. **2.495** nú **1.995**
Vnr. 908-10-1018, 908-10-1017, 41412001

SPARIÐ 2.000 AF SKJÓLTJALDI

SKJÓLTJALD
FULLT VERÐ: 7.995
5.995

SPARIÐ 500 AF ÚTILEGUSTÓL

FULLT VERÐ: 2.495
1.995

ÚTILEGUBORÐ
2.995

TJÖLD VERÐ FRÁ:
2.495



TJÖLD
1. KATLA OPEN AIR 2 manna tjald **2.495**
2. ETNA 3 manna tjald **5.950**
3. HIKER 2 manna göngutjald **16.990**
4. BAHAMA 4 manna tjald **12.950**

BREKKUSTÓLL
1.995

KAUPTU 2 OG SPARAÐU 1000

BREKKUSTÓLL
Nettur og góður brekkustóll með neti. Leggst alveg saman. Fæst í 3 litum.
1 stk: **1.995**
2 stk: **2.990**

VERÐ FRÁ:
595

EINANGRUNARDÝNUR
1. Einangrunardýna 6 mm: **595**
2. Einangrunardýna 12 mm: **1.995**

SVEFNPOKAR
Mikið úrval af svefnpokum á frábæru verði.
1. TARTU svefnpoki **1.995**
2. NEPTUNE svefnpoki **2.995**

VERÐ FRÁ:
1.995

VERÐ FRÁ:
2.995

SJÁLFUPPBLÁSANLEGAR DÝNUR
1. Blá dýna 51 x 180 x 3 sm. **2.995**
2. Græn dýna 60 x 200 x 5 sm. **4.995**
3. Rauð dýna 65 x 200 x 7.5 sm. **7.995**

FRÁBÆRT VERÐ!

ÚTILEGUSTÓLL
1.350

PISA ÚTILEGUSTÓLL
Góður útilegustóll með örmum og glasahaldara. Hægt að leggja saman. Fást í nokkrum fallegum litum.

SOFT SIDE BARNASUNDLAUG
Frábær sundlaug í garðinn á góðu verði.
Stærð: Ø188sm. Tekur 666 lítra.

FRÁBÆRT VERÐ!

BARNASUNDLAUG
3.995

666 LÍTRAR

VELOUR VINDSÆNGUR
Virkilega góðar og vandaðar vindsængur með velour efni. Nokkrar stærðir:
B76 x L191 x H22 sm. **1.895**
B137 x L191 x H22 sm. **3.995**
B152 x 201 x H22 sm. **4.495**
B183 x 201 x H22 sm. **5.995**
Vnr. 4733600, 4734100, 4733200, 4735900

INTEX

PUMPUR
3. Tvívirk HAMMER 3 lítra pumpa **1.995**
2. TORNADO 12V rafmagnspumpa **2.995**
3. HURRICANE rafmagnspumpa. Gengur fyrir 12 volta og 220 volta innbyggðri hleðslurafhlöðu. **4.995**

VINDSÆNGUR VERÐ FRÁ:
1.895

PUMPUR VERÐ FRÁ:
2.995

ÓLÍKT VERÐ FYRIR BESTA VININN

Mikill munur er á kostnaði vegna hundahalds eftir því í hvaða sveitarfélagi hundurinn er skráður.

Þannig rukkar Skeiða- og Gnúpverjahreppur hundaeigendur ekki um árlegt gjald vegna hundahalds en Seyðisfjarðarkaupstaður innheimtir 17.350 krónur árlega vegna þessa.

Ekkert kostar að halda kött í flestum sveitarfélögum. Það gildir þó ekki alls staðar. Sveitarfélögin á Suðurnesjum rukka 15.000 krónur án þess að veita nokkra þjónustu, eins og ormahreinsun, í staðinn.

Þetta kemur fram í Neytendablaðinu. - js

NEYTENDASAMTÖKIN: VILJA FÁ AFSLÁTTINN

Neytendasamtökin fara fram á að reglugerð verði breytt svo sjúklingar fái notið afsláttar af lyfjum í lyfjaverslunum.

„Að óbreyttu munu nýjar reglur verða til þess að þessir afslættir hætti að mestu leyti þar sem Sjúkratryggingar [Íslands] gera kröfu um að sá afsláttur sem veittur er renni að stærstum hluta til þeirra í stað þess að hann renni til kaupenda lyfjanna eins og verið hefur," segir í nýrri ályktun samtakanna.

Á þetta geta Neytendasamtökin ekki fallist, enda sé lyfjamarkaðurinn fákeppnismarkaður og fyrirkomulagið brjóti lög. - js

LYFJAVERÐ Verðið er á könnu hins opinbera. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

NÝTT FRÁ
PHILIPS

GLÆSILEG SAMSTÆÐA
MEÐ iPhone5 VÖGGU
OG BLUETOOTH

- Samstæða með 50W RMS magnara
- iPod / iPhone5 vagga (Lightning tengi)
- wOOx / Digital Sound Control hljóðtækni
- Bluetooth innbyggt
- Stafrænt FM útvarp með 20 stöðva minni
- Lightning tengi f iPhone5 / iPod Nano
- USB Direct / MP3 Link tengi fyrir tónlist
- Innbyggður geislaspilari
- Hleður iPod / iPhone5

Hannað fyrir iPod iPhone

Bluetooth

Philips DTM3155

VERÐ
59.995
FRÁBÆRT VERÐ

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700
• GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380
• **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

LANZAROTE Á KANARÍEYJUM Lög tryggja neytendum vernd við kaup á ferðum.

Neytendaréttur skýr við kaup á ferðum

Kaupi manneskja pakkaferð í gegnum ferðaskrifstofu gilda um ferðina lagaákvæði sem tryggja neytendavernd. Skilmálar ferðaskrifstofa eru í samræmi við lögin að sögn Steinunnar Tryggvadóttur, sölustjóra hjá Úrval Útsýn.

Rigningarveður og sólarleysi á höfuðborgarsvæðinu í sumar hafa gert það að verkum að sala á sólarlandaferðum hefur aukist til muna. Fólk skipuleggur ýmist ferðalagið sjálft eða kaupir svokallaðar pakkaferðir.

„Ýmis hagræði felast í því að kaupa pakkaferð frekar en að skipuleggja ferð sjálfur á netinu," segir Steinunn Tryggvadóttir, sölustjóri hjá Úrval Útsýn. „Þegar þú bókar farseðil sjálfur á netinu þá er lítið um tryggingar."

Hún segir þessu öðruvísi farið með pakkaferðir því um þær gilda lagaákvæði sem veita neytendum vernd. „Alferðarlögin eru skýr og einföld. Skilmálarnir okkar fara vel saman við skilmála neytendasamtakanna." Mikilvægt er að neytendur átti sig á stöðu sinni við kaup á slíkum ferðum. Lög um alferðir tryggja rétt kaupanda pakkaferðar til þess að afpanta ferðina vegna stríðsaðgerða, borgarastyrjaldar, lífshættulegra smitsjúkdóma eða annars sem hefur afgerandi áhrif á framkvæmd pakkaferðar á áfangastað eða nálægt honum. Ef ferð er aflýst á kaupandi rétt á fullri endurgreiðslu eða að fá í staðinn sambærilega ferð.

„Það er ekki mikið um að ferðir séu felldar niður," segir Steinunn. „Það getur þó allt af eitthvað komið upp. Til dæmis ef við setjum upp ferð, tökum frá sæti og pöntum gistingu úti í heimi en hún selst ekki þá þurfum við að fella hana niður. Þá látum við vita í tæka tíð svo að það verði enginn skaði fyrir kaupandann."

STEINUNN TRYGGVADÓTTIR

Fyrrnefnd lög tryggja það að verði kaupandi ferðar fyrir tjóni vegna verulegra breytinga á ferðatilhögun eða vegna þess að ferð hefur verið aflýst á hann rétt á skaðabótum.

Steinunn segir slík mál alltaf koma upp endrum og eins. „Stundum er fólk ósátt og þá er sérstök þjónustudeild hjá okkur sem fer í það að kynna sér málið." Hún segir að þjónustudeildin og sá sem kvartar komist stundum ekki að sameiginlegri niðurstöðu en að þá sé hægt að fara með málið til Neytendasamtakanna.

„Fólk er meðvitað um sinn neytendarétt," segir Steinunn og segir Úrval Útsýn hafa alferðarlögin í hávegum.

NEYTANDINN Unnur Eggertsdóttir

Bestu kaupin miði á tónlistarhátíð

„Ég gerði verstu kaup lífs míns þegar ég fór í gegnum Hópkaups-tímabilið mitt hér fyrir nokkrum árum," segir Eurovision-drottningin og danskennarinn Unnur Eggertsdóttir, sem lenti í öðru sæti í Söngvakeppni Sjónvarpsins í ár.

Hópkaup er vefverslun sem býður viðskiptavinum sínum upp á alls kyns tilboð á vörum og þjónustu. „Ég fékk æði þegar Hópkaup-síðan var stofnuð. Ég eyddi samanlagt svona 15 þúsund krónum í alls kyns þjónustu sem ég nýtti mér aldrei," segir Unnur, sem festi meðal annars kaup á hvalaskoðun sem var á tilboðsverði á síðunni. Unnur hefur enga hvali séð enn.

Bestu kaupin voru hins vegar þegar Unnur keypti sér ferð á tónlistarhátíðina Rock Werchter í Belgíu. „Þetta var í fyrsta skipti sem ég fór til útlanda án foreldra minna. Ég og bekkjarsystur mínar í Versló flugum til Amsterdam og tókum lest þaðan á hátíðina," segir Unnur og bætir við að The Black Eyed Peas hafi spilað fyrir hana í Belgíu á afmælisdeginum hennar. „Þetta var sumarið 2009. Það var æðislegt veður, frábær hátíð og mjög eftirminnileg ferð."

- le

ENN MEIRI AFSLÁTTE
RÝMINGARSALA

MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

FJÖLÆRAR PLÖNTUR
ALLAR - EITT VERÐ!
799 Kr.

SUMARBLÓM
60%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SUMARBLÓMUM

TRJÁPLÖNTUR
60%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM TRJÁPLÖNTUM

GARÐSTYTTUR
50%
AFSLÁTTUR!
AF ÖLLUM GARÐSTYTTUM!

ÚTSÖLU LÝKUR
MEÐ LÁTUM!

ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR

Garðhúsgögn 30-40%
Garðleikföng 30%
Reiðhjól 30%
Garðstyttur 30-50%
Útivistarfatnaður 30-70%
Gosbrunnar 30-50%
Vinnufatnaður 30%
Grill 10-25%

Viðarvörn 20%
Útimálning 25%
Búsáhöld 30-70%
Skjólveggir 20%
og ótal margt fleira!

LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR

Útsöluafsláttur gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Meðalfjölskyldan skuldar um tólf milljónir króna samkvæmt samantekt ríkisskattstjóra á skattamálum:

Eignir heimilanna aukast meira en skuldir

Skuldir íslenskra heimila jukust um rúmlega 1,5 prósent á síðasta ári og skuldar meðalheimilið nú um 12 milljónir króna. Eignirnar jukust þó meira, um 6,9 prósent samkvæmt samantekt Ríkisskattstjóra. Íslensk heimili skulduðu samtals 1.785 milljarða króna í árslok 2012 samanborið við 1.759 milljarða í byrjun þess árs.

Um 68 þúsund fjölskyldur af þeim 94 þúsundum sem telja fram skulduðu í húsnæði sínu en 26 þúsund skulda ekkert í húsnæði sínu. Heildarskuldir heimilanna vegna húsnæðisskulda voru 1.159 milljarðar í lok árs 2012. Þær fjölskyldur sem skulda vegna húsnæðiskaupa skulda um 17 milljónir að meðaltali.

Eignir heimilanna námu 3.861 milljarði króna í lok síðasta árs og höfðu þá aukist um 6,9 prósent á árinu. Ástæðan er einkum hækkað verðmæti fasteigna. Verðmæti fasteigna, sem er ríflega tveir þriðju af eignum heimilanna, jókst um 9 prósent í fyrra en verðmæti annarra eigna um 2,4 prósent. - bj

➜ Fjármagnstekjuskattur skilar meiru

Einstaklingar greiða 11,7 milljarða króna í fjármagnstekjuskatt vegna ársins 2012, sem er 13,9 prósenta aukning frá síðasta ári. Um 42 þúsund greiddu fjármagnstekjuskatt á árinu.

Alls greiddu 5.980 aðilar, um 3.100 fjölskyldur, samtals 5,6 milljarða króna í auðlegðarskatt vegna ársins 2012. Það er 0,3 prósenta lækkun frá árinu 2011. Viðbótarauðlegðarskattur var lagður á hlutabréfaeign 4.988 skattgreiðenda, samtals 3,5 milljarðar króna, sem er 44 prósenta aukning milli ára.

Verðbólgan mælist 3,8%:

Sumarútsölur duga ekki til

Ársverðbólgan mælist nú 3,8 prósent og hækkar lítillega eftir að hafa staðið í 3,3 prósentum síðustu mánuði.

Samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands lækkaði vísitala neysluverðs um 0,27 prósent milli júní og júlí. Ástæður þess að vísitalan lækkar á milli mánaða eru einkum sumarútsölur á fötum og skóm, sem ná að vega upp hækkun á áhrifum húsnæðis og hækkandi eldsneytisverðs, og ríflega það. - bj

Arðsemi íslensku bankanna varð minni við einkavæðingu þeirra

Þótt rannsóknir bendi til að einkabankar séu skilvirkari í rekstri en ríkisbankar átti það ekki við um íslensku bankana eftir einkavæðingu ef marka má nýja ritgerð. Framkvæmd einkavæðingarinnar mistókst og gengishagnaður var notaður til að bæta upp slakan grunnrekstur.

Arðsemi í rekstri íslensku bankanna, sem einkavæddir voru á árunum 1998 til 2003, var hvað lakastur á árunum 2006 til 2007, á sama tíma og bókhaldslegur hagnaður var hvað mestur.

Þetta kemur fram í nýútkominni meistararitgerð Snorra Jakobssonar um áhrif eignarhalds á rekstrarárangur íslenskra innlánastofnana. Ritgerðin hlaut framúrskarandi einkunn í Hagfræðideild Háskóla Íslands.

Helstu niðurstöður eru þær að rekstur ríkisbankanna hafi ekki orðið skilvirkari eftir einkavæðingu þrátt fyrir að flestar rannsóknir sýni fram á að einkabankar skili almennt meiri arðsemi og séu skilvirkari í rekstri.

„Framkvæmd við einkavæðingu íslensku bankanna mistókst. Ríkisbankarnir voru litlir og kostnaður var mjög hár. Í stað þess að fara í niðurskurð og hagræða í rekstri eftir einkavæðinguna ákváðu bankarnir heldur að fara í útrás," segir Snorri, sem bendir á að menn hafi ekki horft nógu mikið á grunnrekstur bankanna.

Í ritgerðinni kemur fram að við fyrstu sýn hafi íslenska bankakerfið virst standa traustum fótum. Arðsemi var há, hlutabréfaverð hátt og lánshæfismat sterkt. Hins vegar þurfti ekki að kafa djúpt í reikninga þeirra til þess að sjá að grunnreksturinn var mjög veikur.

„Að fara í niðurskurð er alltaf óvinsælt og hræðsla bankanna við að missa markaðshlutdeild sína gerði það að verkum að ekki var tekið til slíkra aðgerða," útskýrir Snorri.

Í staðinn fyrir hagræðingu voru óreglulegir liðir í rekstri bankanna, líkt og gengishagnaður, notaðir til að bæta upp slakan grunnrekstur.

EINKABANKARNIR EKKI ARÐSAMARI Landsbanki Íslands varð að fullu einkavæddur árið 2003, ásamt Búnaðarbanka Íslands.

„Lítill munur var á rekstri bankanna fyrir og eftir einkavæðingu. Hins vegar var bókhaldsleg arðsemi einkavæddu bankanna mun betri, sem gaf óraunverulega mynd af stöðu þeirra," segir Snorri.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar voru íslenskir bankar litlar og óhagkvæmar einingar. Eigendur höfðu því um tvennt að velja, pólitískt óvinsælan niðurskurð eða útrás. lovisa@frettabladid.is

„Að fara í niðurskurð er alltaf óvinsælt og hræðsla bankanna við að missa markaðshlutdeild sína gerði það að verkum að ekki var tekið til slíkra aðgerða.

Snorri Jakobsson hagfræðingur

ARÐSEMI ÍSLENSKA BANKAKERFISINS



Heimild: Snorri Jakobsson

Grunnrekstur var betri fyrir einkavæðingu

Myndin sýnir að grunnrekstur íslensku bankanna fór versnandi eftir að ríkisbankarnir Landsbanki Íslands og Búnaðarbanki Íslands voru að fullu komnir í eigu einkaaðila í lok árs 2003.

Grunnrekstur var hvað verstur á árunum 2006 til 2007, rétt fyrir hrun, en á sama tíma var bókhaldslegur hagnaður hvað mestur.

Óreglulegir liðir, líkt og gengisviðskipti, voru notaðir til að bæta upp slakan grunnrekstur.

Landsvirkjun

Áttu leið um Fljótsdal?

Ef þú átt leið um Fljótsdal í sumar er upplagt að koma við í gestastofunni í Végarði og kynnast Fljótsdalsstöð, stærstu vatnsaflsstöð landsins. Þar er heitt á könnunni alla daga í sumar og boðið upp á leiðsögn við Kárahnjúkastíflu og Hálslón, vatnsmesta lón landsins.

Gestastofur Landsvirkjunar eru opnar 10–17 alla daga í allt sumar:

Búrfellsstöð
Gagnvirk orkusýning og vindmyllur á Hafinu

Kröflustöð
Jarðvarmasýning í gestastofu

Fljótsdalsstöð
Gestastofa í Végarði og leiðsögn um Kárahnjúkamið. og lau. 14–17. *Nánari upplýsingar á www.landsvirkjun.is/heimsoknir*

JÓNSSON & LE'MACKS • ÍLIS • SÍA

SKIPAUMFERÐIN EYKST ÁR FRÁ ÁRI

Aldrei hafa fleiri skip fengið heimild til að sigla norður fyrir Rússland um Norður-Íshafið. Hlýnun jarðar veldur því að hafís er síður til trafala.



Source: Wire Agencies © GRAPHIC NEWS

Skipaferðir fjórfaldast

Meira en 200 skip hafa fengið leyfi til að sigla norður fyrir Rússland í ár. Siglingum þessa leið hefur fjölgað hratt síðustu árin eftir því sem dregið hefur úr hafís.

SIGLINGAR Aldrei hafa fleiri skip fengið leyfi til að sigla yfir Norður-Íshafið, norður með strönd Rússlands milli Atlantshafs og Kyrrahafs.

Þetta árið má búast við að meira en 200 skipum verði siglt þessa leið, meira en fjórum sinnum fleiri en sigldu hana á síðasta ári. Og fimmtíu sinnum fleiri en fyrir tveimur árum.

Reiknað er með því að skipaferðum muni halda áfram að fjölga eftir því sem hafísinn víkur meir á sumrin. Ekki er þó talið að þessi siglingaleið geti hentað til vöruflutninga í stórum stíl næstu árin, því enn um sinn verður suðurleiðin um Súesskurðinn mun hagkvæmari. Þá leið sigla um 30 þúsund skip á hverju ári.

Norðurskautsleiðin getur því sparað tíu til fimmtán daga siglingu og eldsneyti upp á hundruð tonna þegar siglt er frá Noregi til Kína.

Hér er miðað við norðausturleiðina svonefndu, sem liggur norðan við Rússland, en á næstu áratugum má búast við að norðvesturleiðin opnist líka, en hún liggur norður fyrir Kanada.

gudsteinn@frettabladid.is

FLUTNINGA-SKIP Munað getur 10 til 15 dögum í siglingu sé farið norður fyrir Rússland frekar en suðurleiðina.

NORDICPHOTOS/AFP

NÝTT FRÁ PHILIPS

NÚ ER EINNIG HÆGT AÐ SKERA KARTÖFLUR NIÐUR Í FRANSKAR

- Viva Collection SalatMaker
- Öflugur 200 W Mótor
- 6 mismunandi stálhnífar
- XL stór matari
- Litur: Hvítur / Rauður

Philips HR1388
VERÐ 14.995
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



Orkuforðinn okkar

Vatnsaflsstöðvar nota fallþunga vatns til að knýja hverfla sem vinna rafmagn. Úrkomu og leysingavatni af jöklum landsins er safnað í uppistöðulón, sem flest eru á hálendinu. Vatnsforðinn nær hámarki síðsumars og gerir kleift að vinna raforku jafnt og þétt allt árið.

*Vatnsmagn í miðlunarlónum er mælt í gígalítrum (milljörðum lítra).



Fyrirhyggjuleysi gagnvart ferðamannastraum:

Vertíðarbrjálæði virkar illa

Aldrei hafa fleiri ferðamenn heimsótt Ísland en í ár. Ef fer sem horfir nær ferðamannafjöldinn milljón á næstu tveimur árum. Þetta liggur fyrir og hefur margoft komið fram. Sem gerir augljóst fyrirhyggjuleysi sem einkennir viðbrögð okkar við þessum mikla ferðamannastraumi þeim mun grátlegra. Í stað þess að undirbúa og gaumgæfa hvernig við ætlum að taka á móti þessum mikla fjölda, og vinna þá markvisst út frá því, einkennast viðbrögðin miklu fremur af eins konar gullæði. Allir ætla sér að græða á túrismanum meðan náttúruperlur verða fyrir átroðningi.

Sé litið til bráðavanda þá vita björgunarsveitir ekki hvernig þær eiga að mæta öllum þessum fjölda og vegir úti á landi ráða tæpast við aukna umferð. Reglulega má lesa sögur í fjölmiðlum um ferðafólk sem í sakleysi sínu villist upp á hálendi og á jafnvel ekki afturkvæmt. Björgunarsveitir horfa fram á fleiri útköll og hafa bjargað því sem bjargað verður. Fyrir horn. Því í raun er það fremur til marks um heppni en fyrirhyggjusemi að ekki hefur oftar farið verr á hálendinu. Dæmi um það geta verið takmarkaðar merkingar sem ekki taka mið af ferðamönnum sem ekki þekkja til veðra og vinda á Íslandi. Þannig eru mörg dæmi þess að íslenskt fjallafólk hafi hitt illa búið fólk við rætur jökla á bílaleigubílum en saklaust hefur það álpast á þær slóðir vegna lélegra merkinga og er í raun í stórhættu.

Mikael Torfason
mikael@frettabladid.is

Í reynd ríkir ófremdarástand og fáar vísbendingar eru um að við ætlum að bregðast við þeirri stöðu sem allir gera sér þó grein fyrir að er uppi. Vitaskuld er ekkert að því að landsmenn vilji njóta góðs af þessari atvinnugrein sem kölluð hefur verið hin nýja stóriðja. Hagsmunir okkar eru miklir en talið er að ferðamannaiðnaðurinn velti hundruðum milljarða króna. En, hættir veiðimannasamfélagsins – uppgrip og vertíðarbrjálæði – eiga illa við þegar þessi grein er annars vegar. Stærsta hættan snýr að náttúrunni sjálfri. Með því að vernda ekki náttúruna fyrir átroðningi, sem er það sem helst dregur ferðamenn til landsins, liggur fyrir að verið er að slátra gullhænunni í þessum efnum. Þá verður þetta skammvinnt ævintýri. Verra er þó ef óafturkræfar skemmdir á náttúrunni verða. Flest bendir til að sú hætta sé raunveruleg.

Segja verður þessa sögu alveg eins og hún er: Eftirá viðbrögð eru nokkuð sem einkennir okkur Íslendinga. Ekki síst ef litið er til lagasetninga. Við viljum helst byrgja brunninn eftir að barnið er dottið ofan í hann. Þó það sé sameiginleg ábyrgð landsmanna að vernda landið, standa vörð um það og helst skila því betra til komandi kynslóða, þá verður að horfa til hins opinbera varðandi ábyrgð í þessum efnum. Alþingi hefur þegar sett 500 milljónir í uppbyggingu á fjölförnum ferðamannastöðum. Þeir sem til þekkja segja það einungis plástur, brot af því sem þarf til að bregðast við aukinni umferð. Taka verður undir ákall náttúruverndarsinna þess efnis að fé til að verja landið verði aukið og að aðkallandi aðgerðir í þeim efnum verði markvissar og skilvirkar.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gunnlaugur gagnrýnir Boga

Óþol framsóknarmanna gagnvart fréttastofu RÚV magnast með hverjum deginum sem líður. Forsætisráðherrann sjálfur, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, skrifaði grein í Morgunblaðið ekki alls fyrir löngu þar sem hann gagnrýndi RÚV harkalega fyrir hlutdrægan fréttaflutning og sams konar hljóð hafa heyrst úr öðrum hornum flokksins. Í gær tók Gunnlaugur Sigmundsson, faðir forsætisráðherrans, svo undir með syni sínum með grein á sama vettvangi. Drjúgur hluti greinarinnar fer í að álasa Boga Ágústssyni, af öllum mönnum, fyrir að hafa sagt upp áskriftinni að, jú, Morgunblaðinu.

Sjálfsprottinn

Svo er það Frosta þáttur Sigurjónssonar, formanns efnahags- og viðskiptanefndar. Í DV í gær var upplýst að Frosti hefði, árið 2009, stofnað Facebook-hópinn „Eftirlit með hlutleysi RÚV“ og að hann væri þar jafnframt stjórnandi. Magnús R. Einarsson greinir frá því í athugasemd að hóp þennan hafi reyndar borið á góma í Vikulokunum á RÚV um síðustu helgi, þar sem Frosti hafi verið gestur, en minna hafi hins vegar farið fyrir aðkomu Frosta sjálfs að honum. „Núna held ég að sé á FB einhver svona sjálfsprottinn hópur með fjögur hundruð meðlimum sem að á hverjum degi pósta svona tveim þrem kvörtunum. Það hefur aldrei komið neitt svar frá RÚV þarna inn eða neitt,“ sagði Frosti. Og lét þar við sitja.

Ofsoðið egg

Líkingu gærdagsins átti Jón Pétur Jónsson, formaður Golfklúbbs Reykjavíkur, sem í viðtali við íþróttablað Morgunblaðsins ræddi um þá hugmynd, sem er greinilega eldfim, að halda Íslandsmótið í golfi utan höfuðborgarsvæðisins sjötta hvert ár. Jón Pétur telur að menn í golfheimum veigri sér hreinlega við allri umræðu um hugmyndina. „Menn hafa labbað í kringum þessa hugmynd eins og ofsoðið egg,“ útskýrði hann. Fréttablaðið lýsir eftir þeim sem kann skil á þessu myndmáli.

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur P. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

Já, til hvers?

HVALVEIÐAR

Sigursteinn Másson
talsmaður Alþjóðadýraverndunarsjóðsins á Íslandi

Sú ranghugmynd að iðnaðarveiðar á hval séu hluti arfleiðar og sögu þjóðarinnar hefur með áróðri stjórnvalda orðið að fullvissu margra þótt ekki eigi við nokkur rök að styðjast.

Þegar hvalveiðar við Ísland voru bannaðar með öllu í fimmtán ár árið 1913 varð Ísland eitt fyrst ríkja heims til að taka slíka ákvörðun. Iðnaðarveiðar íslenskra aðila hófust ekki fyrr en 1948 með tilkomu Hvals hf. Það er því afar hæpið að halda því fram að veiðarnar séu söguleg hefð þrátt fyrir nokkrar misheppnaðar tilraunir bænda á Vestfjörðum til iðnaðarveiða upp úr aldamótunum 1900. Eitt fyrirtæki, faðir og sonur, skapar vart þjóðarhefð.

Meira virði lifandi en dauður

En af hverju ekki að nýta hvalina eins og önnur dýr? Skoðum það í samhengi. Um 250.000 varppör æðarfugls eru í landinu, langstærsti andastofn landsins, og því í veiðanlegu magni. Litlar sveiflur hafa verið á stofnstærð og haustveiðar kæmu sennilega ekki niður á dúntekju en þótt fuglinn sé veiddur í Skandinavíu má ekki á það það heyra minnst á Íslandi. Það er vegna þess að hann er af flestum talinn meira virði lifandi en dauður en líka vegna tilfinningasjónarmiða. Eða er það annað en tilfinningar sem aftrar Íslendingum frá því að skjóta heiðlóu, spóa og skógarþresti? Og hvað er þá rangt við það að fólk um allan heim hafi tilfinningar gagnvart stærstu spendýrum jarðar? Þar fyrir utan er hvalaskoðun arðbær atvinnugrein sem skilar Íslandi umtalsverðum tekjum á meðan stórfellt tap er á hvalveiðum. Hvalurinn er því fyrir víst mun meira virði lifandi en dauður.

➜ Er það annað en tilfinningar sem aftrar Íslendingum frá því að skjóta heiðlóu, spóa og skógarþresti?

Nú er svo komið að engin leið virðist fyrir Kristján Loftsson að flytja langreyðakjötið sjóleiðina til Japan þar sem eini markaðurinn er fyrir það. Það er ekki aðeins vegna þess að hvalkjötið var að hluta ranglega skráð sem fiskur í síðustu sendingu til Rotterdam og Hamborgar heldur vegna þess að engin höfn, hvorki í Evrópu né í Bandaríkjunum, hefur áhuga á að umskipa því og skipafélög vilja ekki flytja það. Hve lengi ætla menn að berja höfðinu við steininn í anda Bjarts í Sumarhúsum? Já, til hvers hvalveiðar?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
VÍSIR: Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Um „fækkun ríkisstarfsmanna“

STJÓRNSÝSLA

Ómar H. Kristmundsson
prófessor í opinberri stjórnsýslu

Í tengslum við umræðu um fjárhagsstöðu ríkissjóðs hefur að undanförnu verið fjallað um þann valkost að fækka ríkisstarfsmönnum. Í þá umræðu hefur vantað mikilvægar staðreyndir.

Um þessar mundir eru starfsmenn ríkisins um 22 þúsund en stöðugildi eða ársverk eru nokkuð færri. Um 12% þeirra sem starfa á íslenska vinnumarkaðnum eru ríkisstarfsmenn. Skv. könnun frá 2006 störfuðu 38% allra ríkisstarfsmanna á heilbrigðisstofnunum, 21% í framhalds- og háskólum og tæplega 10% störfuðu hjá stofnunum félags- og lýðheilsumála. Hjá þessum flokkum stofnana starfa því tveir þriðju hlutar allra ríkisstarfsmanna. Til viðbótar bætast síðan hefðbundin kjarnastörf svo sem í löggæslu, æðstu stjórnsýslu, skatta- og tollheimtu og skipulags- og samgöngumálum.

Meira en helmingur ríkisstarfsmanna er með háskólamenntun og um þriðjungur með starfseða framhaldsmenntun. Margt af sérhæfðasta starfsfólki landsins starfar hjá íslenska ríkinu. Taka má undir staðhæfingar á Starfatorgi ríkisins, þar sem auglýst eru til umsóknar laus störf, að ríkið sé stærsti þekkingarvinnustaður á Íslandi sem bjóði upp á fjölbreytt og krefjandi störf.

Meðalaldur íslenskra ríkisstarfsmanna fer hins vegar hækkandi og um þessar mundir er hann næst hæstur OECD-ríkja (Government at a Glance 2011). Meðaltekjur eru almennt lægri en á almennum vinnumarkaði (sjá t.d. launarannsóknir Hagstofu Íslands og launakannanir stéttarfélaga) og tilteknar starfsstéttir eru með talsvert lægri meðallaun en í öðrum ríkjum OECD (Government at Glance 2011). Meðal starfsstétta með alþjóðlega viðurkennda menntun og starfsreynslu getur þetta leitt til atgervisflótta sem stjórnvöld ættu að hafa áhyggjur af. Neikvæð umræða um störf innan ríkisins er ekki til þess að hvetja ungt fólk til að velja sér þennan framtíðarstarfsvettvang.

Eru ríkisstarfsmenn of margir?

Af nýlegri umræðu má ráða að uppi séu skoðanir um að ríkisstarfsmenn séu of margir, og hægt væri að ná fram sparnaði með því að skera af óþarfa „fitulag“ með því að fækka ríkisstarfsmönnum. Erfitt er að finna vísbendingar sem styðja þessa staðhæfingu. Algengast er efni um hið gagnstæða, þ.e.a.s. að ríkisstarfsmenn séu of fáir. Nokkur nýleg dæmi:

1. „Lögreglumenn landsins allt of fáir. Til að tryggja brýnustu þjónustu lögreglunnar á landinu þarf að fjölga lögreglumönnum um 236 eða um tæp 40 prósent.“ (visir.is 27. júní 2013)

2. „55 læknanemar með tímabundið lækningaleyfi starfa á Landspítalanum í sumar. Langvinn mannekla er hluti ástæðunnar, segir formaður læknaráðs spítalans.“ (RÚV 20. júlí 2013)

„Ekkert krabbameinseftirlit á sumrin. Þeir sem eru í reglubundnu eftirliti vegna krabbameins fengu í vor bréf frá göngudeild blóð- og krabbameinslækninga Landspítalans þar sem kemur fram að vegna manneklu og sumarleyfa verði eftirlitstímum frestað fram á haust.“ (ruv.is 19. júlí 2013)

3. „Ekki jafn fáir starfsmenn síðan 2005. Starfsmönnum háskóla fækkaði um 140 á milli nóvember 2010 og nóvember 2011 … og hafa ekki verið færri síðan skólaárið 2005-2006.“ (mbl.is 13. júní 2013)

„Skortur á menntuðu starfsfólki. Háskólarnir eru komnir að þolmörkum vegna aukins álags án þess að starfsfólki hafi fjölgað í samræmi.“ (RÚV 11. apríl 2013)

Það sem styður þessi dæmi um núverandi skort á ríkisstarfsmönnum eru kannanir á stjórnun og starfsumhverfi ríkisstarfsmanna sem gerðar voru 2006-7 og 2011-12 (sjá vef fjármálaráðuneytisins). Þar má finna skýrar vísbendingar um mikið og vaxandi vinnuálag innan ríkisstofnana.

Að byrja á réttum enda

Upplýsingar um stöðu ríkissjóðs eru áhyggjuefni. Eins og áður eru tvær meginleiðir til að glíma við gjaldahlið ríkissjóðs, að draga úr kostnaði við svokallaðar tekjutilfærslur, svo sem greiðslur almannatrygginga, atvinnuleysis- og vaxtabætur og greiðslur vegna búvörufram-leiðslu. Hins vegar að minnka rekstrarkostnað ríkisstofnana en þar er auðvitað launakostnaður stærsti liðurinn.

➜ Af nýlegri umræðu má ráða að uppi séu skoðanir um að ríkisstarfsmenn séu of margir, og hægt væri að ná fram sparnaði með því að skera af óþarfa „fitulag“ með því að fækka ríkisstarfsmönnum. Erfitt er að finna vísbendingar sem styðja þessa staðhæfingu.

Skv. ríkisreikningi 2012 er launakostnaður samtals 25% af heildarkostnaði ríkissjóðs. Þetta er hins vegar óumflýjanlegur kostnaður. Þegar hafa hin lögbundnu verkefni ríkisins verið rekin með árlegri „sparnaðarkröfu“ og víða er búið „að skera inn að beini“. Nú þegar virðast áhrif þessa niðurskurðar svo sem á heilbrigðisþjónustu augljós.

Hætta er á að í umræðu um sparnað og hagkvæmni falli í skuggann lögbundinn tilgangur ríkisstofnana. Í þessu samhengi má minna á söguna í bresku þáttunum „Já, ráðherra“ þar sem rekinn var nýr spítali sem hafði á að skipa stórum hópi stjórnenda og skrifstofufólks en enga lækna, ekkert hjúkrunarfólk og enga sjúklinga. Rekstur spítalans var til fyrirmyndar og hafði m.a. fengið viðurkenningu fyrir hreinlæti! Rekstur hans hefur líklega verið vel innan fjárlaga!

Til að ræða hvernig eigi að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins er nauðsynlegt að byrja á réttum enda. Að ræða fækkun ríkisstarfsmanna án samhengis við þau lögbundnu verkefni sem þeir sinna er ekki skynsamlegt. Skoðun á þessum verkefnum er því fyrsta skrefið í aðgerðum til að ná fram sparnaði innan ríkisins. Í því getur falist sú niðurstaða að ríkið dragi sig út úr tilteknum verkefnum eða minnki verulega umsvif þeirra. Slíkar aðgerðir geta þannig leitt óbeint til fækkunar ríkisstarfsmanna. Hvort samfélagleg sátt verði um slíkar aðgerðir er annað mál.

AF NETINU

Ríkisstyrkt fjölmiðlun

Það eru alveg ofboðslega skýr og góð rök fyrir því að rekstur fréttamiðla sé styrktur með almannafé, af því að eignarrétt yfir söluvöru þeirra skortir algjörlega og því er um eins hreinræktuð almannagæði að ræða og kennslubækur geta fundið upp á. Besta styrkjakerfið sem mér hefur dottið í hug er að niðurgreiða laun blaðamanna að uppfylltum ákveðnum almennum skilyrðum, og þannig verði flóran auðguð með því að renna styrkari stoðum undir miðla á borð við Kjarnann og alla hina sem myndu spretta upp í samkeppni við gömlu stofnanirnar um leið og rekstur þeirra yrði lífvænlegri.

Ég á enn eftir að heyra sérstaklega góð rök fyrir því að hagkvæmt og fjölbreytt fjölmiðlaumhverfi verði best tryggt með rekstri ríkisfjölmiðils (þótt það sé klárlega betra en að gera ekkert) - enda hafa lönd á borð við Lúxemborg útvistað allri „almannaþjónustu“ til einkafjölmiðla með sérstökum þjónustusamningum, sem ég held að geti vel náð fram megintilgangi ríkisfjölmiðla með minni tilkostnaði. Það kæmi mér ekki á óvart þótt fleiri Evrópulönd haldi áfram á sömu braut.

Innlenda dagskrárgerð væri t.d. vel hægt að greiða úr samkeppnissjóðum (að enn meira leyti en gert er í dag) þótt rökin fyrir því séu ekki nærri því jafnaugljós og þegar um almannagæði á borð við fréttir er að ræða [...]

facebook.com/hafsteinn.gunnar

Hafsteinn Gunnar Hauksson

Ray Ban dagar í Optical Studio
til 4. ágúst

Sólin er komin og þessi flottu Ray Ban
20% afsláttur

Optical Studio
SMÁRALIND • KEFLAVÍK

ray-ban.com

Ray-Ban
GENUINE SINCE 1937

Hver borgar kampavínið? Nafnlaust þykkildi

TJÁNINGAR-FRELSI

Herdís Þorgeirsdóttir
doktor í lögfræði og lögmaður á lögmannsstofunni Vík

Tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs eru vernduð í íslensku stjórnarskránni – og það er mannorð líka. Á tímum öflugrar netnotkunar og samfélagsmiðla, samþjöppunar fjölmiðla- og fjármálavalds, má einstaklingurinn sín lítils þegar rætin ummæli fara á flug og neðanbeltisáróður grasserar svo úr verður strategískt einelti sem oft er erfitt að rekja til upprunans.

Lengi hef ég varið frelsi fjölmiðla til næstum óheftrar tjáningar í þágu almannahagsmuna, á grundvelli fræðilegra rannsókna á dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu og túlkun hæstaréttar Bandaríkjanna á tjáningarfrelsisákvæði bandarísku stjórnarskrárinnar sýndi ég fram á hina ósýnilegu tálmun á tjáningarfrelsi fjölmiðla, sem fólgin var í íhlutun fjármálaafla sem stjórnvöld voru þegar heitbundin, og leiddi til sjálfs-ritskoðunar innan fjölmiðlanna og þöggunar í samfélaginu.

Stórfyrirtæki á heimsmælikvarða eru orðin öflugri en mörg þjóðríki. Það er að berja hausnum við stein að neita að horfast í augu við þessa staðreynd og trúa því í raun að stjórnmálamaður, sem segist t.d. vilja tryggja jafnan aðgang allra að internetinu, megi sín einhvers ef risarnir á fjarskiptamarkaðinum ætla sér annað – spyrjið Barack Obama út í kosningaloforð hans um þessi efni eða Neelie Kroes í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem hefur yfirumsjón með netvæðingu. Hún svarar kröfunni um jafnan og opinn aðgang allra að internetinu („net-neutrality“) og efndir þar að lútandi með þessum orðum „þeir sem borga fyrir kampavíns-löns fá kampavín“ – á kostnað lýðræðisins. Þeir sem hafa efni á greiðari aðgangi að netinu fá greiðari aðgang.

Ólgan kraumar

Lögspekingurinn Ronald Dworkin gagnrýndi hæstarétt Bandaríkjanna fyrir að dæma lög andstæð stjórnarskrá sem bönnuðu stórfyrirtækjum að nota fé í fjölmiðlum til að hampa eða ráðast gegn ákveðnum frambjóðendum. Hvergi er vígstaðan ójafnari í hinu lýðræðislega ferli en þegar fjármagnsöfl, nafnlaus þykkildi, beita sér gegn einstaklingum. Fjölmiðlarnir sem eiga að vera varðhundar almennings sæta ámæli um að vera í gagnstæðu hlutverki, að verja sérhagsmuni. Fjölmiðlarnir eru valdhafar í sjálfu sér. Austurríkskur þingmaður og umhverfissinni, sem ásakaði stórblað um að ástunda nasista-fjölmiðlun vegna aðdróttana í blaðinu um að hann væri með alnæmi fékk á sig lögbann. Mannréttindadómstóll Evrópu taldi – illu heilli – ummæli hans um nasista-fjölmiðlun fela í sér slíka brennimerkingu að þótt lögbann væri íhlutun í tjáningarfrelsið hefðu stjórnvöld ekki brotið gegn Mannréttindasáttmálanum.

Víða um heim kraumar ólgan andspænis ísmeygilegum myndbirtingum hins raunverulega valds þar sem einstaklingurinn má sín lítils. Mál stórfyrirtækisins McDonalds gegn tveimur fátækum andófsmönnum vegna óvæginnar gagnrýni á fyrirtækið er viðamesta ærumeiðingarmál í breskri sögu og varpar ljósi á valdaafstæður í nútímasamfélögum. Mannréttindadómstóll Evrópu taldi, í því tilfelli, að ójöfn vígstaða annars vegar stórfyrirtækis á heimsmælikvarða og hins vegar tveggja fátækra einstaklinga, sem höfðu verið dæmdir til að greiða háar miskabætur, væri í sjálfu sér brot á tjáningarfrelsisákvæði Mannréttindasáttmálans.

Valdið til að valta yfir aðra

Tjáningarfrelsið nýtur verndar sem hornsteinn annarra réttinda og lífæð lýðræðislegs samfélags. Að mörgu ber að huga þegar tekist er á um hvar mörkin liggja milli tjáningarfrelsis og annarra réttinda, svo sem trúfrelsis, friðhelgi einkalífs eða æru.

Í nýlegu dæmi þar sem forsvarsmaður múslima á Íslandi fór niðrandi orðum um samkynhneigða má benda á þá ábyrgð sem forsvarsmenn trúfélaga bera samkvæmt lögum. Einnig má benda á það að ef stjórnvöld styðja við viðkomandi trúfélög með skattfé þá er, þó ekki sé nema bara fyrir þær sakir, hæpið að líða það að þau hin sömu vegi að réttindum og mannhelgi stórs hóps (skatt)borgara í skjóli tjáningar- og trúfrelsis. Auk þess sem ummælin kunna að varða við almenn hegningarlög stríðir afstaða forsvarsmannsins gegn grundvallarreglu íslenskrar stjórnskipunar um bann við mismunum.

➜ Hvert er tjón kampavínsstaða vegna yfirlýsinga borgarfulltrúans, þar sem starfsemin ku m.a. felast í því kona er í einrúmi með karlmanni fyrir gjald, og hvað er í húfi?

Annað dæmi eru ummæli borgarfulltrúa um vændi og mansal á svokölluðum kampavínsstöðum. Mansal, sem einnig tekur til kynlífsþrælkunar og nauðungarvinnu, er glæpur af slíkri stærðargráðu að stjórnvöldum ber að sporna gegn því með vitundarvakningu. Hvert er tjón kampavínsstaða vegna yfirlýsinga borgarfulltrúans, þar sem starfsemin ku m.a. felast í því kona er í einrúmi með karlmanni fyrir gjald, og hvað er í húfi?

Þriðja dæmið lýtur að ummælum konu sem sækist eftir að verða borgarstjóraefni Sjálfstæðisflokks í Reykjavík. Hún kveðst enn miður sín yfir því að hafa tekið þátt í því að misnota pólitísk völd og gera veikan mann að borgarstjóra í ársbyrjun 2008, en hann er löngu horfinn af vettvangi stjórnamálanna. Ef samviskan nagar hana vegna Reykvíkinga, af hverju varði hún þá ekki við fyrir fimm árum? Ef skömmin er vegna mannsins sem hún nafngreinir og lýsir yfir að hafi verið veikur – hví heggur hún þá í sama knérunn? Aðdróttun um að vera ekki andlega heilbrigður og misnotaður rænir mann reisn og því fylgir brennimerking.

Þegar mörk tjáningarfrelsis eru skoðuð ber að líta á vígstöðuna – valdið til að valta yfir aðra.

Vegna viðtals um kampavínsklúbba

FJÖLMIÐLAR

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir
verkefnastýra í Kristínarhúsi

Þann 19. júlí sl. var birt á forsíðu Fréttablaðsins frétt undir fyrirsögninni „Bera mörg merki mansals“ þar sem m.a. er vitnað í orð mín. Því miður er viðtalið eins og það birtist ónákvæmt og beinar tilvitnanir í mig ekki réttar. Það sem mér og blaðakonu fór á milli er rakið hér.

Þann 18. júlí sl. hringdi blaðakona Fréttablaðsins í mig til að kanna hvort ég hefði séð nýlega umfjöllun blaðsins um starfsemi svokallaðra kampavínsklúbba í Reykjavík og spurði hvað ég hefði um þessa umfjöllun að segja út frá starfi mínu í Kristínarhúsi. Umfjöllunina hafði ég séð og svaraði því til að kampavínsklúbbarnir hefðu ekki komið til umræðu í Kristínarhúsi og ég vissi því ekkert meira um þá en það sem ég hafði lesið á vef Vísis. Innt eftir viðbrögðum við umfjölluninni sagði ég að fyrst og fremst þætti mér að blaðið ætti að hafa samband við lögreglu, sem eftirlitsaðila með starfseminni, og óska eftir viðbrögðum hennar.

Vegna starfa minna þekki ég vel til þekktra einkenna mansals og vændis og ýmissa vísbendinga sem geta bent til þess að slíkt eigi sér stað. Ég sagði blaðakonu almennt frá einkennum vændis og mansals og benti á ákveðnar hliðstæður sem hægt var að sjá með lýsingu Fréttablaðsins á starfsemi hinna svonefndu kampavínsklúbba og þekktra vísbendinga um vændi og mansal.

Fullyrti ekki um vændi eða mansal

Þar ber fyrst að nefna að skv. umfjöllun blaðsins væri hægt að fara afsíðis með konu í tíu mínútur fyrir 20.000 krónur. Ég benti á að það væri vel þekkt gangverð fyrir vændi á Íslandi í dag. Þá hjó ég eftir því í umfjölluninni að starfskonur að minnsta kosti annars klúbbsins væru flestar erlendar og hefðu aðeins verið í mjög stuttan tíma á Íslandi. Ég benti á að það væru þekkt einkenni mansals að staða kvenna sem standa höllum fæti væri misnotuð og að konur sem seldar væru mansali væru oft á eilífu flakki milli landa.

➜ Ég þekki ekki persónulega til starfsemi kampavínsklúbbanna og gat því ekki fullyrt um hvers kyns starfsemi fer þar fram.

Í umfjöllun Fréttablaðsins hafði auk þess komið fram að konurnar virtust lúta stjórn einnar konu inni á staðnum og byggju allar á sama stað utan vinnu. Aftur benti ég á að þekkt vísbending um mansal er skertur yfirráðaréttur yfir eigin lífi, m.a. búsetu, auk þess sem konur geta stýrt mansali og gert út aðrar konur líkt og karlar. Í lok viðtals ítrekaði ég mikilvægi þess að kalla eftir viðbrögðum lögreglu. Ég fullyrti hins vegar ekki í viðtalinu að á umræddum stöðum væri stundað vændi og/eða mansal.

Þau einkenni mansals og vændis sem ég tiltók eru öll vel þekkt og í samræmi við alþjóðlegar skilgreiningar og gátlista um mansal. Ég þekki ekki persónulega til starfsemi kampavínsklúbbanna og gat því ekki fullyrt um hvers kyns starfsemi fer þar fram. Því byggðust svör mín einvörðungu á því að bera saman þekktar vísbendingar um mansal við lýsingar blaðamanns á starfseminni án þess að draga ályktanir af því.

Alþingisambögur

LJÓÐAGERÐ

Kristján Hreinsson
skáld

Nýverið birtust hér í blaðinu 17 erindi af því sem höfundur, Sif Sigmarsdóttir, kallar Alþingislimrur. En reyndar er hér á ferð hið versta hnoð sem ég hef séð á prenti. Kannski leyfist höfundi að kalla þetta limrur í lokuðum hóp fólks sem ekkert veit um kveðskap, bragarhætti og annað þviumlíkt. En að leyfa sér að birta á prenti slíkt rusl, undir heiti hins fagra limruforms, er náttúrlega höfundi til ævarandi skammar. Það er einfaldlega ekki öllum gefið að setja saman brag og það hefur Sif Sigmarsdóttir sannað með óyggjandi hætti. Það er einnig til háborinnar skammar að Fréttablaðið skuli leyfa sér þann glæp að ráðast að helgum véum limrunnar með því að birta umrætt hnoð.

Galdur í einfaldleikanum

Limra er vísa í fimm línum og er formið þannig að fyrstu tvær línurnar og sú fimmta ríma með endarími, og svo ríma lína þrjú og fjögur. Oftast er um valstakt að ræða, þ.e. þrískiptur taktur er ríkjandi, þótt finna megi ótrúlegustu afbrigði sem ekkert eiga skylt við þrískiptan takt. Í því sem e.t.v. má kalla fyrirmyndarlimru eru línur eitt, tvö og fimm þannig byggðar að fyrst kemur forliður, þá koma tveir þríliðir og svo tvíliður. En línur þrjú og fjögur eru aftur á móti þannig byggðar að fyrst kemur forliður, þá einn þríliður og svo stúfur (getur líka verið tvíliður eða jafnvel þríliður):

Ef ljóðskáldið limru vill yrkja
má líklega kímnina virkja
og víst er hún góð
hjá vísnanna þjóð
ef vináttuböndin skal styrkja.

Formið er í raun bæði einfalt og flókið, því þrátt fyrir einfalt yfirbragð býr skemmtilegur galdur í þessum einfaldleika. Og ef ég reyni að lýsa þessum galdri, þá er hann falinn í því að fyrst kemur lína sem kynnir það sem lýsa skal og þá kemur lína sem undirstrikar þá fyrstu eða lýsir viðfangsefninu nánar. Svo koma tvær stuttar línur sem eru tröppur upp í lokahnykkinn. Lokalínan setur svo punktinn aftan við frásögnina. Þetta gerir það að verkum að formið sjálft verður epískt; frásögn leynist í forminu sjálfu. Þessi galdur verður sýnilegur og jafnvel afar áberandi þegar réttum brögðum er beitt.

Íslensk hefð hefur svo bætt við limruna stuðlasetningu sem í dag þykir nauðsynlegt að skarta ef limra á að teljast boðleg. Stuðlasetningin er þá byggð á þeim reglum og þeim hefðum sem prýða íslenska bragfræði.

➜ Ekki sé ég ástæðu til að draga fram sögu limrunnar eða styðja mál mitt ítarlegri rökum þegar ég legg á það áherslu að Sif Sigmarsdóttir ætti að leita til sérfræðinga áður en hún gerir aðra atlögu að bragfræðinni.

Ekki sé ég ástæðu til að draga fram sögu limrunnar eða styðja mál mitt ítarlegri rökum þegar ég legg á það áherslu að Sif Sigmarsdóttir ætti að leita til sérfræðinga áður en hún gerir aðra atlögu að bragfræðinni. Limran er yndislegt bragform og jafnvel þótt einstaka ambögur geti verið fyndnar, þá er algjör óþarfi að safna þeim öllum saman og setja á prent. Sif ætti sem fyrst að biðja alla velunnara kveðskapar afsökunar á framferðinu. Hún sýnir okkur að vísu að hún hefur kjark til að núllstilla íslenska limrugerð með atlögu sinni. En hér verður henni ekki hrósað fyrir þá döngun.

Ég get ekki annað sagt en að hortittasafn Sifjar Sigmarsdóttur hljóti að flokkast sem það versta sem ég hef lesið – hef ég þó lesið margt á langri ævi.

Sóknarprestur er sammála Siðmennt

TRÚMÁL

Sigurður Hólm Gunnarsson
stjórnarmaður í Siðmennt

Sóknarpresturinn Gunnar Jóhannesson fjallar enn um trúfrelsisstefnu Siðmenntar í Fréttablaðinu 18. júlí síðastliðinn. Það sem vakti mest athygli mína við nýjustu grein Gunnars er að hann virðist algjörlega sammála grundvallarstefnu Siðmenntar sem hann er þó að gagnrýna:

„Ég tek sannarlega undir það að hinu opinbera skuli ekki stjórnað á tilteknum trúarlegum forsendum sem bindandi séu fyrir alla þegna, að því gefnu að með „trúarlegum forsendum“ sé ekki eingöngu átt við lífsskoðanir sem byggja á guðstrú heldur einnig þær sem grundvallast á guðleysi, enda eru þær í eðli sínu trúarlegar.“

Hér endurtekur Gunnar í raun það sem ég sagði í minni síðustu grein (Sóknarprestur misskilur hugtökin trúfrelsi og veraldlegt samfélag) þar sem ég lagði sérstaka áherslu á að í veraldlegu samfélagi fer hvorki fram boðun á trú né lífsskoðun í opinberu rými:

„Með veraldlegu samfélagi er reynt að tryggja að opinberar stofnanir séu ekki grundvallaðar á ákveðinni trú eða lífsskoðun. Í veraldlegu samfélagi fer ekki fram boðun á ákveðinni trú eða lífsskoðun á vegum hins opinbera eða í opinberu rými.“

Og:

„Í veraldlegu samfélagi eru opinberar stofnanir hlutlausar þegar kemur að lífsskoðunum. Þar hanga ekki uppi á vegg boðorðin tíu og ekki heldur stefnuskrá Siðmenntar. Þar starfa ekki einstaklingar sem hafa það hlutverk að kristna einstaklinga og ekki heldur guðleysingjar frá Siðmennt sem vinna við að sannfæra fólk um gildi trúleysis og húmanisma. Í opinberum skólum fer fram fræðsla um ýmislegt, þar á meðal um trúarbrögð og lífsskoðanir, en ekki boðun.“

➜ Trúleysi er ekki trú frekar en að safna ekki frímerkjum er áhugamál.

Litaður lesskilningur

Við Gunnar erum því alveg sammála. Það eina sem ég vil gagnrýna er þörf Gunnars á að stimpla veraldlega lífsskoðun Siðmenntar sem „trúarlega“. Trúleysi er ekki trú frekar en að safna ekki frímerkjum er áhugamál.

Satt best að segja veit ég ekki hvað Gunnar er ósáttur við í stefnu Siðmenntar. Hann segist geta lesið „út úr yfirlýsingu Siðmenntar“ eitthvað sem „gengur þvert á allar hugmyndir um frelsi manna til sannfæringar, skoðana, trúar og tjáningar“. Ég hef ekki hugmynd um hvað Gunnar er að vísa í hér og grunar mig helst að þessi lesskilningur hans sé litaður af fyrir fram skoðun hans á Siðmennt og stefnu félagsins.

Að lokum hvet ég sem flesta til að kynna sér stefnu Siðmenntar en hana er að finna á vefsíðu félagsins, sidmennt.is.

ÚTSALA

40%
AF SUMARVÖRU

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN

30%
FIRENZE SÓFI

30%
AF SUMAR-
HÚSGÖGNUM

40%
PÚÐAR, TEPPI,
RÚMTEPPI

20-50%
AF VÖLDUM
HÚSGÖGNUM

20%
SKARTGRIPAKASSI

20-50%
AF BÚSÁHÖLDUM

the PIER

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS *FERÐALAGIÐ* BYRJAR Í BÓNUS *FERÐ*

698 KR 24 stk

BÓNUS **24 ÍSPINNAR Í KASSA**

359 KR 8 stk

KJÖRÍS **8 HLUNKAR Í KASSA**
ANANAS OG APPELSÍNU BRAGÐ

Ómissandi hollusta í útileguna

298 KR 250ml

HREINN ÁVAXTA ORKUDRYKKUR

139 KR 3 stk

BÓNUS HREINN SAFI: APPELSÍNU OG EPLA 3 x 250 ml

579 KR. 3 x 200gr

198 KR. pk 3 stk

BLÁ BAND BOLLASÚPUR ÞRJÁR Í PAKKA *Varme Koppen*

198 KR. 170gr

198 KR 3 stk

KIT KAT *ÞRJÚ STYKKI Í PAKKA*

69 KR. 250ml

EUROSHOPPER **ORKUDRYKKUR 250 ML**

79 KR. 33oml

98 KR. 5 stk

BÓNUS **FLATKÖKUR 5 STK.**

BÓNUS SAMLOKUR

MÁNUDAGA - MIÐVIKUDAGA
FÖSTUDAGA

198 KR. STK

398 KR. pk

BÓNUS **KLEINUR 15 STK.**
25% MEIRA MAGN

198 KR. 4 stk

BÓNUS **MJÚKAR KRINGLUR 4 STK.**

498 KR.STK

BÓNUS **NÝBÖKUÐ VÍNARBRAUÐSLENGJA u.þ.b. 470gr**

198 KR. 1.5 ltr.

179 KR. 2 ltr.

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS *FERÐALAGIÐ* BYRJAR Í BÓNUS

Bónus ferskar
GRÍSA GRILL
KÓTILETTUR

1198 KR. KG

1498 KR. kg

ÍSLANDSLAMB
GRILL LAMBASIRLOIN

2298 KR. kg

ÍSLANDSLAMB 1.FL
GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR

498 KR. kg

ÍSLANDSLAMB
GRILL LAMBARIF

1898 KR. 450 gr

FROSIÐ ÞÝSKT- **NAUTA T-BONE**

1398 KR. 350 gr

FROSIN ÞÝSK- **NAUTA KÓTILETTA**

Fjórir ferskir 100% ungnautahamborgarar með brauði. Tvær stærðir

4 stk. 80 gramma **759 KR**
4 stk. 120 gramma **998 KR**

1698 KR. 10x120gr **300 KRÓNA VERÐLÆKKUN**

KJARNAFÆÐI **10 stk.FROSNIR**
120gr NAUTAHAMBORGARAR

298 KR STK

HEIMA **EINNOTA GRILL**

498 KR 75gr
498 KR 70gr

SANTA MARÍA KRYDDMYLLLUR
TELLICHERRY **PIPAR** EXTRA BOLD
KJÚKLINGUR & STEIK **BLANDAÐ KRYDD**

498 KR 500ml

Caj P orginal grillolían

1598 KR. kg

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA **FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM**

298 KR 3 rul.

NICKY **ELDHÚSPAPPÍR 3 RL**

398 KR 1 ltr.

FAIRY **UPPÞVOTTALÖGUR**

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

Umhyggja í umferðinni

UMFERÐ

Auður Hreiðarsdóttir
mastersnemi í arkitektúr

„Passaðu þig á bílunum, elskan.“ Þessi sakleysislega setning er merki um umhyggju í garð einhvers sem ætlar að hætta sér út í umferðarkerfi borgarinnar án þess að vera í bíl. Götur eru álitnar hættulegar öllum þeim sem ekki eru akandi og má segja að þær séu það í raun á meðan sá hugsunarháttur er ríkjandi. Gangandi og hjólandi vegfarendum er gert að passa sig á bílunum en ekki er eins mikið brýnt fyrir ökumönnum að vera á varðbergi. Ökumaður getur keyrt beint yfir á grænu ljósi án þess að hafa miklar áhyggjur af lífi sínu. Hjólreiðamaður getur því miður ekki leyft sér þann munað eins og staðan er í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu í dag.

Við virðumst oft gleyma að akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur eru sama fólkið. Mörg okkar nota hjól, bíl og aðra ferðamáta til skiptis. Ef það á ekki við er líklegt að við eigum systkini, börn, foreldra eða vini sem ferðast á annan hátt. Við erum öll í sama liði í umferðinni, ekki í keppni. Flest höfum við það að markmiði að komast á milli staða. Í umferðinni tilheyrum við ekki mismunandi hagsmunahópum eða andstæðum pólitískum öflum. Fólk leyfir sér að hallmæla „hinum“ ferðamátunum og er algengt að hjólreiðafólk og gangandi vegfarendur verði nokkuð illa úti í slíkum umræðum: Hjólreiðafólk fer óvarlega og birtist eins og þruma úr heiðskíru lofti. Gangandi vegfarendur gæta ekki varúðar er þeir fara yfir götu.

Meðvitundarlitlir ökumenn

Það er aldrei gangandi eða hjólandi vegfaranda að kenna sé keyrt á hann á gangbraut þar sem hann er í rétti. Það skiptir ekki máli hvort viðkomandi er á hraðferð, án endurskins, lengi að komast yfir götuna eða lágur í loftinu. „Þú varst á mikilli ferð, ég sá þig ekki,“ voru orð bílstjóra sem keyrði næstum á mig á gangbraut fyrir stuttu með þeim afleiðingum að ég lenti á kyrrstæðum bíl og kastaðist af hjólinu. Sem hjólandi vegfarandi í Reykjavík síðasta mánuðinn hef ég oft orðið vör við meðvitundarlitla ökumenn. Það er að mörgu að hyggja þegar verið er að stjórna ökutæki, en það er þó engin afsökun fyrir því að líta ekki í kringum sig eða fylgja ekki umferðarreglum. Vissulega er ekki hægt að varpa ábyrgðinni alfarið yfir á ökumenn því hver og einn ber ábyrgð á að stjórna sínu ökutæki, hvort sem það er hjól eða bíll.

Ferðavenjur eru að breytast á höfuðborgarsvæðinu. Sífellt fleiri fara sinna daglegu ferða á hjóli og unnið er að því að bæta aðstæður hjólareiðafólks. Þessi þróun er jákvæð fyrir umhverfið, samfélagið og mannlífið í borginni en ekki má gleyma því að hún er á byrjunarstigi. Hjólreiðafólk er að leita að réttu leiðinni í götóttu hjólakerfi og bílstjórar eru að venjast því að koma auga á fyrirferðarlitlu og hljóðlátu hjólin. Umferðarkerfið stendur enn ekki undir þessum breyttu ferðavenjum en unnið er markvisst að umbótum fyrir fjölbreyttari ferðamáta. Á meðan þær umbætur standa yfir verðum við öll að vera á varðbergi, þar er enginn einstaklingur undanskilinn. Kæra samferðafólk, við erum enn að venjast hvert öðru. Verum með meðvitund í umferðinni.

➜ Það er aldrei gangandi eða hjólandi vegfaranda að kenna sé keyrt á hann á gangbraut þar sem hann er í rétti.

Einkavæðing og íslensk framleiðsla leggst af

„Við teljum litlar líkur á að aftur verði byrjað að framleiða sement á Íslandi,“ segir stjórnarformaður Sementsverksmiðjunnar (SV).

Þetta virðist ætla að ganga eftir og áætlun Norcem, eins eigenda SV, um að leggja af verksmiðjuna, hefur verið í bígerð síðan þeir eignuðust 34% hlut í SV og 20% í Björgun, sem á aftur 34% í SV. Norcem varð þannig ráðandi aðili í SV og sem stærsti framleiðandi á sementi í Noregi ætlaði fyrirtækið sér aldrei að hasla sér völl í framleiðslu á sementi á Íslandi.

Að fenginni reynslu eftir langt starf hjá SV og sem trúnaðarmaður er ljóst að eigendur SV munu koma sér undan því að fjarlægja verksmiðjuna þegar hún er ekki í notkun lengur. Ég verð að treysta því sem eigendur segja og bið bæjarfulltrúa Akranes að gæta sín í viðræðum við þessi fyrirtæki.

Árið 2003 hallaði undan hjá SV svo að gjaldþrot blasti við og SV var einkavædd. Af fjórum kaupendum var BM Vallá með fjórðungshlut og Norcem með jafnstóran hlut. Kaupverðið átti að vera 67 milljónir. Í stjórn SV settust þá feðgarnir Víglundur Þorsteinsson og Þorsteinn Víglundsson og höfðu mikil áhrif þótt þeir ættu ekki nema 25%. Þeir gerðu samning um að þeirra fyrirtæki, Vallá, bæri ekki vexti af viðskiptaskuld við SV fyrstu fimm árin sem þeir væru í viðskiptum við SV.

ATVINNA

Guðjón Viðar Guðjónsson
rafvirki hjá Norðuráli, fv. trúnaðarmaður hjá Sementsverksmiðjunni

Spurning um lögbrot

Upp úr þessu kærði danskur innflytjandi sölu SV til ESA, eftirlitsstofnunar EFTA. Hann taldi að um ríkisstyrk væri að ræða. Skuld BM Vallá við SV mun hafa verið um 400 milljónir. Síðan virðist það ákvörðun stjórnenda SV, Víglundar, Þorsteins og endurskoðenda SV, að fela þessa skuld fyrir ESA og fjarlægja úr bókhaldi.

Árið 2007 var þessi skuld bakfærð aftur inn í bókhaldið. Spyrja má hvort ekki sé um lögbrot að ræða þegar skuldir eru látnar hverfa svona úr bókhaldi. Á næstu árum voru Þorsteinn, Víglundur og Norcem allsráðandi og höfðu ráðið til sín framkvæmdastjóra sem fylgdi þeim í einu og öllu.

Viðhald drabbaðist niður og verksmiðjan var blóðmjólkuð eins og mörg önnur fyrirtæki sem höfðu verið einkavædd. Tilefni er að rannsaka þessa einkavæðingu ásamt öðrum er voru gerðar á tímum Framsóknar og Sjálfstæðisflokks.

Þrátt fyrir metsölu á sementi fyrir hrun fór svo að eftir bankahrunið stóð SV ekki undir minnkandi sölu, skuldsetningu og samkeppni við niðurgreitt sement. Verksmiðjan varð því gjaldþrota 2009.

➜ Að fenginni reynslu eftir langt starf hjá Sementsverksmiðjunni og sem trúnaðarmaður er ljóst að eigendur [hennar] munu koma sér undan því að fjarlægja verksmiðjuna þegar hún er ekki í notkun lengur.

Eftir að Arion banki tók við rekstrinum má segja að dyr hafi opnast fyrir Norcem að taka yfir verksmiðjuna. Í október 2011 var síðasta sementið framleitt á Íslandi og innflutningur aukinn frá Noregi. Ekki er Norcem að hagnast á þessum innflutningi og betra að borga með innflutningi en að byrja framleiðslu á ný.

Eigendurnir hafa þann möguleika að skipta verksmiðjunni í tvö fyrirtæki; innflutning og framleiðslu. Þeir geta haldið innflutningsfyrirtækinu eftir og látið framleiðsluna í gjaldþrot en undir framleiðsluna falla stærstu byggingarnar á verksmiðjulóðinni.

Í íslensku sementi eru næstum öll hráefni innlend, flytja þurfti inn kol til brennslu framleiðslunnar. Það sorglega er að þessi hluti íslenskrar byggingarsögu er að hverfa og öllum virðist sama, enginn hugsar um gjaldeyrissparnaðinn af íslensku framleiðslunni.

Stássstofa okkar Reykvíkinga

Á umliðnum árum og áratugum hefur versluninni farið hnignandi í miðborginni og í staðinn sjáum við spretta upp sífellt fleiri öldurhús með öllum þeim sóðaskap og öllu því ónæði sem næturlífi fylgir. Á sama tíma hefur miðborg Reykjavíkur orðið að mest sótta áfangastað ferðamanna á landinu. Hundruð þúsunda útlendinga sækja miðborgina heim á ári hverju og má hún heita andlit borgarinnar út á við.

En líkt og önnur andlit þarf hún að vera vel hirt. Á því er mikill misbrestur. Skrúðgarðar miðborgarinnar eru borginni lítt til sóma, beðin illa hirt, limgerði óklippt og glas illa slegið. Að sama skapi vantar víða ruslastampa og því fleygir fólk hvers kyns umbúðum á víðavangi. Að mínu mati væri rétt að virkja ákvæði lögreglusamþykktar Reykjavíkur og sekta þá sem slíkt gera. Reykingamenn fleygja sígarettustubbum á víðavangi, enda vantar sárlega ruslastanda og „stubbastanda“. Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir þann ósið að gestir vínveitingahúsa fari út af stöðum með drykki og kominn er tími til að tekið verði hart á ölvun á almannafæri.

Annað vandamál hefur verið að ágerast, en ekki er langt síðan yfirvöld í borginni lokuðu eina almenningssalerninu í miðborginni, hinu víðfræga Núlli í Bankastræti. En til staðar eru almenningsalerni á þremur öðrum stöðum í miðborginni, á Vitatorgi, í bílastæðahúsinu á Stjörnutorgi og á Hlemmi. Öll þessi salerni eru nú harðlæst.

UMHVERFI



Hildur Símonardóttir
kaupmaður og fasteignaeigandi í miðborg Reykjavíkur

Snyrtilegri ásýnd

Erlendir ferðamenn kvarta sáran undan því að engin salerni sé að finna á þessum aðalferðamannastað landsins, sér í lagi á morgnana áður en veitinga- og kaffihúsin opna, en erlendir ferðamenn spóka sig gjarnan um í miðbænum snemma á morgnana. Borgin ætti að sjá sóma sinn í að opna á nýjan leik þessi fjögur almenningssalerni og kynna þau vel.

Við fasteignaeigendur í miðborginni erum látnir greiða einhver hæstu fasteignagjöld á landinu og það þrátt fyrir að verðmæti verslunarhúsnæðis á svæðinu fari hríðlækkandi. Nær væri að lækka þessi gjöld til að laða að fjölbreytta starfsemi og innheimta þess í stað þrifnaðargjöld af veitingahúsum í miðborginni, en mikill sóðaskapur er oft í námunda við veitingastaði, æla, hland og jafnvel mannasaur, og kannski ekki nema von þar sem hvergi má finna almenningssalerni á svæðinu.

Slæleg löggæsla í miðborginni hefur einnig orðið til að auka á sóðaskapinn, til að mynda hefur veggjakrot enn á ný ágerst og kostar okkur fasteignaeigendur stórfé árlega. Ég átti frumkvæði að átaki í þeim málum fyrir nokkrum árum sem skilaði svo góðum árangri að veitt voru sérstök verðlaun fyrir. Lítil löggæsla hefur einnig skapað stóraukna hættu fyrir almenning, en fólk á það á hættu að verða fyrir ránum og barsmíðum einhverra þrjóta og það jafnvel um háþjartan dag. Ef lögreglu væru veittar nægilegar fjárveitingar mætti koma þessum mönnum bak við lás og slá.

Það er orðið löngu tímabært að miðborg Reykjavíkur fái snyrtilegri ásýnd. Við viljum að heimili okkar séu vel þrifin þegar gesti ber að garði og miðborgin er stássstofa okkar Reykvíkinga.

➜ Það er orðið löngu tímabært að miðborg Reykjavíkur fái snyrtilegri ásýnd.

Tákngervingur spillingar á toppi Úlfarsfells

Undirritaður er einn þeirra sem kærðu byggingarleyfi fyrir mannvirkjum Vodafone á toppi Úlfarsfells. Þann 10. september sl. felldi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála byggingarleyfið úr gildi og viðurkenndi lögvarða hagsmuni m.a. undirritaðs.

Ólöglega staðsett mannvirki

Þann 4. maí birtist grein eftir talsmann Vodafone sem segir fyrirtækið tilbúið til að „vinna með öllum sem hagsmuna [eiga] að gæta að viðunandi lausn á málinu“. Í framhaldinu hringdi undirritaður í Hrannar Pétursson, talsmanninn, þar sem fram kom að engin teikn væru á lofti um að flytja umrædd mannvirki óháð því að þau brjóti lögvarða hagsmuni almennra borgara.

Samstarfsvilji Vodafone byggist þannig á því að aðilar vinni saman að hagsmunum Vodafone. „Viðunandi lausn” fyrirtækisins er í því fólgin að mannvirkin standi með góðu eða illu á toppi Úlfarsfells óháð rétti borgaranna; eiginlegur samstarfsvilji Vodafone er orðin tóm.

Á vordögum 2012 báðu íbúar starfsmenn Vodafone vinsamlegast að bíða með framkvæmdir þangað til úrskurður umræddrar kæru byggingarleyfisins lægi fyrir. Kærendur töldu að byggingarleyfi, sem hvorki hafði deiliskipulagningu né meðmæli Skipulagsstofnunar (eins og lög gera ráð fyrir) til grundvallar, yrði fellt úr gildi. Í stað þess að starfsmenn Vodafone sýndu almennum borgurum tillitsemi og iðkuðu sjálfir þau gildi sem fyrirtækið hefur auglýst af miklum dugnaði þ. á m. þolinmæði, virðingu og góð samskipti, þá keyrði Vodafone í boði byggingarfulltrúa Reykjavíkur framkvæmdirnar í gegn í miklum flýti á meðan kæran var til meðferðar.

UMHVERFIS-VERND

Hafþór Sævarsson
laganemi

Stjórnvöld bregðast ekki við

Eftir ógildingu byggingarleyfisins hafa mannvirkin fengið að standa óáreitt í átta mánuði á toppi Úlfarsfells. Byggingarfulltrúi hefur ekki nýtt lagaheimild til að fá mannvirkin fjarlægð þrátt fyrir ítarlega rökstuddar athugasemdir þess efnis að honum beri skylda til þess. Athugasemdunum hefur ekki verið svarað. Mannvirkjastofnun, sem hefur eftirlitshlutverk með byggingarfulltrúa, hefur ekki komist að niðurstöðu þrátt fyrir formlega ábendingu á síðastliðnu ári.

Rannsóknarvinna ekki unnin

Engin sjálfstæð greinargerð hefur verið unnin í þessu máli sem sýnir fram á þörf fyrir umrædd mannvirki eða heppilega staðsetningu fyrir þau.

Þeim sem hagsmuna eiga að gæta vegna nálægðar við fjallið, útivistargildis þess eða á grundvelli náttúruverndar var enginn kostur gefinn til að gera athugasemdir né voru grundvallaratriði málsins rannsökuð. Eftir fund sem undirritaður sat með lögfræðingum borgarinnar og borgarstjóra fyrir um ári sagði lögfræðingur um upplifun embættismanna að þeir hefðu ekki haft hugmynd um hversu vinsælt og ástsælt fellið væri til útivistariðkunar!

➜ Kóróna útivistarparadísar borgarbúa hefur verið ólöglega afhent stórfyrirtæki á silfurfati.

Sveitarfélag gegnir þeirri skyldu að vega og meta hagsmuni ólíkra sjónarmiða. Í þessu máli framselur byggingarfulltrúi það ákvörðunarmat sitt og eiginlega rannsóknarskyldu til Vodafone sem meðal annars heldur þeirri grátbroslegu hugmynd fram í „greinargerð“ sinni um málið að toppur Úlfarsfells sé ekki sá staður þar sem besta útsýnið fáist af fjallinu. Nú á það við um Úlfarsfell sem og fjöll almennt að hæsti tindurinn skyggir á útsýni annars staðar á fjallinu en þessi staðreyndarvilla er nýtt sem forsenda í greiningu Vodafone á útivistargildi fellsins.

Tákngervingur spillingar

Kóróna útivistarparadísar borgarbúa hefur verið ólöglega afhent stórfyrirtæki á silfurfati (skv. úrskurði).

Áður en hin ólöglega staðsettu mannvirki verða fjarlægð tróna þau á toppi Úlfarsfells sem tákngervingur samkrulls stórfyrirtækis sem iðkar ekki sín auglýstu gildi og stjórnsýslu sem fylgir ekki lögum og reglum.

Taktu þátt í **skemmtilegum leik** og þú átt möguleika á **glæsilegum vinningum!**

Fylltu út þátttökuseðilinn og skilaðu honum í kassann. Vinningar verða dregnir út í föstudagsþætti Ívars á Bylgjunni. Fyrsti vinningur verður dreginn út þann 21. júní. Leik lýkur 2. ágúst. Fjöldi vinninga.

Heimsferðir

Borgarferð fyrir 2 til Prag með Heimsferðum

advania

Glæsileg tölva frá Advania

ICEWEAR · ICELAND ·

Gjafabréf

ÓB ódýrt bensín

Bensínúttekt

FK FJARÐARKAUP

Matarkörfur

Gleðilegt SUMAR!

FK FJARÐARKAUP - Einstök verslun

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga

†

Ástkær faðir okkar, frændi og vinur,

JAKOB BIRGIR GUÐBJARTSSON

lést á Kumbaravogi 12. júní sl. Jarðarförin fór fram í kyrrþey frá Stokkseyrarkirkju 15. júlí.

Aðstandendur.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

LÚÐVÍK HARALDSSON
fæddur Lloyd Martin Kyvik, Krossi í Ölfusi,

lést á heimili sínu föstudaginn 19. júlí. Jarðarförin fer fram frá Kotstrandarkirkju laugardaginn 27. júlí kl. 14.30.

Eyrún Rannveig Þorláksdóttir
Ragnheiður Lúðvíksdóttir Þorsteinn Jóhann Vilmundarson
Magnús Arnulf Lúðvíksson Laufey Jónsdóttir
afabörn, langafabörn, systkini og aðrir aðstandendur.

†

Okkar ástkæra,

GUÐRÍÐUR BJARNHEIÐUR ÁRSÆLSDÓTTIR
Skúmsstöðum, Vestur-Landeyjum,

sem andaðist 13. júlí, verður jarðsungin frá Akureyjarkirkju laugardaginn 27. júlí kl. 16.

Fyrir hönd aðstandenda,
Ragnheiður Þorvaldsdóttir og fjölskylda.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem sýndu okkur samúð, hlýju og vináttu við andlát og útför okkar elskulega sonar, bróður, mágs og frænda,

SIGURDÓRS HALLDÓRSSONAR
Hamrabyggð 7, Hafnarfirði.

Halldór Gunnlaugsson
Bára Fjóla Friðfinnsdóttir
Skarphéðinn Halldórsson
Birta Dögg Birgisdóttir
Birgir Smári Skarphéðinsson
Emil Árni Skarphéðinsson

†

Okkar ástkæra eiginkona og móðir,

SVANDÍS ÓLAFSDÓTTIR
kennari,

lést 19. júlí sl. á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 29. júlí kl. 13.

Eyþór Einarsson, Margrét, Ingibjörg,
Sigríður og Þórey Eyþórsdætur og fjölskyldur.

†

Ástkær móðir mín, fósturmóðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

PETRÍNA JÓNA ELÍASDÓTTIR
frá Skógum í Mosdal, Arnarfirði,

lést laugardaginn 20. júlí á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin fer fram frá Háteigskirkju í Reykjavík fimmtudaginn 1. ágúst kl. 15.00.

Hallveig Elín Indriðadóttir Ólafur Kristinsson
Steingrímur Guðni Pétursson Sigríður Jónsdóttir Lepore
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Fjölbreytt úrval legsteina
Frí áletrun og uppsetning

Sjá nánar á granithollin.is sími 555 38 88
Bæjarhrauni 26 (á móti Fjarðarkaupum)

Graníthöllin

Bæjarhrauni 26 - 220 Hafnarfirði
www.granithollin.is
Sími 555 38 88

Verður standandi partí eftir tónleikana

Sönghópurinn 3 klassískar heiðrar tvo risa í íslenskri tónlistarsögu á tónleikum í Bragganum á Hólmavík annað kvöld, þá Gunnar Þórðarson og Megas. Sá síðarnefndi verður með í för og tekur lagið með hópnum.

„Við héldum tónleika í kirkjunni á Hólmavík og fórum svo í partí í Bragganum á eftir. Þá sáum við hversu frábær staðurinn er og að það gæti verið gaman að halda tónleika þar. Nú ætlum við að drífa í því," segir söngkonan Jóhanna V. Þórhallsdóttir. Jóhanna, ásamt stöllum sínum Björk Jónsdóttur og Signýju Sæmundsdóttur í sönghópnum 3 klassískar, heldur tónleika í Bragganum á Hólmavík annað kvöld, föstudaginn 26. júlí, klukkan 20.30. Með í för verða Bjarni Jónatansson píanóleikari og Gunnar Hrafnsson bassaleikari. Rúsínan í pylsuendanum er sjálfur meistari Megas, sem ferðast með til Hólmavíkur og tekur lagið með hópnum.

„Upphaflega ætluðum við að heiðra tvo risa í íslenskri tónlistarsögu, Gunnar Þórðarson, sem er auðvitað frá Hólmavík, og Megas, með því að syngja lög eftir þá á tónleikunum. Svo kom það upp á á síðustu stundu að Megas var til í að koma með okkur og auðvitað báðum við það með þökkum," útskýrir Jóhanna og segist afar spennt fyrir tónleikunum annað kvöld.

Meðal laga eftir Megas sem 3 klassískar taka fyrir eru Spáðu í mig, Aðeins eina nótt, Táraborg og Vertu mér samferða inn í blómalandið amma. „Hann Megas semur svo dásamleg lög og það er virkilega gaman að koma með örlítil klassísk áhrif inn í þau. Það má ekki syngja lög eftir Megas án þess að vanda til verka og við höfum legið yfir þessum lögum í lengri tíma," segir Jóhanna.

3 KLASSÍSKAR OG 2 PRÚÐBÚNIR Söngkonurnar Björk Jónsdóttir, Signý Sæmundsdóttir og Jóhanna V. Þórhallsdóttir, ásamt Bjarna Jónatanssyni píanóleikara og Gunnari Hrafnssyni bassaleikara, halda tónleika á Hólmavík annað kvöld. Megas tekur einnig lagið.

Sönghópurinn 3 klassískar hefur starfað saman í tvo áratugi og haldið fjölda tónleika um allt land. Hópurinn gaf einnig út plötuna Fyrir austan mána og vestan sól fyrir tíu árum en hún er nú uppseld. Í ferðinni hyggst hópurinn einnig skella sér út í Grímsey og njóta náttúrufegurðarinnar þar. „Svo verður auðvitað bara standandi partí eftir tónleikana, það er ekki annað hægt," segir Jóhanna og hlær. „Partíin verða betri eftir því sem tónleikarnir eru betri."

kjartan@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 25. JÚLÍ 1510

Gríðarlegt gos hefst í Heklu

Þennan dag árið 1510 hóf Hekla að gjósa eftir 120 ára hlé. Þetta var kraftmikið gos sem hófst með gríðarlegum jarðskjálfta og dynkjum. Logarnir teygðu sig til lofts og ösku og glóandi grjóti rigndi yfir nálægar sveitir.

Gosið olli miklum skaða um allt Suðurland, meðal annars mannskaða. Heimildir herma að fjórir menn hafi farist í Rangárvallasýslu og einn hafi rotast af steinkasti í Skálholti. Vindur stóð af norðaustri og askan barst yfir Rangárvelli og Landeyjar en einnig yfir Landsveit og Holt og allt vestur í Flóa. Í jarðvegi á Suðurlandi er askan frá 1510 langþykkasta og grófasta Heklulagið frá sögulegum tíma.

Mikið hraunrennsli varð einnig í gosinu. Megnið rann til suðurs milli Trippafjalla og Vatnafjalla og samkvæmt heimildum virðist sem fá gos hafi orðið afdrifaríkari fyrir byggðaþróun á Suðurlandi.

†

Elskuleg amma okkar og systir,

MARGRÉT ÁSGEIRSDÓTTIR
Mávabraut í Keflavík,

lést á sjúkrahúsi Suðurnesja 5. júlí sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum starfsfólki spítalans fyrir góða umönnun og öðrum auðsýnda samúð og umhyggju.

Rakel A. Garðarsdóttir
Garðar D. Garðarsson
Ásgeir Garðarsson
Gerður Petra Clements

†

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

DANÍEL JÓNSSON
frá Dröngum á Skógarströnd,

lést aðfaranótt laugardagsins 20. júlí á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju þriðjudaginn 30. júlí kl. 13.00.

Steinunn Bjarnadóttir
Hrafnkell Daníelsson Karen Dögg Gunnarsdóttir
Aðalsteinn Bjarni Bjarnason Kristín Guðbjörg Gísladóttir
Anna María Bjarnadóttir Karl Einarsson
og barnabörn.

†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

SIGURÐUR HELGASON

sem lést 20. júlí, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju miðvikudaginn 31. júlí kl. 13.00. Minningargreinar vinsamlegast afþakkaðar.

Stefanía Kemp
Oddný Sigurðardóttir Helena Leufstadius
Helgi Sigurðsson Ólöf Finnsdóttir
Sigurður Helgason
Þórunn Helgadóttir
Finnur Helgason

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

MÆRUDAGAR Á HÚSAVÍK

Mærudagar fara fram um helgina á Húsavík. Hátíðin hefur unnið sér fastan sess í bæjarlífinu sem árleg samkoma fyrir bæjarbúa, ættingja þeirra og brottflutta Húsvíkinga. Mærudagar voru fyrst haldnir árið 1994 og hafa orðið umfangsmeiri og fjölsóttari með hverju árinu. Fjölbreytt dagskrá er í boði.

"Gegt" flottar !

LauRie
STRETCHBUXUR
X=slim
Str. 36 - 56
Litur: svart og sandbrúnt
Verð: 12.900 kr.

Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.

Kíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper
FASHION
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516

VINSÆL RÓLA
Hrund segir húsgögn úr reyr bæði sterk og endingargóð séu þau vel gerð. Reyrrólan nýtur mikilla vinsælda. MYND/GVA

TÆKIFÆRISGJAFIR

Hnífaparatöskur – 12 manna
14 tegundir
Verð frá kr. 24.990

Tékk KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

GÖMUL HÖNNUN ENDURVAKIN

LÍNAN KYNNIR *Danska fyrirtækið Sika-Design hefur nú hafið endurframleiðslu á reyrrólu sem naut mikilla vinsælda á níunda áratugnum.*

Við vorum að taka róluna í endursölu, hún hefur verið ófáanleg í aldarfjórðung," segir Hrund Kristjánsdóttir, eigandi Línunnar sem hefur verið starfrækt frá árinu 1976. „Á fyrstu árunum seldum við gríðarlega mikið af reyrhúsgögnum. Vel gerð reyrhúsgögn eru mjög sterk og endingargóð."

Fyrir rúmum 50 árum kynnti Sika-Design reyrróluna „Hangandi egg" fyrst til sögunnar. Nú hefur hönnunarteymið hafið endurframleiðslu á rólunni. „Hún nýtur mikilla vinsælda um þessar mundir," segir Hrund og bætir við að rólan sé tíður gestur í erlendum húsbúnaðartímaritum og bloggsíðum innanhússbloggara. „Það er gaman að segja frá því að sams konar róla var til sölu í Línunni um 1980 og naut einnig mikilla vinsælda þá."

Rólan er hluti af ORIGINALS-línunni sem sækir innblástur til upphafsára Sika-Design, um 1950-1960. Fyrirtækið er danskt og starfrækir verksmiðjur í Indónesíu þar sem framleiðslan er öll handgerð. „Fyrirtækið er umhverfisvottað og notar ekki börn við framleiðslu á vörum sínum," segir Hrund. „Það finnst okkur mikilvægt."

HÚSGAGNAVERSLUN LÍNUNNAR ***er til húsa í Bæjarlind 16 í Kópavogi. Opið er alla virka daga frá 12-18. Hægt er að hafa samband í síma 5537100. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Línunnar, www.linan.is, og á Facebook-síðu verslunarinnar.***

Stórútsala
Vandaðar vörur á frábæru verði!

Vertu vinur okkar á Facebook

hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16

RÝMINGARSALA Á ÝMI HEILSUDÝNUM

Hágæða 5 svæðisskipt sjálfstætt pokagormakerfi sem styður mun betur við líkamann en venjuleg gormakerfi. Réttur stuðningur við líkamann sem gefur hámarkshvíld. Mýkra og betra axlarsvæði. Vandaðar kantstyrkingar. Ath. margar stærðir

Stærð	Verð áður	Rýmingarsöluverð með PU leðurbotni og fótum stgr.
90x200	89.900.-	74.900.-
140x200	119.900.-	104.900.-
180x200	149.900.-	134.900.-

Gerið gæða- og verðsamanburð

12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald

Frábært kynningarverð á
MEMORY HEALTH CARE
þrýstijöfnunar-heilsudýnum

Stærð	Kynningarverð
90x200	99.900.-
120x200	119.900.-
140x200	139.900.-
160x200	149.900.-
180x200	169.900.-

Fimm stjörnu verslun
Svefn & heilsa

Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsið - Reykjavík

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

ÞAÐ ER KÚNST AÐ KLÆÐAST NEONLIT

LÍFSEIG TÍSKA *Neonlitir geta gert mikið fyrir útlitið. Nokkur atriði er þó gott að hafa í huga.*

Neonlitir hafa í orðsins fyllstu merkingu verið áberandi síðustu misseri. Þeir hressa upp á útlitið og draga margir fram augnlit og litarhaft. Þeir passa þó ekki við öll tilefni og ekki þykir gott að hrúga mörgum neonlitum saman. Hér eru atriði sem er gott að hafa í huga þegar neonlituð föt og fylgihlutir eru annars vegar.

Hvert er tilefnið? Það er ekki alltaf viðeigandi að klæðast neonlitum. Þá ber til dæmis að forðast við jarðarfarir, á mikilvægum fundum og við önnur sambærileg tilefni. Neonföt henta betur sem partý- og sumarklæðnaður.

Hvaða litur fer þér best? Neonrauður -appelsínugulur -gulur, -grænn, -blár eða -fjólublár? Prófaðu að bera þessa liti við þig í næsta verslunarleiðangri og reyndu að átta þig á hvaða litir kalla fram það besta í þínu fari. Neonblár undirstrikar til að mynda blá augu og neonappelsínugulur kallar fram ljómandi litarhaft.

Gættu þess að vera ekki í öllu neonlituðu Notaðu hefðbundna liti á móti. Svart og neonlitur fer til að mynda alltaf vel saman. Neonlituð skyrta við svartar buxur eða öfugt klikkar seint. Gættu þess þó að klæðast ekki neonlitum fötum á hverjum degi. Fólk í kringum þig gæti orðið þreytt á því og jafnvel þróað með sér höfuðverk við það eitt að sjá þig.

Notaðu neonlitað naglalakk og fylgihluti á móti neonlituðum fötunum Ef þú klæðist neongulum bleiser getur verið flott að hafa neonrendur á skónum, bera neonveski eða vera í neonlituðum leggings.

Vertu í rétta skapinu Það þýðir lítið að vera afundinn og fúll í neonlitum. Þetta eru djarfir litir og manneskja sem ber þá gefur til kynna að hún sé sjálfsörugg, orkumikil og í ljómandi skapi.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

ÚRVALSFISKUR OG GÆÐAVÍN

NAUSTIÐ KYNNIR *Sjávarréttastaðurinn Naustið á Húsavík hefur slegið í gegn. Þar fást dýrindis sjávarréttir og gæðavín.*

Sjávarréttastaðurinn Naustið opnaði á Húsavík um miðjan júní árið 2011. Þar fást eingöngu sjávarréttir og er rík áhersla lögð á að bjóða upp á fyrsta flokks hráefni á góðu verði. Staðurinn er opinn yfir sumarið og hefur opnunartíminn verið að lengjast í báða enda. „Nú í sumar opnuðum við í byrjun maí og má búast við því að staðurinn verði opinn fram í september," segir Guðni Rúnar Helgason, einn starfsmanna Naustsins.

ÚRVALSVÍN MEÐ MATNUM
Guðni ásamt eigendunum Elínu Kristjánsdóttur (til vinstri) og Ingunni Ástu Egilsdóttur.

Naustið er til húsa að Naustagarði 2 á Húsavík.

BEINT ÚR SJÓNUM

Á matseðlinum eru meðal annars fiskisúpa, grilluð fiskispjót, grillaður humar, vatnasilungur, lax, fersk bláskel og plokkfiskur. Um helgar er svo ávallt boðið upp á ferskt sushi. Allt brauð sem borið er fram með matnum er bakað á staðnum.

VÍN FRÁ GUSTAVE LORENTZ

Fátt passar betur með sjávarréttum en gott hvítvín og innan fárra daga verður hvítvínið frá Gustave Lorentz frá Alsace í Frakklandi fáanlegt á staðnum. „Okkur stóð til boða að flytja þetta vín inn og þar sem Naustið býður nú þegar upp á fyrsta flokks fiskrétti slógum við til og ákváðum að bjóða viðskiptavinum staðarins upp á þetta úrvalsvín," segir Guðni Rúnar. „Í upphafi munum við bjóða upp á fjórar tegundir; eina lífræna sem heitir Pinot Gris og er úr „Organic Evidence"-línu framleiðandans en Gustave Lorentz framleiða fjórar tegundir af lífrænum vínum. Þá munum við bjóða upp á eina tegund af kampavíni, Crémant D´Alsace, sem er mest selda vín Gustave Lorentz í Evrópu. Eins eitt „Cuvee"-vín úr Gewurtztraminer og eitt „Reserve"-vín úr Pinot Blanc. Innan tíðar bætast svo fleiri tegundir við." Guðni Rúnar á von á því að vínið verði komið í hillur á Mærudögum sem hefjast á Húsavík í vikunni.

AÐSÓKN FRAM ÚR VONUM

Naustið er að sögn Guðna Rúnars fyrst og fremst fjölskyldufyrirtæki. Það er í eigu Elínar Kristjánsdóttur og Ingunnar Ástu Egilsdóttur, sem jafnframt er framkvæmdastjóri staðarins. Guðni Rúnar segir aðsóknina að staðnum hafa farið fram úr björtustu vonum. „Við höfum fundið fyrir vaxandi straumi ferðamanna í sumar eins og margir aðrir í ferðaþjónustu en við fáum líka miklu fleiri Íslendinga nú en í fyrra og þykir afskaplega vænt um það."

Verðhrun á útsölu

• kjólar fyrir brúðkaupið 5000
• allar buxur 5000
• túnikkur, skokkar,5000
• mussur, toppar, 3000
• Skyrtur,bolir 3000
• Og margt, margt fleira....

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Við erum á Facebook

SKAPANDI VINKONUR

MIKIL VINNA *Margrét Unnur, Anna Maggý og Marta Hlín halda uppi blogginu Adulescentulus. Þær taka viðtöl, fara í heimsóknir og margt fleira.*

Vinkonurnar Anna Maggý, Marta Hlín og Margrét Unnur fengu það skemmtilega verkefni í sumar að byrja tískublogg á vegum skapandi sumarstarfa í Kópavogi. Bloggið heitir því undarlega nafni Adulescentulus, sem er latína og merkir ungur maður, enda snýst bloggið um ungt fólk. Það sem einkennir bloggið er að það fjallar ekki um þær sjálfar. „Okkur langaði ekki að vera alltaf að blogga um okkur sjálfar. Við förum í heimsóknir, skoðum herbergi og tökum viðtöl við skapandi fólk og fræðumst um hvað það er að gera. Matarfærslur eru inni á milli og svo förum við í bæinn og tökum myndir af götutískunni," segir Margrét Unnur.

Það sem hefur vakið athygli eru myndaþættirnir sem stelpurnar gera frá grunni. „Við reddum fötum, finnum umhverfi, sjáum um förðun, tökum flestar myndirnar og vinnum þær. Það tekur mestan tíma að vinna í kringum myndatökurnar," útskýra stelpurnar. Mikil vinna er lögð í hverja einustu færslu hjá þeim, enda eru þær í fullri vinnu við bloggið. Bloggið hefur aðeins verið í gangi í einn og hálfan mánuð en þrátt fyrir það fá þær fjölmargar heimsóknir á síðuna.

Stelpurnar leita sér að innblæstri í umhverfinu. „Fólkið í kringum okkur veitir okkur mikinn innblástur. Netið gefur okkur auðvitað líka hugmyndir og þar finnum við jafnvel spennandi fólk sem okkur langar til

VINKONUR
Margrét Unnur, Anna Maggý og Marta Hllín halda uppi blogginu Adulescentulus.
MYND/DANÍEL

þess að taka viðtöl við," segir Marta.

Þær vinkonur kynntust í Menntaskólanum við Hamrahlíð og sóttu um starfið saman. Í haust mun þó Anna Maggý flytja til London og vera í fjarnámi við Fjölbraut í Breiðholti. Stelpurnar eru að gera ótrúlega góða hluti þrátt fyrir að vera aðeins á átjánda aldursári. „Þetta er klárlega skemmtilegasta vinna sem við höfum unnið við. Það er alveg frábært að vinna hjá skapandi sumarstörfum og gera það sem við elskum," segir Anna. Til þess að skoða bloggið er hægt að fara inn á adulescentulus.blogspot.com.

gunnhildur@365.is

TRI

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND

GLEÐILEG HJÓL

25 / 26 / 27 / 29 / 30 / 31 - JÚLÍ

VERÐLÆKKUN!

EINN VIÐSKIPTAVINUR FÆR 26"

LTD HJÓLIÐ ENDURGREITT - DREGIÐ Í ÁGÚST!

25%

AFSLÁTTUR

26"CUBE LTD FJALLAHJÓL

CUBE LTD BLACK ANODIZED -
VAR ~~199.990~~ ER NÚ 149.990 KR

CUBE LTD RACE GREY METAL BLUE -
VAR ~~239.990~~ ER NÚ 179.990 KR

CUBE LTD SL -
VAR ~~259.990~~ ER NÚ 194.990 KR

36 MÁNAÐA GREIÐSLUDREIFING Í BOÐI

TRI

Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
Sími: 571 8111

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 09:00-18:00
Laugardaga kl. 10:00-16:00

Mundu eftir að finna
BESTA VERÐIÐ
áður en þú kaupir þjónustu fyrir bílinn þinn

FÓLKSBÍLADEKK

TILBOÐ Nr. 1 STÆRÐ: 175/65 R 14

Sumardekk: frá kr. 41.307
Heilsársdekk: frá kr. 49.880

TILBOÐ Nr. 2 STÆRÐ: 195/65 R 15

Sumardekk: frá kr. 51.542
Heilsársdekk: frá kr. 56.104

TILBOÐ Nr. 3 STÆRÐ: 205/55 R 16

Sumardekk: frá kr. 57.305
Heilsársdekk: frá kr. 56.104

TILBOÐ Nr. 4 STÆRÐ: 225/45 R 17

Sumardekk: frá kr. 64.024
Heilsársdekk: frá kr. 73.303

JEPPADEKK

TILBOÐ Nr. 5 STÆRÐ: 215/60 R 16

Sumardekk: frá kr. 67.800
Heilsársdekk: frá kr. 82.200

TILBOÐ Nr. 6 STÆRÐ: 225/70 R 16

Sumardekk: frá kr. 92.761
Heilsársdekk: frá kr. 92.761

TILBOÐ Nr. 7 STÆRÐ: 235/65 R 17

Sumardekk: frá kr. 104.921
Heilsársdekk: frá kr. 109.081

TILBOÐ Nr. 8 STÆRÐ: 235/60 R 18

Sumardekk: frá kr. 109.400
Heilsársdekk: frá kr. 112.601

TOYO TIRES Harðskeljadekk

IRONMAN TIRES

TILBOÐIN MIÐAST VIÐ FJÓGUR DEKK & UMFELGUN

BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

ÞJÓÐHÁTÍÐ

FIMMTUDAGUR **25. JÚLÍ 2013**

Ingó þreytir frumraun sína í brekkunni

Ingólfur Þórarinsson stýrir brekkusöngnum í fyrsta skipti í ár. Hann tekur við af Árna Johnsen, sem hefur leitt sönginn í 44 ár.

SÍÐA 2

Innblásið af gosinu 1973

Björn Jörundur Friðbjörnsson semur Þjóðhátíðarlagið í ár.

SÍÐA 5

Fór í fyrsta skipti sextug

Hrafnhildur Gunnlaugsdóttir lét gamlan draum rætast og fór í fyrsta skipti á Þjóðhátíð sextug.

SÍÐA 6

Ingó hlakkar ofboðslega mikið til að stýra brekkusöngnum. Hann er þegar að mestu tilbúinn með prógrammið. MYND/ARNÞÓR

Ingó tekur við keflinu af Árna

Ingólfur Þórarinsson, betur þekktur sem Ingó í Veðurguðunum, mun stjórna brekkusöngnum í fyrsta skipti í ár. Hann tekur við af Árna Johnsen, sem hefur stýrt honum í 44 ár. Ingó segir þetta eitt skemmtilegasta verkefni sem hann hefur fengið í hendurnar.

Brekkusöngurinn er orðinn órjúfanlegur hluti af Þjóðhátíð í Eyjum. Hann er á dagskrá á sunnudagskvöldinu en þá safnast fólk saman í brekkunni og syngur brekkusöng. Síðastliðin 44 ár hefur Árni Johnsen stýrt söngnum, að undanskildu árinu 2003 þegar þingmaðurinn Róbert Marshall hljóp í skarðið. Í ár mun Ingólfur Þórarinsson, betur þekktur sem Ingó í Veðurguðunum, taka við keflinu. Þetta verða mikil viðbrigði fyrir fastagesti hátíðarinnar en þó eru margir sammála því að það hafi verið kominn tími á breytingar.

„Ég hlakka alveg ofboðslega mikið til. Ég er búinn að vera að spá rosalega mikið í þetta og er búinn að raða upp lögunum. Þetta er svona 90 prósent tilbúið," segir Ingó. Hann segist ekki finna fyrir pressu en gera sér þó grein fyrir því að hann sé að feta í stór og rótgróin fótspor. Ingó mun standa einn á sviðinu í brekkusöngnum en hljómsveit hans, Ingó og Veðurguðirnir, mun troða upp á laugardagskvöldinu.

Ákveðið hefur verið að stytta brekkusönginn og verður hann 45 mínútur. „Ég er að byggja þetta á dagskránni hans Árna en þetta verður ferskari útgáfa. Ég mun taka mikið af Eyjalögum, enda er þetta hátíð Eyjamanna. Inni á milli verða svo lög sem koma héðan og þaðan sem allir þekkja."

Ingó segir þetta eitt skemmtilegasta verkefni sem hann hefur fengið í hendurnar. „Ef þetta heppnast vel vonast ég til þess að fá að gera þetta aftur." Brekkusöngurinn hefst klukkan 23.15. Þegar honum lýkur verður kveikt á blysunum. Kveikt er á einu blysi fyrir hvert ár sem Þjóðhátíð hefur verið haldin. Hún var haldin í fyrsta skipti árið 1874 sem þýðir að blysin verða 140.

KEMUR EKKI TIL GREINA AÐ FARA ANNAÐ

Ásdís Inga Haraldsdóttir er enginn nýgræðingur þegar kemur að Þjóðhátíð en hún er að fara á hátíðina í fimmta skipti í ár. „Það kemur ekki til greina að fara annað. Eftir að hafa farið á Þjóðhátíð hljómar ekkert jafn spennandi," segir Ásdís Inga. Hún mætir alltaf á fimmtudeginum og fer heim á mánudeginum til að missa örugglega ekki af neinu. „Miðana kaupi ég líka alltaf um leið og þeir fara á sölu í mars, enda byrjar spenningurinn fyrir næstu Þjóðhátíð strax í lok þeirrar seinustu."



Ásdís Inga Haraldsdóttir

Skólatöskudagar í Pennanum Eymundsson

20% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARAFSLÆTTI

IEVA

15 lítra taska, sundpoki, nestisbox og brúsi.
Góður stuðningur við bak.
Verð 19.999 kr

IEVA

15 lítra taska, sundpoki, nestisbox og brúsi.
Góður stuðningur við bak.
Verð 19.999 kr

IEVA

18 lítra taska með sundpoka, nestisboxi og brúsa. Góður stuðningur við bak.
Verð 19.999 kr

IEVA

18 lítra taska með sundpoka, nestisboxi og brúsa. Góður stuðningur við bak.
Verð 19.999 kr

PULSE

22 lítra slitsterkur bakpoki með mörgum hólfum. Góður stuðningur við bak.
kr 12.999

PULSE

22 lítra slitsterkur bakpoki með mörgum hólfum. Góður stuðningur við bak.
kr 12.999

PULSE

22 lítra slitsterkur bakpoki með mörgum hólfum

Verð 11.999 kr

beckmann

30 lítra bakpoki blár
Góður stuðningur við bak.
Verð 16.999 kr

Herlitz

Nýjung frá Herlitz.
Skólataska í 4 gerðum.
Harðar hliðar, mjúkt bak.
Verð 12.999 kr

Herlitz

Nýjung frá Herlitz.
Skólataska í 4 gerðum.
Harðar hliðar, mjúkt bak.
Verð 12.999 kr

Mikið úrval af skólatöskum

HVERNIG Á GÓÐ SKÓLATASKA AÐ VERA?

1. ÞYNGD TÖSKU MEÐ INNIHALDI MÁ EKKI VEGA MEIRA EN 10% AF LÍKAMSÞYNGD BARNSINS.
2. ÖLL BÖND TÖSKUNNAR EIGA AÐ VERA BREIÐ, STILLANLEG OG AUÐVELT AÐ HERÐA OG LOSA.
3. TASKAN Á AÐ FALLA ÞÉTT AÐ HRYGG BARNSINS OG VERA VEL BÓLSTRUÐ AÐ AFTAN.
4. TASKAN MÁ EKKI VERA OF BREIÐ ÞAR SEM ÞAÐ HINDRAR EÐLILEGAR HREYFINGAR BARNSINS.

OKKAR IÐJUÞJÁLFARAR AÐSTOÐA ÞIG VIÐ VAL Á SKÓLATÖSKUM.

Eymundsson – Smáralind
26. júlí - Föstudagur kl 13:30-16:30

Eymundsson – Hafnarfjörður
27. júlí - Laugardagur kl 11:00-13:00

Eymundsson – Kringlan norður
27. júlí - Laugardagur kl 13:30-16:30

Eymundsson – Smáralind
28. júlí - Sunnudagur kl 14:00-16:00

Eymundsson – Kringlan norður
29. júlí - Mánudagur kl 14:00-16:00

Eymundsson – Keflavík
30. júlí - Mánudagur kl 16:00-18:00

MIKIÐ ÚRVAL AF SKÓLAVÖRUM Á WWW.EYMUNDSSON.IS/SKOLAVEFUR

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
PENNINN - Hallarmúla 4

PENNINN

Eymundsson

Yrsa les á ensku í Munnhörpunni

Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur les í hádeginu í dag upp úr enskum þýðingum á verkum sínum á veitingastaðnum Munnhörpunni í Hörpu. Uppákoman er í tengslum við sýninguna The Art of Being Icelandic.

Upplestur Yrsu er sá síðasti af fjórum sem haldnir hafa verið í Munnhörpunni undanfarnar vikur. Þórir Gunnarsson, eigandi Munnhörpunnar, segir vel hafa tekist til og að matargestir, bæði erlendir og íslenskir, séu mjög ánægðir með framtakið. „Auður Ava var hérna síðasta fimmtudag og þá var nánast fullt út úr dyrum," segir hann. „Við búumst við álíka aðsókn hjá Yrsu.

Upplestrarnir eru í tengslum við sýninguna The Art of Being Icelandic sem nú stendur yfir í Tjarnarsal Ráðhússins á vegum Bókmenntaborgarinnar Reykjavíkur. Sýningin, sem er samstarfsverkefni Ráðhússins, Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO og Miðstöðvar íslenskra bókmennta, beinir sjónum að íslenskum bókmenntum í þýðingum en umgjörð hennar er íslensk hönnun. Þar gefur meðal annars að líta stóla Valdimars Harðarsonar, Sóley, en stóllinn á 30 ára afmæli í ár, og önnur stofuhúsgögn sem gestir geta tyllt sér í á meðan gluggað er í íslenska bók.

Rétt er að taka fram að helgin fram undan er síðasta sýningarhelgi The Art of Being Icelandic í Ráðhúsinu. - fsb

GLÆPADROTTNING Yrsa nýtur vinsælda erlendis.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FIMMTUDAGUR 25. JÚLÍ 2013

Ljósmyndasýningar

17.00 Sýning Helgu Láru Haraldsdóttur Myndarlegt verður opnuð á 1. hæð Borgarbókasafns í Tryggvagötu 15. Á sýningunni eru texti og ljósmyndir sem unnar hafa verið í photoshop.

Uppistand

21.00 Á þessum tilraunauppistandskvöldum er opinn mæk og gefst nýjum uppistöndurum tækifæri á að spreyta sig ásamt því að þeir eldri og reyndari geta prufað nýtt efni. Kynnir er Gunnar Hrafn Jónsson en ásamt honum koma einnig fram: Rökkvi Vésteinsson, Johanna Jakobsdottir, Hjálmar Örn Jóhannsson, Perla Sif Þorkelsdóttir, Björn Dan, Atli Sigurjónsson, Egill Friðrik og Örvar Ingi. Aðgangur ókeypis.

Tónlist

12.00 Kári Allansson organisti og Margrét Hannesdóttir sópran koma fram í Hallgrímskirkju. Aðgangur 1.700 kr.

17.00 Fríða Dís Guðmundsdóttir spilar á ókeypis Pikknikk tónleikum í gróðurhúsi Norræna hússins. Fríða Dís flytur efni af væntanlegri sólóplötu sinni en hún hefur starfað um árabil með hljómsveitunum Klassart og Eldar.

20.00 Nordic Affect heldur tónleika með yfirskriftina Tónlist um stund. Yfirskriftin vísar til verksins Music for a while eftir Henry Purcell en dagskrá tónleikanna er tileinkuð honum. Með hópnum koma fram einsögnvararnir Hallveig Rúnarsdóttir sópran, Benedikt Kristjánsson tenór og Ágúst Ólafsson baritón. Meðal erlendra gesta í Nordic Affect eru Ian Wilson blokkflautuleikari og Tuomo Suni fiðluleikari.

21.00 Hljómsveitin Brother Grass heldur tónleika á Café Rosenberg í kvöld. Aðgangseyrir kr. 2.000.

21.30 Tónleikar með Óskari Guðjónssyni og brasilíska gítarleikaranum og söngvaranum Ife Tolantino. Miðaverð kr. 1.500.

22.00 Magnús Einarsson, Eðvarð Lárusson, Karl Pétur Smith og Tómas Tómasson leika lög eftir The Rolling Stones.

Leiðsögn

21.00 Minjasafn Reykjavíkur býður gestum og gangandi til sögugöngu í kvöld. Gengið verður um Öskjuhlíð og minjar um umsvif hernámsliðsins skoðaðar. Sérfræðingar frá Minjasafni Reykjavíkur leiða gönguna. Lagt verður upp frá Nauthóli í Nauthólsvík. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis.

Söngur

20.30 Rölt verður um innsta hluta Ásbyrgis og ljúfir tónar göngufólks munu bergmála frá hamraveggjum. Lagt verður af stað frá bílastæðinu innst í Ásbyrgi kl. 20.30 og tekur röltið um 1-1,5 klst.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Gunnar og Sigurður í Fríkirkjunni

Saxófónleikarinn Sigurður Flosason og organistinn Gunnar Gunnarsson halda tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld klukkan 20.

Tilefnið er útkoma tveggja geisladiska. Nýs safndisks, „Icelandic Hymns", sem inniheldur einvörðungu íslensk sálmalög af fyrri diskum þeirra félaga og endurútgáfu á „Draumalandinu", ættjarðarlagadiski, en hann hefur verið ófáanlegur um hríð. Á tónleikunum verða flutt bæði forn sálmaþjóðlög og verk íslenskra tónskálda af ólíkum kynslóðum.

Gunnar og Sigurður hafa leikið saman síðan 1999 og gefið út fjóra hljómdiska sem notið hafa mikilla vinsælda. - fsb

VARA SEM Á HEIMA Í ÞÍNU ELDHÚSI

BÓNUS HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus

HEIMA

TÓNNINN GEFINN
Kjartan Guðmundsson

El Moz aflýsir

Þetta hefur verið leiðindaár fyrir Morrissey kallinn. Í vikunni neyddist hann til að aflýsa því sem eftir er af hljómleikaferðalagi sínu um Suður-Ameríku vegna skorts á fjármagni. „Það er ekkert mál að selja miða en samt ógerningur að flytja hljómsveit og starfslið frá F til G," segir í dæmigerðri torskilinni yfirlýsingu frá gamla Smiths-söngvaranum. Áður hafði hann hætt við nær alla aðra fyrirhugaða tónleika ársins, þar á meðal á vesturströnd Bandaríkjanna, vegna heilsubrests af ýmsu tagi þar sem magasár, lungnabólga og matareitrun komu meðal annars við sögu.

Þessi runa af óhöppum kemur sér einkar illa þar sem Morrissey á sér gríðarlegan fjölda harðkjarna-aðdáenda meðal fólks af rómönsku bergi brotnu. Í augum fjölda Evrópubúa er tónlist The Smiths og Morrisseys sú „hvítasta" sem til er og flest sem tengist söngvaranum fyrir löngu orðið nokkurs konar samnefnari fyrir enska lág- til miðstéttarsíðtáningaangist. Í Mið- og Suður-Ameríku og sér í lagi Kaliforníufylki Bandaríkjanna, meðal mexíkóskra innflytjendafjölskylda, hefur þó á síðari áratugum myndast risastór hópur fólks aðdáenda sem finnur samhljóm í kaldhæðinni og þunglyndiskenndri textagerðinni, óvenjulegum söngstíl Morrisseys og jafnvel útliti söngvarans.

Sjálfur trúði ég varla sögum af þessari aðdáun fyrr en ég heimsótti Los Angeles fyrr í sumar og sá með eigin augum öll auglýsingaplakötin fyrir sérstök Morrissey-kvöld í austurhluta borgarinnar, alla „chicano"-ana í Smiths-bolunum og heyrði auðþekkjanlega röddina hljóma frá öðrum hverjum pöbb. Einhverjir hafa bent á að innflytjendur í Bandaríkjunum kunni að meta Morrissey vegna þess að sjálfur var söngvarinn írskur innflytjandi í Englandi og sú tilfinning smitist milli heimsálfa. Aðrir tiltaka sterkar og dapurlegar tilfinningar í tónlist Morrisseys og segja þær eiga greiða leið að hugum og hjörtum þeirra sem alist hafa upp við suðurameríska og mexíkóska ranchera-tónlist.

Hver svo sem ástæðan er þá hafa margir rómanskir tekið Morrissey upp á arma sína og gerst dyggustu stuðningsmenn hans. Árið 2002, þegar söngvarinn var án plötusamnings og hart var í ári, lauk hann tónleikum í Los Angeles með orðunum: „Án ykkar væri ég í tómu rugli". Mexíkóarnir fögnuðu vel og innilega.

Í spilaranum

David Lynch - The Big Dream
Fuck Buttons - Slow Focus
The Smashing Pumpkins - The Aeroplane Flies High

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



EKKI NÆRRI HÆTTIR Breski dúettinn Pet Shop Boys sendi frá sér nýja breiðskífu þann 12. júlí. Hún þykir einstaklega dansvæn og skemmtileg. NORDICPHOTOS/GETTY

Grípandi danstónlist

Pet Shop Boys gáfu út sína tólftu breiðskífu þann 12. júlí. Lögin eru sögð bera kunnuglegan keim af þeim hljómi sem einkenndi sveitina snemma á ferlinum.

Pet Shop Boys er talinn happasælasti dúett Bretlandseyja samkvæmt Heimsmetabók Guinness, enda hefur sveitin selt yfir 50 milljónir plata. Tólfta breiðskífa hljómsveitarinnar, Electric, kom út þann 12. júlí síðastliðinn og hlýtur sjö í einkunn frá vefsíðunni Pitchfork. Platan er sú fyrsta sem gefin er út af hinu nýstofnaða plötuútgáfufyrirtæki X2, sem er í eigu hljómsveitarinnar sjálfrar.

Neil Tennant, söngvari sveitarinnar, og Chris Lowe hljómborðsleikari kynntust árið 1981 og varð strax vel til vina vegna sameiginlegs áhuga þeirra á danstónlist. Tónlistarsamstarf þeirra hófst skömmu síðar og tóku þeir upp slagarana It's a Sin, West End Girls og Jealousy í litlu hljóðveri í Camden Town. Sveitin sló í gegn árið 1984 og hefur verið starfrækt allar götur síðan. Hún er þekkt fyrir danstónlist sína og ber nýjasta plata sveitarinnar, Electric, kunnuglegan keim af þeim hljómi sem einkenndi sveitina á upphafsárum hennar.

Blaðamaður Pitchfork segir þá Tennant og Lowe sækja innblástur til tónlistarstefna á borð við dubstep á nýju plötunni. Blaðamaðurinn segir enn fremur að félagarnir séu einstaklega lunknir í að „gera popptónlist sem höfðar til samkynhneigðra karlmanna". Lögin Love Is a Bourgeois Construct, Fluorescent, Vocal og The Last to Die (sem er upprunalega eftir Bruce Springsteen) þykja þau bestu á plötunni. Lokalag plötunnar er Vocal og fjallar lagið um tónlist og þá tilfinningu sem hún framkallar hjá þeim sem hlýðir á. Í lagatextanum segir meðal annars I like the singer/ He's lonely and strange/ Every track has a vocal/ And that makes a change. Auðvelt er að ímynda sér að Tennant eigi þar við sjálfan sig.

Gagnrýnandi Consequence of Sound segir Electric innihalda pottþétt syntha-popp með þéttum takti og grípandi laglínum sem mun lokka fólk fram á dansgólfið í sumar.

- sm



ELECTRIC MEÐ PET SHOP BOYS

Ekki hrifinn af rokktónlist

Chris Lowe sagði árið 1986 í viðtali við Entertainment Tonight að hann væri lítt hrifinn af bandarískri þjóðlagatónlist. „Ég er ekki hrifinn af þjóðlagatónlist. Ég er ekki hrifinn af rokktónlist. Ég er ekki hrifinn af rokkabillí og alls ekki hrifinn af rokki og róli. Mér líkar fátt en það sem ég hrífst af elska ég af ástríðu," sagði Lowe.

18.7.2013 → 24.7.2013

LAGALISTINN

Sæti		Flytjandi	Plata
1	▶	**Capital Cities**	**Safe And Sound**
2	▲	Olly Murs	*Dear Darlin'*
3	▲	Nýdönsk	*Iður*
4	▲	Muse	*Panic Station*
5	▲	Daft Punk / Pharrell	*Get Lucky*
6	▼	Margaret Berger	*I Feed You My Love*
7	▼	Kaleo	*Vor í Vaglaskógi*
8	▶	Imagine Dragons	*Demons*
9	▼	Robin Thicke / T.I. / Pharrell	*Blurred Lines*
10	▲	Áhöfnin á Húna	*Sumardagur*

TÓNLISTINN

Sæti		Flytjandi	Plata
1	▶	**Sigur Rós**	**Kveikur**
2	▶	Ýmsir	*This Is Icelandic Indie Music*
3	▲	Ásgeir Trausti	*Dýrð í dauðaþögn*
4	▲	Samaris	*Samaris*
5	▼	Ýmsir	*Tíminn flýgur áfram*
6	▼	Of Monsters and Men	*My Head Is an Animal*
7	▼	Ýmsir	*Einnar nætur gaman með Sigga Hlö*
8	▲	Ýmsir	*Acoustic Iceland*
9	▶	Ýmsir	*Inspired by Harpa*
10	▲	Björk	*Gling gló*

Skýringar ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista
Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. visir
Pátttakendur í Lagalistanum Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.


Alltaf í aðalhlutverki
MERRILD
DOUWE EGBERTS
DE
ANNO 1753
ENNEMM / SÍA / NM47860

Foreldrarnir geyma Óskarsstyttuna

Jennifer Lawrence lét frá sér verðlaunagripinn.

Foreldrar leikkonunnar Jennifer Lawrence geyma Óskarsverðlaunastyttu hennar á heimili sínu í Kentucky. Lawrence hlaut verðlaunin fyrir leik sinn í kvikmyndinni Silver Linings Playbook.

„Foreldrar mínir fóru með styttuna til Kentucky af því mér þótti skrýtin tilhugsun að hafa hana til sýnis heima hjá mér. Fyrst setti ég hana á hillu gegnt baðherberginu og mömmu þótti það ekki við hæfi. Nú stendur hún á píanóinu hennar í Kentucky," sagði leikkonan.

Hún fer næst með hlutverk í ævintýramyndinni Hunger Games: Catching Fire, en þar leikur hún sem áður Katniss.

Í VESENI MEÐ STYTTUNA Leikkonan Jennifer Lawrence lætur móður sína geyma Óskarsverðlaunastyttu sína. NORDICPHOTOS/GETTY

Sest í leikstjórastól

Mike Myers gerir heimildarmynd um góðan vin sinn.

Mike Myers mun þreyta frumraun sína sem leikstjóri með heimildarmyndinni Supermensch. Myndin mun fjalla um líf og starf umboðsmannsins Sheps Gordon og verður framleidd í samstarfi við fyrirtækið A&E IndieFilms.

Gordon hóf störf sem umboðsmaður hinnar þá nýstofnuðu hljómsveitar Alice Cooper og átti stóran þátt í að skapa ímynd sveitarinnar. Síðar var hann með Blondie og Luther Vandross á sínum snærum og um hríð var hann kvæntur leikkonunni Sharon Stone. Frasinn „celebrity chef", eða stjörnukokkur, er jafnframt sagður frá Gordon kominn, en hann var umboðsmaður fjölda kokka.

Myers og Gordon kynntust er Myers vann að gerð kvikmyndarinnar Wayne's World og hafa verið vinir allar götur síðan.

SEST Í LEIKSTJÓRASTÓL Mike Myers þreytir frumraun sína sem leikstjóri með heimildarmyndinni Supermensch. NORDICPHOTOS/GETTY

ÓDAUÐLEGUR Hugh Jackman bregður sér í hlutverk Wolverine í sjötta sinn í kvikmyndinni The Wolverine.

Tilvistarkreppa stökkbreytts jarfa

Hasarmyndin The Wolverine var frumsýnd hér á landi í gær. Hugh Jackman fer með hlutverk Wolverine í sjötta sinn, þetta sinn í leikstjórn James Mangold.

Hasar- og ævintýramyndin The Wolverine er sjötta kvikmyndin í X-men-myndaröðinni. Leikarinn Hugh Jackman bregður sér enn og aftur í hlutverk hins stökkbreytta og ódauðlega Logans sem, þegar hér er komið við sögu, er þjakaður af sorg og hefur falið sig frá umheiminum í rúmt ár. Dag einn kemur til hans ung stúlka og biður hann að ferðast með sér til Japan til að hitta yfirmann sinn, en sá er gamall kunningi Logans og á honum líf sitt að launa. Kunninginn er dauðvona en gerir Logan tilboð: Að gera hann dauðlegan með aðstoð nútímavísinda. The Wolverine gerist skömmu eftir atburðina í X-Men: The Last Stand frá árinu 2006 en í þeirri mynd lést Jean Gray, eða Phoenix eins og hún var einnig nefnd.

➜ Leikstjórinn Darren Aronofsky átti upphaflega að leikstýra The Wolverine. Hann vann að gerð hennar í sex mánuði en sagði sig þá frá verkefninu.

Jackman segir persónu sína eiga í erfiðleikum með að sætta sig við ódauðleika sinn og takast á við dauða ástvina sinna. „Hann áttar sig á því að ástvinir hans munu deyja en ekki hann, líf hans er fullt af sársauka," sagði Jackman. Þess má geta að hann naut liðsinnis leikarans og glímumannsins Dwaynes Johnson við það að koma sér í form fyrir hlutverkið.

Handrit myndarinnar er skrifað af Christopher McQuarrie, Scott Frank og Mark Bomback og byggt á teiknimyndasögunni Wolverine sem kom út í takmörkuðu upplagi árið 1982. James Mangold leikstýrir myndinni en hann er best þekktur fyrir kvikmyndirnar Girl, Interrupted og Walk the Line. Hann hafði úr um 12 milljörðum króna að moða til að vinna myndina. Tökur hófust þann 30. júlí í fyrra og fóru meðal annars fram í friðlandinu Bonna Point í Kurnell, Sydney, Japan og Kanada.

Kvikmyndin fær 67 prósent í einkunn á vefsíðunni Rottentomatoes og 44 af hundrað á Metacritic.com. - sm

NÝTT FRÁ PHILIPS

FLOTT RETRO FERÐATÆKI MEÐ BLUETOOTH

- 12W Retro Original ferðatæki
- Bluetooth innbyggt
- FM útvarp 20 stöðva minni
- Geislaspilari spilar MP3/WMA-CD o.fl.
- USB afspilun MP3 og WMA
- USB hleðsla og geymslubox
- Line-in tengi
- DBB þéttur og góður hljómur

Philips OST690
VERÐ
39.995
FRÁBÆRT VERÐ

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

Fullorðið fólk og Strumpar

Gamanmyndin Grown Ups 2 og Strumparnir 2 verða frumsýndar í vikunni.

Í gamanmyndinni Grown Ups 2, sem frumsýnd var í gær, fá áhorfendur að endurnýja kynni sín við persónurnar úr Grown Ups. Í framhaldsmyndinni hefur Lenny, sem leikinn er af Adam Sandler, fengið sig fullsaddan af stórborgarlífinu og flytur með fjölskyldu sinni aftur til heimabæjar síns. Þar hittir hann fyrir vini sína, gömul hrekkjusvín, ölvaða lögreglumenn á skíðum og gamlar kærustur.

Myndin, sem er fyrsta framhaldsmynd Sandlers, var frumsýnd í Bandaríkjunum þann 12. júlí og halaði inn rúmlega fjörutíu milljónum dollara fyrstu sýningarhelgina. Leikstjóri myndarinnar, Dennis Dugan, á í nánu samstarfi við Sandler og hafa þeir meðal annars unnið saman að gerð myndanna Happy Gilmore, Big Daddy, I Now Pronounce You Chuck and Larry, You Don't Mess with the Zohan, Grown Ups, Just Go with It, Jack and Jill og nú síðast Grown Ups 2.

Strumparnir 2 verður að auki heimsfrumsýnd hér á landi á sunnudag og lenda í þetta sinn í enn meiri ævintýrum en áður. Alvöru strumpur verður viðstaddur frumsýninguna sem og leikararnir sem ljá litlu, bláu fígúrunum raddir sínar á íslensku. - sm



netto í sumarskapi

GRILL-KINDAINNRALÆRI
KRYDDAÐ
2.697
ÁÐUR 3.289 KR/KG

KJÖTSEL

PÍTUBUFF 6X60GR
M/BRAUÐI
899
ÁÐUR 1.199 KR/PK

afsláttur 25%

GOÐI

FAGFISK LAXAFLÖK
SNYRT
1.484
ÁÐUR 1.879 KR/KG

GRÍSAFILLE SNEIÐAR
GRILL
1.884
ÁÐUR 2.298 KR/KG

KJÖTSEL

HYDROXYCUT
WILDBERRY 21 BRÉF
4.990 KR PK
ÁÐUR 5.990 KR

COCA COLA
4X2L KIPPA
1.198

CAPRI TVENNA FYLGIR FRÍTT
MEÐ 4PK AF COCA COLA!

MELÓNA
GUL
184
ÁÐUR 368 KR/KG

afsláttur 50%

GALAXY SÚKKULAÐI
CARAMEL/COOKIE/MILK
199
ÁÐUR 349 KR/STK

afsláttur 43%

Tilboðin gilda 25. - 28. júlí

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

FÆÐING Ýmsar leiðir má reyna til að koma fæðingu af stað þegar kona er gengin 40 vikur.

Hvernig koma má fæðingu af stað

Nokkur ráð fyrir örvæntingarfullar verðandi mæður.

Eins og meðganga getur verið ánægjulegt tímabil kannast sennilega flestar mæður við að vera orðnar langþreyttar á biðinni eftir afkvæminu þegar komið er á 40. viku. Þó svo að þolinmæði sé lykilorðið fyrir langþreyttar verðandi mæður eru til ýmis ráð sem eiga að hjálpa til við að koma fæðingu af stað.

1. Nálastungur
Örvun á sumum nálastungupunktum er talin mögulega geta komið fæðingu af stað.

2. Laxerolía
Laxerolía er notuð víða um heim til að framkalla fæðingu en hún verkar örvandi á myndun prostaglandína.

3. Sterkur matur
Talið er að sterkur mati geti komið fæðingu af stað þar sem hann hefur örvandi áhrif á magann, sem hefur þar af leiðandi örvandi áhrif á legið.

4. Ananas
Ananas inniheldur ensímið bromlein sem er talið hafa mýkjandi áhrif á leghálsinn.

5. Örvun geirvarta
Að nudda geirvörturnar varlega er talið geta komið af stað samdráttum í leginu þar sem tilfinningin er lík því þegar barn er á brjósti.
Við það framleiðist hormónið oxýtósín sem framkallar hríðir.

6. Kynlíf
Samfarir geta stuðlað að framköllun fæðingar þegar fullri meðgöngulengd er náð. Þegar konan nær fullnægingu framleiðir líkami hennar hormónið oxýtósín, sem hefur áhrif á samdrætti í leginu, og sæði mannsins inniheldur prostaglandín-efni, sem þroska leghálsinn.

7. Göngutúr
Prýstingurinn þegar höfuð barnsins þrýstir á leghálsinn innan frá losar oxýtósín, sem eins og áður segir framkallar hríðir.

BYRJA UM HELGINA Peir Atli og Sigurður Már sjá um vefsíðuna Hátíðir.is Þar er hægt að finna upplýsingar um bæjarhátíðir víðs vegar um landið. Mærudagar á Húsavík fara fram um helgina og eru allar upplýsingar um hana að finna á vefsíðunni.

Opna vefsíðu fyrir bæjarhátíðardagskrá

Atli Björgvinsson og Sigurður Már Sigurðsson hafa opnað vefsíðuna Hátíðir.is.

„Oftast þarf maður að fara inn á heimasíður hjá sveitarfélögunum til þess að sjá hátíðardagskrár en við vildum bara grípa þetta allt saman á einum og sama staðnum," segir Húsvíkingurinn Atli Björgvinsson, sem opnað hefur vefsíðuna Hátíðir.is ásamt félaga sínum, Sigurði Má Sigurðssyni. Á vefsíðunni verður hægt að finna hátíðardagskrá hinna ýmsu bæjarhátíða víðs vegar um landið. Strákarnir ætla að byrja á því að kynna dagskrá Mærudaganna í heimabæ þeirra, Húsavík, sem fram fer um helgina. Hugmyndina fengu þeir frá félögum sínum. „Vinir okkar vildu vita hvaða bæjarhátíðir væru í boði og hvar þær væri að finna. Við kunnum aðeins í forritun svo við ákváðum að taka saman hvað væri í boði. Í upphafi ætluðum við aðeins að gera þetta fyrir Mærudagana en síðan fékk svo góðar undirtektir að við ákváðum að setja þetta í loftið fyrir almenning," segir Atli. Hann bætir við að til standi að tækla flestar útihátíðir með tíð og tíma. Atli segir að fjöldi bæjarhátíða standi fólki til boða en að oft reynist erfitt að nálgast dagskrá. „Það er alveg hellingur af bæjarhátíðum sem fólk veit ekki af. Oft reynir fólk líka að elta sólina á síðustu stundu og þá er gott að hafa vefsíðu sem sýnir hvað er í boði, hvort sem það er lítil hátíð á Húsavík eða Raufarhöfn eða Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum," segir Atli.

kristjana@frettabladid.is

ULTRA RICH EYE CREAM

augnkrem sem virkar
auðugt af virkum innihaldsefnum

Öflug og sérvalin innihaldsefni gefa silkimjúka áferð og árangurinn leynir sér ekki. Lífvirku efnin úr þörungunum hafa framúrskarandi andoxunarvirkni í frumum.

Styrkir og endurvekur náttúruleg byggingarefni húðarinnar.
Varnar hrukkumyndun, gefur ljóma og bætir áferð.
Virku efnin draga marktækt úr hrukkum og slétta húðina í kringum augun.

UNA skincare

www.unaskincare.com www.facebook.com/unaskincare

KYNLEYSI Eitt prósent einstaklinga er kynlaust en lítið er vitað um þennan hóp fólks. NORDICPHOTOS/GETTY

Eitt prósent einstaklinga er kynlaust

Ég var í sambandi með stúlku sem „allt í einu" hafði engan áhuga á kynlífi og sagði að það tengdist ekki mér heldur hefði hún bara almennt misst allan áhuga á kynlífi. Ég skoðaði þetta á netinu og sá eitthvað um að það væru til einstaklingar sem hefðu enga kynlöngun. Hvernig virkar það eiginlega? Ég veit að maður getur verið í mismiklu stuði en er maður þá bara aldrei í stuði þegar kynlöngunin er engin og getur það bara komið fyrir allt í einu? Við erum reyndar ekki saman lengur en ég hef mikið velt þessu fyrir mér.

• • •

SVAR Það eru til einstaklingar sem skilgreina sína kynhneigð út frá því að hafa hvorki kynlöngun né kynferðislegan áhuga (e. asexual). Ég hef því miður ekki gott íslenskt orð yfir þessa kynhneigð því kynlausir finnst mér ekki eiga við þótt það sé vissulega notað. Þetta er ekki einsleitur hópur og sumir þeirra stunda sjálfsfróun og aðrir ekki. Hins vegar hafa allir tilfinningalegar þarfir og því eru sumir í samböndum sem geta verið innileg og náin en þó án kynferðislegs samneytis. Kynfærin geta samt sem áður svarað kynferðislegri örvun. Þá ber ekki að rugla þessum einstaklingum saman við þá sem kjósa að lifa skírlífi en slíkt tengist oftar en ekki trúarlegum ástæðum og getur varað tímabundið.

Það er áætlað að um eitt prósent einstaklinga sé kynlaust og þetta er yfirleitt ekki eitthvað sem gerist á einni nóttu, ekki frekar en aðrar kynhneigðir. Þetta hefur hins vegar ekki verið mikið rannsakað, sérstaklega vegna þess að þetta er sjaldan valkostur fyrir kynhneigð í bakgrunnsbreytum rannsókna og því vitum við lítið um þennan hóp. Þó er ákveðin vitundarvakning um málefni þeirra og verða kynlausir sem sérhópur í Gaypride-göngum til dæmis í Bretlandi og Kanada í ár.

Nú er ómögulegt fyrir mig að segja til um hvort kærasta þín hafi tímabundið misst áhugann eða alfarið en það er vissulega þekkt fyrirbæri að kynlöngun í langtímasamböndum dvíni og það geta margar ástæður verið fyrir því, bæði líkamlegar og andlegar.

KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is

Sterkara samband við umheiminn með Ferðapakka

Ferðapakki
Ódýrari símtöl í Evrópu

Business or pleasure? Skiptir ekki máli.

Með Ferðapakka Símans nýturðu úrvalskjara á símaþjónustu þegar þú ferðast um álfuna. Mínúturnar eru ódýrari, þú greiðir 0 kr. fyrir móttekin símtöl og daggjald aðeins þá daga sem þú notar þjónustuna.

Bon voyage!

Nánar á siminn.is

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM58645

Kanye fær uppeldisráð frá Jay-Z

Rapparinn Jay-Z er duglegur að ráðleggja vini sínum Kanye West.

Jay-Z er að sögn slúðurmiðlanna vestanhafs duglegur við að gefa hinum nýbaka föður, Kanye West, uppeldisráð. Jay-Z eignaðist dótturina Blue Ivy með söngdívunni Beyoncé fyrir einu og hálfu ári en hann ráðleggur vini sínum West að halda kúlinu á meðal almennings og einbeita sér að föðurhlutverkinu. Kanye og Kim Kardashian eignuðust dótturina North West í júní. „Jay hefur verið að fara í gegnum það hvernig það er best að haga sér á almannafæri. Hann sagði Kanye að það væri best að einbeita sér ekki að því sem er að gerast í kringum hann og þess í stað njóta þess sem hann hefur," sagði heimildarmaður við dagblaðið Daily Star. Þetta kemur í kjölfar atviks sem átti sér stað í síðustu viku þegar Kanye lenti í stóru rifrildi við ljósmyndara á LAX flugvellinum. Ljósmyndarinn lét einhver ummæli falla sem urðu til þess að rapparinn réðist að honum og reyndi að slá hann. Kanye á að hafa leitað til Jay-Z eftir atvikið og beðið hann um að hjálpa sér að haga sér betur á almannafæri. „Kanye verður svo reiður og pirraður yfir allri athyglinni. Enginn skilur betur en Jay-Z hvernig það er að vera í sviðsljósinu allan sólarhringinn," bætti heimildarmaðurinn við.

MIKLIR MÁTAR Peir Jay-Z og Kanye West eru miklir félagar. Jay-Z gefur nú hinum nýbaka föður hin ýmsu ráð. GETTY/NORDICPHOTOS

ÓKURTEIS Bruce Willis þótti ókurteis við breskan útvarpsmann. NORDICPHOTOS/GETTY

Ókurteis við útvarpsmann

Bruce Willis og Mary Louise Parker voru gestir í breskum útvarpsþætti þar sem þau áttu meðal annars að kynna kvikmyndina Red 2. Willis þótti sérlega ósamvinnuþýður og ókurteis við þáttastjórnandann Jamie Edwards.

„Hefur nokkur leikari sagt þér þetta áður, Jamie? Nú er ég ekki að leika, þú ert ef til vill að leika, en ég er bara að kynna myndina. Selja hana. Skemmtilegi hlutinn var að leika í henni," sagði Willis í viðtalinu. Þegar hann var svo spurður út ökuleikni sína í kvikmyndinni sagði hann: „Ég er að hugsa um akstur einmitt þessa stundina. Ég á erfitt með að einbeita mér að þessu viðtali. Þú ert með alveg frábærar spurningar, Jamie. Skemmtilegt spjall," sagði hinn geðþekki leikari.

AFMÆLISPYNNKA Selena Gomez mætti í viðtal til Jay Leno daginn eftir 21 árs afmælið sitt. GETTY/NORDICPHOTOS

Selena mætti þunn til Leno

Selena Gomez mætti þunn í viðtal til þáttastjórnandans Jay Leno á dögunum. Stúlkan fagnaði 21 árs afmæli sínu á mánudagskvöldið og sletti ærlega úr klaufunum af því tilefni. Leno spurði stúlkuna hversu marga drykki hún hefði fengið sér og hún svaraði um hæl: „Ég man það ekki." Þá spurði hann hana hvort hún væri að berjast við þynnkuna og svaraði hún því játandi. Stúlkan ætlar þó ekki að láta mánudagsdjammið duga en hún ætlar að halda þemapartí um helgina. „Það verður afmælisveisla um helgina með sígaunaþema. Ég hlakka mikið til," sagði söngkonan við Jay Leno.

GLAÐAR Beth Ditto og eiginkonan í hvítu.

Beth Ditto giftir sig í Gaultier

Söngdívan Beth Ditto gekk að eiga unnustu sína, Kristin Ogata, í síðasta mánuði. Stúlkurnar giftu sig á Havaí í návist vina og ættingja en Beth þótti sérstaklega glæsileg í hvítum brúðarkjól úr smiðju Jean Paul Gaultier. Ogata, sem er frá Havaí, var í hvítum jakka og stuttbuxum. Það má segja að hvítt hafi verið þema brúðkaupsins en allir gestir brúðkaupsins klæddust hvítu og brúðhjónin báru hvít blóm um hálsinn.

Ditto sló í gegn með hljómsveitinni Gossip en hefur einnig látið til sín taka í tískuheiminum. Hún hannaði eigin fatalínu og opnaði tískusýningu Gaultier vorið 2011.

TIL Í SLAGINN Pær Geri Halliwell og Emma Bunton eru klárar í tónleikaferð með Spice Girls. GETTY/NORDICPHOTOS

Kryddpíur vilja endurkomu

Kryddpíurnar Geri Halliwell og Emma Bunton eru klárar í annað Spice Girls-„kommbakk“. Kryddpíurnar komu saman á lokahátíð Ólympíuleikanna í London í fyrra og slógu rækilega í gegn. Aðdáandi stúlknasveitarinnar skrifaði á Twitter að hann vildi ólmur að Spice Girls héldu kveðjutónleikaröð og tóku Geri og Emma undir með aðdáandanum. Slúðurmiðlarnir ytra töldu líklegt að Kryddpíurnar hefðu í hyggju að halda fleiri tónleika eftir Ólympíuleikana en um leið og Victoria Beckham neitaði að taka þátt urðu þær hugmyndir að engu.

GÓÐ GEN Blake Lively og Ryan Reynolds eiga von á barni samkvæmt erlendum slúðurfréttum.

Á Blake Lively von á barni?

Leikkonan Blake Lively og leikarinn Ryan Reynolds eiga von á barni saman samkvæmt erlendum slúðursíðum.

Parið fagnar nú brátt fyrsta brúðkaupsafmæli sínu og mun vera yfir sig ástfangið. Slúðurpressan ytra segir klæðaburð Blake Lively síðustu vikurnar berlega gefa til kynna að hún beri barn undir belti en einnig á Reynolds að hafa sagt nýlegu viðtali að hann gæti ekki beðið eftir að eignast barn með Lively. Nú er bara að bíða eftir staðfestingu.

Tilnefningar til Emmy-verðlauna

Emmy-verðlaunahátíðin verður haldin þann 22. september í Los Angeles.

Neil Patrick Harris verður kynnir hátíðarinnar í ár, en hann er best þekktur fyrir hlutverk sitt sem Barney Stinson í sjónvarpsþáttunum How I Met Your Mother og sem Doogie Howser M.D. í samnefndri sjónvarpsseríu.

Netflix stelur senunni í ár, en þetta er í fyrsta sinn sem sjónvarpsseríur sem hafa verið frumsýndar á internetinu hljóta tilnefningar. Netflix hlýtur þrjár tilnefningar í ár, fyrir sjónvarpsseríurnar Arrested Development, House of Cards og Hemlock Grove.

Tilnefningar til helstu flokka eru eftirfarandi:

Í flokki dramasería

Breaking Bad
Downtown Abbey
Game of Thrones
Homeland
House of Cards
Mad Men

Besta leikkona í dramaseríu

Connie Britton Nashville
Claire Danes Homeland
Michelle Dockery Downtown Abbey
Vera Farmiga Bates Motel
Elisabeth Moss Mad Men
Kerry Washingto Scandal
Robin Wright House of Cards

Besti leikari í dramaseríu

Hugh Bonneville Downtown Abbey
Bryan Cranston Breaking Bad
Jeff Daniels The Newsroom
Jon Hamm Mad Men
Damian Lewis Homeland
Kevin Spacey House of Cards

TILNEFNDUR Kevin Spacey er tilnefndur í ár.

THULE SWEDEN
Ferðabox og hjólafestingar



Framúrskarandi fyrirtæki 2012
Stilling
Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/ferdavorur | stilling@stilling.is

SMÁRA BÍÓ
LÚXUS
THE WOLVERINE 3D
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN
PACIFIC RIM
NEW YORK POST ★★★★ G.D.Á., MBL ★★★★
R.I.P.D.
THE HEAT
SMÁRABÍÓ 5%

WOLVERINE 3D	KL. 5.20 - 8 - 10.40	14
WOLVERINE 3D LÚXUS	KL. 5.20 - 8 - 10.40	14
GROWN UPS 2	KL. 5.40 - 8 - 10.10	L
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN 3D	KL. 3.20	L
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN 2D	KL. 3.20 - 5.40	L
RIPD	KL. 3.20 -5.50 - 8	10
THE HEAT	KL. 8 - 10.10	12
THIS IS THE END	KL. 10.30	16

Miðasala á: midi.is og Miði

HÁSKÓLABÍÓ 5%

WOLVERINE 3D	KL. 5.20 - 8 - 10.40	14
GROWN UPS 2	KL. 5.40 - 8 – 10.10	L
RIPD 3D	KL. 5.50 - 8	10
PACIFIC RIM	KL. 9	10
THE HEAT	KL. 5.30	12
THIS IS THE END	KL. 10.10	16

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS

WOLVERINE 3D	KL. 8 - 10.20
RIPD 3D	KL. 5.50
GROWN UPS 2	KL. 8 - 10
THE HEAT	KL. 5.50

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%
POWERSÝNING KL. 10.10
Í STÆRSTU ORUSTU ÆVINNAR BERST HANN FYRIR SÍNU EIGIN LÍFI
GROWN UPS 2
R.I.P.D.
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN ★★★★ -Empire ★★★★ -Entertainment Weekly
HEAT

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
WOLVERINE	8, 10.10(P) 3D	12
GROWN UPS 2	6, 8, 10.30	L
R.I.P.D.	8, 10 3D	10
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN	3.50, 6 2D	L
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN	3.50 3D	L
THE HEAT	5.30	12

SAMBÍÓIN
SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR NO COUNTRY FOR OLD MEN OG THE BIG LEBOWSKY
GAMBIT FRÁ COEN BRÆÐRUNUM
COLIN FIRTH OG CAMERON DIAZ ERU STÓRKOSTLEG Í ÞESSARI NÝJUSTU GRÍNMYND COEN BRÆÐRA
STÓRKOSTLEG TEIKNIMYND FRÁ SNILLINGUNUM HJÁ DISNEY/PIXAR
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN
Arion banki
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI Í 2D OG 3D
Í STÆRSTU ORRUSTU ÆVINNAR
THE WOLVERINE 3D
BERST HANN FYRIR SÍNU EIGIN LÍFI
ÞVÍLÍKT SJÓNARSPIL
PACIFIC RIM
BRAD PITT
WORLD WAR Z

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

GAMBIT	KL. 6 - 8 - 10:10	7
PACIFIC RIM	KL. 2D: 2 3D: 5:15 - 8 - 10:45	12
PACIFIC RIM VIP 2D	KL. 2 - 5:15 - 8	VIP
MONSTERS UNIVERSITY ÍSL.TAL 3D KL. 1:20 - 3:20		L
MONSTERS UNIVERSITY ÍSL.TAL 2D KL. 1 - 2 - 3:20 - 5:40		L
MONSTERS UNIVERSITY ENSK.TAL 2D KL. 1 -3:20 -5:40 -8 -10:20		L
WORLD WAR Z 2D	KL. 5:30 - 8 - 10:30	12
WORLD WAR Z VIP	KL. 10:45	VIP
THE LONE RANGER	KL. 8	12
MAN OF STEEL 2D	KL. 10:50	12

SAMBÍÓIN AKUREYRI

GAMBIT	KL. 8	7
PACIFIC RIM 3D	KL. 8	12
MONSTERS UNIVERSITY ÍSL.TAL 3D KL. 5:40		L
MONSTERS UNIVERSITY ENSK.TAL 2D KL. 5:40		L
WORLD WAR Z 3D	KL. 10:45	12
THE LONE RANGER	KL. 10	12

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

THE WOLVERINE 3D	KL. 3 - 5:20 - 8 - 10:40	12
PACIFIC RIM	KL. 2D: 5:15 3D: 8 - 10:45	12
MONSTERS UNIVERSITY ÍSL.TAL 3D KL. 3 - 5:40		L
MONSTERS UNIVERSITY ÍSL.TAL 2D KL. 2:30		L
MONSTERS UNIVERSITY ENSK.TAL 3D KL. 8		L
WORLD WAR Z 2D	KL. 8 - 10:30	12
THE LONE RANGER	KL. 5 - 10:20	12

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

GAMBIT	KL. 6:20 - 8:20 - 10:20	7
PACIFIC RIM 2D	KL. 8 - 10:45	12
MONSTERS UNIVERSITY ÍSL.TAL 3D KL. 3:20 - 4 - 5:40		L
MONSTERS UNIVERSITY ÍSL.TAL 2D KL. 3:20		L
MONSTERS UNIVERSITY ENSK.TAL 3D KL. 5:40 ÓTEXTUÐ		L
WORLD WAR Z 2D	KL. 10	12
THE BIG WEDDING	KL. 8	L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

THE WOLVERINE 3D	KL. 8 - 10:40	12
GAMBIT	KL. 5:50 - 8	7
PACIFIC RIM 2D	KL. 10	12
MONSTERS UNIVERSITY ÍSL.TAL 3D KL. 5:40		L

Skoðanir og tíska

BAKPANKAR
Bergs Ebba Benediktssonar

Nokkrum sinnum á ári kynna fatahönnuðir tísku sína. Þeir hanna nýja línu og fólk fylgist með hvernig kragar hafa síkkað, litir dekkst eða skósólar hækkað. Við vitum að þetta hefur ekkert með vísindi að gera. Tíska er bara tíska. Kannski ekki hreinn hégómi en ekki heldur praktísk. Það góða við fatatísku er þó að enginn metur hana mikilvægari en hún er. Fatatíska er smekkur en ekki hugsjón.

EN tíska er ekki bundin við fatnað. Segja má að tíska hafi áhrif á allt sem viðkemur lífsstíl. Húsgögn, garðyrkja og reiðhjól eru allt fyrirbæri sem eru háð tísku svo örfá dæmi séu tekin. Núna er í tísku að eiga gömul, ömmuleg og kósí húsgögn en fyrir tíu árum síðan þóttu þau flottari minimalísk og köld. Í dag er í tísku að hafa kryddjurtir í garðinum en fyrir tíu árum þótti flottara að þekja hann með byko-sólpalli og í dag er í tísku að renna um á racer-reiðhjóli en fyrir tíu árum þótti flottara að vera á fjallahjóli.

EN hvað með huglægari atriði? Geta ákveðnir málaflokkar komist í tísku?

FYRIR tíu árum var umhverfisvernd í tísku og fólk hlekkjaði sig við vinnuvélar til að mótmæla virkjunarframkvæmdum. Í dag er búið að leggja niður umhverfisráðuneytið og fólk kvartar í mesta lagi á Facebook. Samt er umhverfið í alveg jafn mikilli hættu nú og það var fyrir tíu árum. Fyrir tíu árum var mikið rætt um ástandið í Palestínu en í dag er kynbundið ofbeldi algengara umræðuefni. Samt er ástandið í Palestínu síst skárra nú en það var þá. Fyrir tíu árum var það umhverfið og alþjóðleg málefni en í dag eru það fremur málefni sem varða persónufrelsi og nærbýli. Ég verð að fullyrða þetta án þess að styðjast við rannsóknir enda er erfitt að rannsaka tísku í þaula, hún byggist fremur á tilfinningu.

ÉG held að það sé aldrei gott þegar ákveðnir málaflokkar komast í tísku. Það þýðir að fólk fær leið á þeim og þeir detta úr tísku, rétt eins og mun gerast fyrir gallaskyrtur og NBA-derhúfur áður en langt um líður.

Frægur fylgifiskur frægðarinnar

Cory Monteith, úr Glee-þáttunum, fannst látinn eftir að hafa tekið of stóran skammt á hótelherbergi sínu í Vancouver þann 13. júlí síðastliðinn. Margar stjörnur hafa farið sömu leið, með ógnvænlegum afleiðingum.

MYND/GETTYIMAGES

Janis Joplin

var þekkt sem drottning rokksins, þrátt fyrir ungan aldur og stuttan feril. Hún spilaði meðal annars á tónlistarhátíðunum Monterey Pop Festival og Woodstock. Umboðsmaður hennar kom að henni látinni á hótelherbergi sínu eftir að hún mætti ekki í upptökustúdíó á réttum tíma. Krufning leiddi í ljós að hún hafði tekið of stóran skammt af heróíni, aðeins 27 ára.

MYND/GETTYIMAGES

Whitney Houston

fannst látin í baðkari á hótelherbergi í Los Angeles í fyrra. Hún drukknaði í baði eftir að hafa neytt kókaíns og áfengis, 48 ára gömul. Houston var ein dáðasta söngkona heims og hlaut fjölda verðlauna fyrir söng sinn. Hún átti lengi við vímuefnavanda að stríða og fór síðast í vímuefnameðferð ári fyrir dauða sinn.

MYND/GETTYIMAGES

Amy Winehouse

söngkonan fannst látin á heimili sínu þann 23. júlí árið 2011. Hún var 27 ára gömul. Winehouse hafði háð opinbera baráttu við fíkniefni og áfengi um tíma. Winehouse dó vegna ofneyslu áfengis. Lagið sem skaut henni á toppinn ber heitið Rehab og fjallar um að margir hefðu reynt að fá hana til að fara í meðferð.

MYND/GETTYIMAGES

Brian Epstein

er sennilega frægasti umboðsmaður allra tíma, en hans frægustu skjólstæðingar voru án efa Bítlarnir. Epstein tókst að gera stórstjörnur úr Bítlunum, en sjálfur háði hann harða baráttu við eiturlyfjafíkn. Hann lést á heimili sínu árið 1967 vegna ofneyslu svefnlyfja, aðeins 32 ára gamall. Hann hafði um árabil neytt róandi lyfja, örvandi efna og áfengis í óhófi.

MYND/GETTYIMAGES

Elvis Presley

var kallaður konungur rokksins og naut gífurlegra vinsælda um lönd og álfur. Hann hlaut fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir tónlist sína, þar á meðal þrenn Grammy-verðlaun. Presley háði lengi baráttu við fíkniefni, en þegar hann lést var talið að um fjórtán tegundir efna og lyfja væru í líkama hans. Hann var 42 ára þegar hann lést.

MYND/GETTYIMAGES

Cory Monteith

lést á hótelherbergi sínu í Vancouver í Kanada þann 13. júlí eftir að hafa tekið of stóran skammt af heróíni. Hann var 31 árs gamall. Monteith var best þekktur fyrir leik sinn í þáttaröðinni Glee þar sem hann lék Finn Hudson. Cory hafði lýst því yfir opinberlega að hann ætti við vandamál að stríða og fór síðast í áfengis- og vímuefnameðferð í mars á þessu ári.

BÍÓ ★ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS
Kvikmyndamiðstöð Íslands
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is

25. - 30. júlí

Sumartilboð í Lyfju um allt land

Við elskum sumarið. Við viljum hafa það gott og skemmtilegt hvort sem sólin skín eða regnið vætir og hressir. Þess vegna bjóðum við sérstakan sumarafslátt sem kætir og bætir hvernig sem viðrar. Við hlökkum til að sjá þig.

15% afsláttur af lausasölulyfjum

20% afsláttur af öllum snyrtivörum
- ilmum, sólarvörn og brúnkukremum

20% afsláttur af öllum helstu bætiefnum

SOLARAY · now · VITABIOTICS WHERE NATURE MEETS SCIENCE · GULI MIÐINN · Eirádag · BIOMEGA

Lágmúla
Laugavegi
Smáralind
Smáratorgi
Borgarnesi
Grundarfirði
Stykkishólmi
Búðardal
Patreksfirði
Ísafirði
Blönduósi
Hvammstanga
Skagaströnd
Sauðárkróki
Húsavík
Þórshöfn
Egilsstöðum
Seyðisfirði
Neskaupstað
Eskifirði
Reyðarfirði
Höfn
Laugarási
Selfossi
Grindavík
Keflavík

ÍSLENSKA SÍA.IS/ENN66619/0713

Góð þjónusta fyrir stuðningsmennina

FÓTBOLTI Karlalið Breiðabliks, ÍBV og KR verða í eldlínunni í kvöld í 3. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar. Stuðningsmenn liðanna og íslenskrar knattspyrnu geta fylgst vel með gangi mála.

Breiðablik stendur best að vígi en liðið sækir Sturm Graz heim í Austurríki. Eftir markalaust jafntefli í fyrri leiknum er möguleiki svo sannarlega fyrir hendi hjá Kópavogsliðinu. Staða KR-inga er ekki jafn góð í Belgíu eftir 3-1 tap gegn Standard Liege. Blikar og KR-ingar á klakanum eiga þess kost að fylgjast með leikjunum í útvarpi og á netinu. Blikar senda út á síðu sinni, www.blikar.is, klukkan 16 en KR-ingar á netheimur.is eða FM 98,3 klukkan 18.30.

ÍBV tekur á móti Rauðu stjörnunni frá Belgrad á Hásteinsvelli. Serbarnir hafa 2-0 forskot úr fyrri leiknum. Leikurinn verður sýndur beint á Stöð 2 Sport klukkan 18.30. **- ktd**

Megum ekkert misstíga okkur í undankeppninni

KÖRFUBOLTI Íslenska landsliðið í körfuknattleik mætir Dönum í æfingaleikjum í kvöld í Ásgarði og annað kvöld í Keflavík. Leikirnir eru hluti af undirbúningi liðsins fyrir undankeppni Evrópumótsins í körfubolta sem fram fer í Úkraínu árið 2015. Liðið mætir Búlgaríu og Rúmeníu að heiman og í Laugardalshöll á fyrsta stigi undankeppninnar um laust sæti á Evrópumótinu.

„Við megum varla misstíga okkur í þessari undankeppni til þess að eiga möguleika á því að komast á Evrópumótið," segir Peter Öqvist.

„Búlgararnir eru með frábært lið og þeir verða virkilega erfiðir við að eiga, sérstaklega á þeirra heimavelli. Rúmenar eru ekki með eins gott lið og við ættum að eiga fínan möguleika í þá leiki. Liðið er samt sem áður aðeins skipað leikmönnum sem leika utan heimalandsins og atvinnumönnum í hverri stöðu. Ég vildi óska þess að ég gæti sagt að þetta yrðu auðveld verkefni en þetta eru bæði mjög hávaxin liði og erið verkefni fram undan." **- sáp**

RAUNSÆR Öqvist segir verkefnið erfitt en möguleiki sé til staðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hálfur milljarður í húfi hjá FH

FH-ingum verða tryggðar tekjur upp á minnst 653 milljónir króna ef liðinu tekst að slá Austria Vín úr leik í þriðju umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu. FH er þegar öruggt með tekjur upp á 112 milljónir króna.

FÓTBOLTI Íslandsmeistarar FH eiga fyrir höndum einhverja mikilvægustu leiki íslensks félagsliðs í mjög langan tíma þegar liðið mætir austurrísku meisturunum í Austria Vín í þriðju umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu. FH-ingar unnu frækinn sigur á FK Ekranas í vikunni en með honum á FH nú möguleika á að tryggja sér tekjur sem myndu gerbreyta rekstri félagsins og hafa veruleg áhrif á landslag íslenskrar knattspyrnu.

Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, greiðir liðum sem keppa í bæði Meistaradeild Evrópu og Evrópudeild UEFA þátttökubónusa sem hækka eftir því sem liðin komast lengra. FH-ingum voru tryggðar tekjur upp á 60 milljónir króna samkvæmt núgildandi gengi er liðið varð Íslandsmeistari í fyrra og komst þar með í aðra umferð forkeppni Meistaradeildarinnar.

Hins vegar eru þær upphæðir fljótar að hækka eftir því sem liðinu gengur betur. Með sigrinum á Ekranas er tryggt að FH mun að minnsta kosti spila fjóra Evrópuleiki í viðbót, sem mun tryggja liðinu tekjur upp á 52,5 milljónir króna. Sigurinn á lithásku meisturunum var því sannarlega kærkominn fyrir rekstur knattspyrnudeildar FH.

Upphæðirnar verða þó fyrst svimandi háar ef Íslandsmeisturunum tekst að bera sigurorð af Austria Vín í næstu umferð. Samkvæmt upplýsingum frá Knattspyrnusambandi Evrópu fyrir síðasta keppnistímabil mun FH fá rúmar 540 milljónir króna fyrir að komast áfram því þá bíður liðsins þátttaka í umspilsumferð fyrir riðlakeppni Meistaradeildarinnar og að minnsta kosti sæti í riðlakeppni Evrópudeildarinnar.

Þess ber að geta að þessar tekjur eru aðeins þær sem koma frá UEFA. Þá eru ótaldir aðrir tekjumöguleikar, eins og af sjónvarpstekjum, miðasölu og árangurstengdum greiðslum. Þátttökunni fylgir líka kostnaður en langstærstur hluti hans liggur í ferðakostnaði og bónusgreiðslum til leikmanna.

Eitt er þó ljóst. FH hefur þegar tryggt sér gott forskot fyrir næsta rekstrarár. Félagið fær að minnsta kosti 112 milljónir í tekjur vegna þátttöku liðsins í forkeppni Meistaradeildarinnar í ár. Miðað við upplýsingar Fréttablaðsins er heildarvelta stærstu félagsliða landsins, FH, Breiðabliks og KR, á bilinu 150-200 milljónir árlega fyrir hvert félag. 112 milljónir hafa því mikil áhrif á rekstrurinn.

Til samanburðar má nefna að heildarvelta Austria Vín er nálægt 20 milljónum evra – um 3,2 milljörðum króna – og um 20 sinnum meiri en hjá stærstu félagsliðum Íslands. Engum dylst að sigurlíkur Austurríkismannanna eru meiri í rimmunni við FH. „Litla" liðið á þó ávallt möguleika í fótbolta og það vita FH-ingar mætavel. **eirikur@frettabladid.is**

Tekjumöguleikar FH í Evrópukeppnum 2013-2014

ÍSLANDSMEISTARI 2012

Pátttaka í forkeppni Meistaradeildar	31,8*
Pátttaka í 2. umferð forkeppninnar	27,8
Samtals	**59,6**

*öll lið sem falla úr leik í forkeppninni fá umræddа upphæð. Allar tölur í milljónum króna, miðað við núverandi gengi.

TEKJUR FH AF SIGRINUM GEGN EKRANAS*

*miðað við tap gegn austria Vín í 3. umferð

Tekjur úr fyrsta þrepi	59,6
Pátttaka í 3. umferð forkeppninnar	31,8
Pátttaka í umspilsumferð Evrópudeildar UEFA	20,7
Samtals	**112**

EF FH VINNUR AUSTRIA VÍN Í 3. UMFERÐ en tapar í umspilsumferðinni

Tekjur úr fyrsta og öðru þrepi	112
Pátttökubónus fyrir umspilsumferð Meistaradeildar Evrópu	334
Pátttökubónus fyrir riðlakeppni Evrópudeildar UEFA.	207
Samtals	**653**

➜ Sex uppaldir í byrjunarliði FH

FH-ingar starfrækja öflugt starf í yngri flokkum sínum eins og svo mörg önnur íslensk félög. Starfið hefur borið góðan ávöxt því í byrjunarliði FH gegn Ekranas voru sex uppaldir leikmenn. Þá voru Emil Pálsson og Róbert Örn Óskarsson á táningsaldri þegar þeir gengu í raðir félagsins.

BJARTUR Hörður Axel er fullur tilhlökkunar. FRÉTTBLAÐIÐ/DANÍEL

Heiðrum minningu Ólafs

KÖRFUBOLTI Hörður Axel Vilhjálmsson er bjartsýnn á leikina sem fram undan eru hjá íslenska landsliðinu í körfubolta. Ísland mætir Dönum í tveimur vináttulandsleikjum í kvöld og annað kvöld.

„Við erum gríðarlega samrýmdur hópur og menn þekkja hver annan vel. Það er einnig mikil eftirvænting að fá að spila fyrir framan okkar fólk á heimavelli og vonandi verður stuðningurinn góður," segir Hörður Axel.

Íslenska landsliðið mun leika með sorgarbönd til heiðurs Ólafi Rafnssyni sem lést í síðasta mánuði. Ólafur var forseti Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands og forseti Körfuknattleikssambands Evrópu.

„Ólafur gerði mikið fyrir hreyfinguna bæði hérna heima og í Evrópu yfir höfuð. Ég held að fólk geri sér ekki almennilega grein fyrir því hversu mikilvægur hann var fyrir íþróttina. Við ætlum okkur að sýna honum þá virðingu sem hann á skilið og leggja okkur alla fram til heiðurs honum."

Hörður Axel er sem stendur án félagsliðs en hann lék með þýska liðinu Mitteldeutscher BC á síðustu leiktíð.

„Mín mál eru ekki alveg komin á hreint en það fer vonandi að skýrast. Ég hef nokkra kosti sem ég get ekki farið nánar út í, en ég útiloka að spila hér á landi á næsta tímabili." **- sáp**

GLEÐI Þjóðverjar fögnuðu en svekkelsi Svía var mikið. NORDICPHOTOS/GETTY

Draumurinn úti

FÓTBOLTI Þýskaland tryggði sér í gærkvöldi sæti í úrslitaleik Evrópumóts kvennalandsliða með 1-0 sigri á Svíum. Dzsenifer Marozsán skoraði eina markið á 33. mínútu.

Draumur Svía um úrslitaleik á heimavelli er því úr sögunni. Þjóðverjar geta nú unnið titilinn í áttunda skipti og það sjötta í röð.

Í kvöld kemur í ljós hvort andstæðingurinn verður Danmörk eða Noregur. **- ktd**

Íslensk lið eiga alltaf möguleika á heimavelli

Helgi Kolviðsson, knattspyrnuþjálfari í Austurríki, vill ekki afskrifa möguleika FH gegn Austria Vín.

FÓTBOLTI Helgi Kolviðsson þekkir vel til í austurríska fótboltanum en hann er nú þjálfari B-deildarliðsins Austria Lustenau sem var nálægt því að vinna sér sæti í úrvalsdeildinni síðastliðið vor. FH mætir meisturunum þar í landi, Austria Vín, í þriðju umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu en eins og kemur fram hér fyrir ofan er gríðarlega mikið í húfi fyrir Hafnfirðinga.

„Austria Vín spilar samkvæmt 4-3-3 leikkerfinu eins og FH. Þetta er sókndjarft lið með leikmenn sem eru góðir á boltann og með mikla tæknilega getu. Liðið spilar þar að auki heimaleiki sína á besta vellinum í Austurríki," segir Helgi en vill þó alls ekki afskrifa möguleika FH-inga í rimmunni.

„Ef þeir ná að spila þéttan varnarleik og treysta á skyndisóknir og föst leikatriði er vel hægt að ná góðum úrslitum hér úti í fyrri leiknum og halda öllu opnu fyrir þann síðari í Kaplakrika," segir Helgi sem sá FH spila leik í forkeppni Evrópudeildar UEFA í Liechtenstein í fyrra. „Ég tel að FH geti vel haldið í við Austria Vín á góðum degi," bætir hann við.

Meðal þeirra leikmanna liðsins sem helst hafa vakið athygli er sóknarmaðurinn Philipp Hosiner sem var síðast í gær orðaður við Everton og Crystal Palace í ensku pressunni.

„Það er ekkert nýtt að lið eins og Austria missi sína bestu leikmenn en það er algengt að þeir fari yfir í þýsku úrvalsdeildina. Hosiner hefur þar að auki unnið sér sæti í austurríska landsliðinu og er byrjaður að skora fyrir það," segir Helgi og bætir við að Austria sé vel mannað á öllum vígstöðum.

„Þetta er lið sem á vissulega mörg vopn sem FH-ingum ber að varast. Austria Vín er þar að auki eitt stærsta félag landsins með mjög fagmannlega umgjörð og ríka sigurhefð. En þó svo að liðið þyki sigurstranglegra á pappírnum er allt hægt. Íslensk lið eiga alltaf möguleika á heimavelli." **- esá**

HELGI Hefur starfað lengi í Austurríki og Þýskalandi, fyrst sem leikmaður og nú sem þjálfari. Hér er hann sem leikmaður Kärnten árið 2003.

TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VSK
ALLAR **ÚTILEGUVÖRUR**
ÁN VIRÐISAUKASKATTS*

AFNEMUM VSK
SUMARLEIKFÖNG
ÁN VIRÐISAUKASKATTS*

Gildir til 5. ágúst á meðan birgðir endast.

*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
og á Akureyri í sumar!

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Önnur hver gæti verið fyrirsæta

Daninn Kennie Chopart hefur stimplað sig inn í lið Stjörnunnar í Pepsi-deild karla eftir tölúverða bekkjarsetu framan af sumri. Hann segir sjálfstraustið í botni, stemmninguna hjá Garðabæjarliðinu frábæra og ræðir um íslenskar stúlkur og skemmtanalíf.

FÓTBOLTI „Ég vissi af því að Stjarnan hefði aldrei unnið KR. Það var gott að vinna þá og líka á þessu augnabliki. Það væri gaman að endurtaka leikinn gegn þeim í bikarnum í næstu viku," segir Kennie Chopart. Kennie fór á kostum í 3-1 sigri Stjörnunnar í 12. umferð, sem kom Garðabæjarliðinu upp að hlið FH á toppi deildarinnar.

„Varnarleikur okkar hefur verið frábær. Við vorum aðeins brothættir í fyrstu leikjunum enda með þrjá til fjóra nýja leikmenn. Nú þekkjumst við betur og erum þéttir varnarlega," segir Kennie, sem er á sínu öðru tímabili á Íslandi. Hann elskar lífið á Íslandi þrátt fyrir sólarleysið í borginni það sem af er sumri.

„Ég held að þetta sé fyrsti sumardagurinn síðan ég kom til Íslands í fyrra," sagði Kennie í léttum tón þegar undirritaður heyrði í honum hljóðið á þriðjudaginn. Hann kann vel við félaga sína í Garðabæjarliðinu.

„Mér líður eins og heima hjá mér. Ég þekki strákana í liðinu betur, hangi mikið með þeim og hef svo fjóra Dani í kringum mig." Auk Kennie leika landar hans Michael Præst og Martin Rauschenberg með liðinum auk þess sem Henrik Boedker er markmannsþjálfari liðsins.

Erfitt að sitja á bekknum

Sumarið byrjaði ekki gæfulega fyrir danska kantmanninn. Hann þurfti nokkuð óvænt að sætta sig við tölúverða bekkjarsetu framan af sumri og fékk svo vænt höfuðhögg í útileik gegn Skaganum.

„Það var erfitt. Í einum leiknum fékk ég bara tíu mínútur," segir Kennie um fyrri hluta mótsins. Eftir það hafi hann horft á hlutina frá nýju sjónarhorni; aukið heimsóknir sínar í líkamsræktarstöðvarnar, stundað heilbrigðara líferni og í kjölfarið hafi sjálfstraustið komið.

„Það er í botni þessa dagana," segir Kennie um sjálfstraustið. Kennie starfar hjá raftækjaversluninni Ormsson hér á landi líkt og hinir Norðurlandabúarnir hjá Stjörnunni. Hann lætur vel af starfinu en þess utan séu þeir mestmegnis í líkamsrækt eða að spila tölvuleiki. Þá hefur spurst út að hann sæki skemmtistaðinn B5 um helgar og sé með síðustu mönnum út.

„Ég get ekki neitað því. En aðeins þær helgar sem við fáum leyfi frá þjálfurunum til að skemmta okkur," segir Kennie og hlær.

Aðspurður hvernig hann kunni við íslenska kvenfólkið stendur ekki á svörum.

„Ísland er með fallegustu konur í heimi. Þegar þú gengur um niðri í miðbæ gæti önnur hver stelpa verið fyrirsæta," segir Kennie. Þær séu þó vissulega líka fallegar í hinum Norðurlöndunum.

„En hérna er þetta hrein klikkun," segir Daninn eldhressi.

kolbeinntumi@365.is



FIMM FRÆKIN Kennie (lengst til vinstri) ásamt Michael Præst, Robert Sandnes og Martin Rauschenberg. Með þeim á myndinni er Ragna Björg Kristjánsdóttir, stórvinkona strákanna og samstarfsmaður hjá Ormsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

SPORTÍS
LAGERHREINSUN!
MERKJAVARA Á GÓÐU VERÐI
Í SAL FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS - MÖRKINNI 6
5.JÚLÍ - 1.ÁGÚST
OPIÐ MÁN.-FÖS: 12 - 18 - LAU.11-16
30 - 70% AFSLÁTTUR!
SKÓR - SPORTFATNAÐUR -BARNAFÖT - SUNDFÖT - TÍSKUFÖT O.FL.
ÓTRÚLEG VERÐ - NÝJAR VÖRUR DAGLEGA!
EASTPAK asics DC Thorlos casall SEAFOLLY MC PLANET SQUARE
SPORTÍS
MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

FERÐAVAGNINN
FÆRÐU HJÁ OKKUR!

AFMÆLISTILBOÐ

Ægir-Tjaldvagn
+ Fortjald + Dúkur + Yfirbreiðsla
Verð kr. 1.442.700.
Afsláttur kr. 352.700.
Afmælistilboð **kr. 1.090.000.**

MEÐ ÖLLUM HJÓLHÝSUM FYLGIR AUKAHLUTAPAKKI AÐ VERÐMÆTI
KR. 250.000.

PALOMINO Yearling - 10 feta
Verð kr. 2.590.000.
Afsláttur kr. 300.000.
Afmælistilboð **kr. 2.290.000.**

SEGLAGERÐIN ÆGIR
Þar sem ferðalagið byrjar

TIL ÞJÓNUSTU Í 100 ÁR

Opið
Laugardagur 11:00-16:00
Sunnudagur 12:00-16:00

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík
S: 511 2200 www.seglagerdin.is

KORPAN: SJÓRINN OG ÁIN

Hér má sjá stutt yfirlit yfir þær holur sem verða notaðar á Íslandsmótinu í höggleik um helgina. Fyrstu tólf holurnar eru gamlar en síðustu sex nýjar. Ágúst Jensson, yfirvallarstjóri GR, segir frá holunum:

FYRRI NÍU: SJÓRINN

1. hola (par 5): Góð byrjunarhola sem gefur góðan möguleika á fugli.

2. hola (par 5): Skemmtileg hola sem gefur tækifæri ef menn eru reiðubúnir að taka smá áhættu.

3. hola (par 3): Löng og erfið. Gott að ná pari.

4. hola (par 4): Erfið hola þar sem menn labba sáttir í burtu með par.

5. hola (par 4): Hér skiptir teighöggið miklu máli og staðsetning á braut, þar sem flötin er mjög lítil.

6. hola (par 3): Stutt og auðveld hola.

7. hola (par 5): Mikill möguleiki á fugli fyrir sterka kylfinga. Erfitt að sætta sig við parið hér.

8. hola (par 4): Staðsetning eftir upphafshögg skiptir miklu máli fyrir innáhöggið inn á flöt, sem er hallandi.

9. hola (par 3): Skemmtileg hola þar sem allir ættu að geta fengið par.

SEINNI NÍU: ÁIN

10. hola (par 4): Í góðum aðstæðum er vel þess virði að taka áhættu og reyna við flötina.

11. hola (par 5): Sennilega léttasta holan á seinni níu. Hér vilja allir fá fugl.

12. hola (par 4): Ein erfiðasta par 4 hola landsins. Tré beggja vegna brautar og teighöggið er þröngt.

13. hola (par 3): Fyrsta holan á nýja hlutanum. Mikið landslag á flöt og því skiptir staðsetning máli.

14. hola (par 4): Hér geta kylfingar tekið áhættu með því að stytta sér leið í upphafshögginu. En hún verður mjög erfið ef það bregst.

15. hola (par 4): Góð og sanngjörn hola þar sem möguleikinn á fugli er góður.

16. hola (par 4): 415 metrar en fyrstu tvö höggin eru mjög strembin. Lítið um fugla hér.

17. hola (par 3): Í lengri kantinum en hér væri gott að fá par.

18. hola (par 4): Löng hola heim að skála, þar sem upphafshöggið er mikilvægt.

Korpan verður ekki kláruð á heppni

Íslandsmótið í höggleik hefst á Korpúlfsstaðavelli í dag en völlurinn skartar sínu fegursta eftir að nýjar holur voru nýlega teknar í notkun. Allir okkar bestu kylfingar taka þátt í mótinu að þessu sinni og eru áhorfendur sérstaklega boðnir velkomnir í Korpuna.

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@frettabladid.is

REYNIR Á Guðrún Brá Björgvinsdóttir slær upphafshögg á Korpúlfsstaðavelli í vikunni. Úlfarsfellið er í baksýn en fyrir aftan Guðrúnu eru nokkrir af afrekskylfingum Íslands í karlaflokki.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GOLF Íslandsmótið í höggleik fer fram í 71. skipti þessa helgina en í þetta sinn verður mótið haldið á Korpúlfsstaðavelli sem var nýlega stækkaður í 27 holur. Spilað verður á fyrstu átján holunum samkvæmt nýja skipulaginu en þar fá keppendur bæði að spreyta sig á gömlum holum og nýjum.

Völlurinn skiptist í þrjár „slaufur“ sem bera nöfnin Sjórinn, Áin og Landið. Spilað verður á fyrstu tveimur hlutunum en allar átján holurnar eru útlistaðar hér til hliðar.

Völlurinn þykir sérlega glæsilegur eftir breytingarnar og afrekskylfingarnir eru sammála um að hann sé mjög krefjandi.

„Það eru hættur beggja vegna brautarinnar á flestum holum og því mikilvægt að vera vel á boltanum og halda sér á braut,“ segir atvinnumaðurinn Ólafur Björn Loftsson en auk hans munu Birgir Leifur Hafþórsson, Þórður Rafn Gissurarson og Einar Haukur Óskarsson allir spila um helgina. Þeir hafa allir reynt fyrir sér á atvinnumótaröðum erlendis.

„Þar að auki er völlurinn einnig erfiður að því leyti að hann reynir á stutta spilið hjá kylfingum. Hann reynir því á allar hliðar golfsins og það er alveg ljóst að maður kemst ekki í gegnum hann á heppni,“ bætir Ólafur Björn við.

Eins og á alvöru móti í útlöndum

Birgir Leifur tekur í svipaðan streng og segir Korpúlfsstaðavöll nú í sérflokki á Íslandi. „Í fyrsta skipti fær maður það nú á tilfinninguna að maður sé að fara að keppa á alvöru móti í útlöndum. Sama hvernig aðstæðurnar verða þarf maður alltaf frábær högg til að komast sómasamlega frá þessum velli,“ segir hann.

Birgir Leifur segir að aðrir golfklúbbar á Íslandi mættu taka sér starf GR á Korpúlfsstaðavelli til fyrirmyndar. „Ég tel að þessi völlur muni skapa fullt af góðum kylfingum í framtíðinni og ég hvet unga og efnilega kylfinga til að koma hingað og æfa sig. Aðrir klúbbar, eins og GKG, minn klúbbur, eiga að líta til Korpunnar og byggja upp velli sem gera íslenska kylfinga betri. Það ætti að vera markmið okkar Íslendinga að búa til sem flesta afrekskylfinga sem geta náð árangri á erlendri grundu því það væri besta mögulega auglýsingin fyrir íslenskt golf.“

Birgir Leifur þekkir vel til íslensks afreksstarfs í golfi en hann var nýverið liðsstóri í forkeppni Evrópumóts landsliða áhugamanna þar sem Ísland vann sér inn þátttökurétt í aðalkeppninni.

„Þetta var yngsta landslið sem Ísland hefur nokkru sinni átt og það var frábært að fá að starfa með þessum drengjum. Við eigum mikið af ungum kylfingum í bæði karla- og kvennaflokki sem geta spilað frábært golf. Það yrði svo sannarlega engin skömm fyrir okkur atvinnumennina að tapa fyrir þeim sem spilar vel á þessum velli því sá sem nær besta skorinu hér um helgina verður svo sannarlega verðugur sigurvegari,“ segir Birgir Leifur.

Völlurinn fljótur að refsa

Valdís Þóra Jónsdóttir og Haraldur Franklín Magnús eru ríkjandi Íslandsmeistarar en sú fyrrnefnda er nýkomin aftur til landsins eftir að hafa lokið námi í Bandaríkjunum. Hún stefnir á að taka þátt í úrtökumóti fyrir Evrópumótaröðina í haust.

„Þessi völlur hentar mér ágætlega að ég tel. Ég slæ langt og maður þarf ágætis lengd á nokkrum holum til að koma sér í gott færi. Ég þarf bara að halda mér á brautinni því völlurinn er fljótur að refsa. Maður getur ekki driað skotum í allar áttir eins og á mörgum íslenskum völlum,“ segir hún. „Það þekkist víða erlendis að maður þarf að spila gott staðsetningargolf.“

25 konur hafa skráð sig til leiks á Íslandsmótinu en 112 í karlaflokki. Valdís Þóra á þó von á harðri samkeppni um Íslandsmeistaratitilinn.

„Við erum margar ungar, og mjög góðar stelpur sem geta spilað vel og veitt manni mikla samkeppni. Það gerir mótið enn skemmtilegra fyrir vikið en ég stefni að sjálfsögðu að því að vinna titilinn. Annars væri ég ekki að taka þátt,“ segir hún en Valdís Þóra varð einnig meistari árið 2009.

50. Íslandsmót Björgvins

Alls verða leiknar 72 holur á fjórum dögum. Að loknum fyrstu tveimur keppnisdögunum verður keppendum í karlaflokki fækkað þannig að þeir 72 kylfingar sem eru með lægsta skorið haldi áfram. Verði fleiri en einn kylfingur jafnir í 72. sæti halda allir áfram.

Að sama skapi verður keppendum í kvennaflokki fækkað í átján eftir fyrstu tvo dagana en sá fyrirvari er á að allir þeir sem eru mest tíu höggum frá efsta manni fá að halda áfram. Fyrstu ráshóparnir halda út klukkan 07.30 alla keppnisdagana en þess má geta að í fyrsta ráshópnum í dag verður Björgvin Þorsteinsson, GA, sem er nú að taka þátt í sínu 50. Íslandsmóti.

25. - 27. JÚLÍ | FIMMTUDAGUR TIL LAUGARDAGS

GÁMASALA

FYRSTIR KOMA, FYRSTIR FÁ

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR

AÐEINS ÞESSA 3 DAGA!

VIÐ FENGUM ÓVÆNT FULLAN GÁM AF MONGOOSE HJÓLUM SEM VIÐ ÞURFUM AÐ LOSNA VIÐ - STRAX!

SÖLUMENN OKKAR VERÐA Í SAMNINGSSTUÐI!

MÖGULEIKI Á VAXTALAUSU LÁNI Í 6 MÁNUÐI EF KEYPT ER FYRIR 75,000,- EÐA MEIRA.

GAP

FAXAFENI 7 | SÍMI 5 200 200 | GAP.IS

DAGSKRÁ

Stöð 2 kl. 20.00
Masterchef USA

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fyrir í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda. Að lokum eru það þó alltaf dómararnir sem kveða upp sinn dóm og ákveða hverjir fá að halda áfram og eiga möguleika á að standa uppi sem Meistarakokkurinn.

Í KVÖLD

Modern Family

STÖÐ 2 KL. 19.35 Fjórða þáttaröðin af þessum sprenghlægilegu og sívinsælu gamanþáttum sem hlotið hafa einróma lof gagnrýnenda víða um heim. Fjölskyldurnar þrjár sem fylgst er með eru óborganlegar sem og aðstæðurnar sem þær lenda í hverju sinni.

TV.COM 8,2 IMDb 8,6

Dexter

SKJÁR 1 KL 22.50 Raðmorðinginn viðkunnanlegi Dexter Morgan snýr aftur. Deb er afar brugðið eftir að hafa komist að hinu sanna um bróður sinn og veit ekki til hvaða ráða hún á að grípa.

TV.COM 8,2 IMDb 9,0

Body of Proof

RÚV KL. 21.15 Bandarísk sakamálaþáttaröð. Meinafræðingurinn Megan Hunt fer sínar eigin leiðir í starfi og lendir iðulega upp á kant við yfirmenn sína.

TV.COM 8,1 IMDb 6,4

X-ið kl. 10.00
Glymskrattinn

Rokkabillígoðsögnin Smutty Smiff sér um Glymskrattann. Rokkabillí, ska, pönk og reggí. Skelltu vaxi í hárið og hlustaðu!



STÖÐ 2

08.05 Malcolm in the Middle *(9:22)*
08.30 Ellen *(7:170)*
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors *(33:175)*
10.20 Human Target *(6:13)*
11.05 Masterchef *(8:13)*
11.50 Man vs. Wild *(13:15)*
12.35 Nágrannar
13.00 Who Do You Think You Are? UK *(6:6)*
14.00 Jack and Jill vs. the World
15.35 Lína langsokkur
16.25 Ellen *(8:170)*
17.10 Bold and the Beautiful
17.32 Nágrannar
17.57 Simpson-fjölskyldan *(1:22)*
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.06 Veður
19.15 The Big Bang Theory *(22:23)*
19.35 Modern Family
20.00 Masterchef USA *(3:20)* Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band.
20.45 Revolution *(18:20)*
21.30 Breaking Bad *(6:8)* Fimmta þáttaröðin um efnafræðikennarann og fjölskyldumanninn Walter White sem nýtir efnafræðiþekkingu sína í framleiðslu og sölu á eiturlyfjum og sogast inn í hættulegan heim eiturlyfja og glæpa.
22.15 Vice *(10:10)* Glænýir og áhrifamiklir fréttaskýringaþættir þar sem fjallað er um málefni líðandi stundar um heim allan og þeim gerð góð skil.
22.45 Grimm *(16:22)* Spennandi þáttaröð þar sem persónur úr ævintýrum Grimmbræðra hafa öðlast líf og eru færðar í nútímabúning.
23.30 Harry's Law *(9:22)* Önnur þáttaröðin um stjörnulögfræðinginn Harriet Korn *(Kathy Bates)* sem hætti hjá þekktri lögfræðistofu og stofnaði sína eigin.
00.15 Rizzoli & Isles *(7:15)*
01.00 The Killing *(7:12)*
01.45 Crossing Lines *(2:10)*
02.30 Burn Notice *(17:18)*
03.15 Jack and Jill vs. the World
04.40 Man vs. Wild *(13:15)*
05.25 Fréttir og Ísland í dag

POPPTÍVÍ

19.00 Friends *(3:24)*
19.25 Two and a Half Men *(20:24)*
19.45 The Simpsons *(9:22)*
20.10 The O.C. *(25:27)*
20.55 Game Tíví
21.20 Pretty Little Liars *(15:25)*
22.05 Pretty Little Liars *(16:25)*
22.50 The O.C. *(25:27)*
23.35 Game Tíví
00.00 Pretty Little Liars *(15:25)*
00.45 Pretty Little Liars *(16:25)*
01.30 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

INN

20.00 Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Þjóðlagahátíð á Siglufirði

SPORT *besta sætið*

07.00 Bayern - Barcelona
17.00 Pepsi mörkin 2013
18.15 Tottenham - Basel
20.00 Sumarmótin 2013
20.45 Bayern - Barcelona
22.25 Chelsea - Rubin Kazan
00.05 FH - FK Ekranas

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Tottenham - Sunderland Útsending frá leik Tottenham og Sunderland
17.25 1001 Goals Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
18.20 Man. City - South China
20.00 Leikmaðurinn: Gunnleifur Gunnleifsson Guðmundur Benediktsson stýrir þætti um ensku stórliðin.
20.30 Premier League World
21.00 Swansea - Everton
22.55 Everton - Liverpool

krakkar

07.00 Lalli **07.05** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.40** Brunabílarnir **08.05** Svampur Sveinsson **08.25** Dóra könnuður **08.50** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.10** Strumparnir **09.35** Waybuloo **09.55** Áfram Diego, áfram! **10.15** Ærslagangur Kalla kanínu og félaga **10.40** Histeria! **11.00** Doddi litli og Eyrnastór **11.10** Latibær *(16:18)* **11.35** Lalli**11.40** Lalli **11.45** Refurinn Pablo **11.55** Litlu Tommi og Jenni **12.20** Svampur Sveinsson **12.40** Dóra könnuður **13.05** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.30** Strumparnir **13.50** Waybuloo **14.10** Áfram Diego, áfram! **14.35** Ærslagangur Kalla kanínu og félaga **15.15** Doddi litli og Eyrnastór **15.25** Latibær *(16:18)* **15.50** Lalli **15.55** Refurinn Pablo **16.00** Litlu Tommi og Jenni **16.25** Svampur Sveinsson **16.45** Dóra könnuður **17.30** Strumparnir **17.50** Waybuloo **18.10** Áfram Diego, áfram! **18.35** Ærslagangur Kalla kanínu og félaga **19.25** Doddi litli og Eyrnastór **19.35** Latibær *(16:18)*

GULL

20.00 Strákarnir
20.30 Stelpurnar
20.55 Fóstbræður *(8:8)*
21.20 Curb Your Enthusiasm *(4:10)*
21.55 The Drew Carey Show *(21:22)*
22.20 Strákarnir
22.50 Stelpurnar
23.10 Fóstbræður *(8:8)*
23.40 Curb Your Enthusiasm *(4:10)*
00.15 The Drew Carey Show *(21:22)*
00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

BÍÓ

12.50 Gentlemen Prefer Blondes
14.20 Unstable Fables
15.35 The Dilemma
17.25 Gentlemen Prefer Blondes
18.55 Unstable Fables
20.10 The Dilemma
22.00 The 41-Year-Old Virgin Who Knocked Up Sarah Marshall
23.20 Off the Black
00.55 Fair Game
02.40 The 41-Year-Old Virgin Who Knocked Up Sarah Marshall

RÚV

16.25 Ástareldur
17.15 Úmísúmí *(16:20)*
17.38 Hrúturinn Hreinn *(6:20)*
17.45 Táknmálsfréttir
18.00 Fréttir og veður
18.20 EM kvenna í fótbolta *(Undanúrslit)* BEINT
20.20 EM-stofa
20.45 Vinur í raun *(1:6) (Moone Boy)*
21.15 Sönnunargögn *(3:13) (Body of Proof)* Atriði í þættinum er ekki við hæfi barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Glæpahneigð *(17:24)(Criminal Minds VII)* Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.05 Paradís *(3:8) (The Paradise)* Breskur myndaflokkur um unga stúlku sem vinnur í stórverslun og heillast af glysi tíðarandans. Þættirnir eru byggðir á bókinni Au Bonheur des Dames eftir Émile Zola en hér er sagan flutt til Norður-Englands.
00.00 Prenna *(8:8) (Trekant)*
00.30 Fréttir
00.40 Dagskrárlok

RÚV ÍÞRÓTTIR

18.20 *EM kvenna í knattspyrnu, undanúrslit (Undanúrslit) BEINT* ***20.20*** *EM-stofa Umfjöllun um seinni undanúrslitaleikinn á EM kvenna í knattspyrnu.* ***20.45*** *EM kvenna í knattspyrnu (Undanúrslit) (e)*

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.10 America's Funniest Home Videos *(9:44)*
07.35 Everybody Loves Raymond *(15:25)*
08.00 Cheers *(1:25)*
08.25 Dr. Phil
09.10 Pepsi MAX tónlist
16.45 Once Upon a Time *(4:22)*
17.35 Dr. Phil
18.20 Psych *(11:16)*
19.05 America's Funniest Home Videos *(10:44)*
19.30 Everybody Loves Raymond *(16:25)*
19.55 Cheers *(2:25)*
20.20 Men at Work *(2:10)*
20.45 The Office *(16:24)*
21.10 Royal Pains *(12:16)*
22.00 Flashpoint *(6:18)*
22.50 Dexter *(2:12)* Raðmorðinginn viðkunnanlegi Dexter Morgan snýr aftur. Deb er afar brugðið eftir að hafa komist að hinu sanna um bróður sinn og veit ekki til hvaða ráða hún á að grípa.
23.40 Common Law *(11:12)* Skemmtilegur þáttur sem fjallar um tvo rannsóknarlögreglumenn sem semur það illa að þeir eru skikkaðir til hjónabandsráðgjafa.
00.25 Excused
00.50 The Firm *(20:22)*
01.40 Royal Pains *(12:16)*
02.25 Flashpoint *(6:18)*
03.15 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 *ESPN America* ***08.00*** *The Open Championship Official Film* ***1972 08****.55 The Open Championship Official Film* ***1978 09****.50 PGA TOUR* ***2013****: 7 Days (1:1)* ***10.50*** *Opna breska meistaramótið* ***2013*** *(4:4)* ***18.35*** *Inside the PGA Tour (30:47)* ***19.00*** *RBC Canadian Open* ***2013*** *(1:4)* ***22.00*** *The Open Championship Official Film* ***1999 22****.55 The Open Championship Official Film* ***1977 23****.50 ESPN America*

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 Kaninn
FM 102,2 Útv. Latibær
FM 102,9 Lindin
FM 105,5 Útvarp Boðun

heimkaup.is

HEIMKAUP

SENDUM FRÍTT HEIM STRAX Í KVÖLD

INNAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

PIPAR\TBWA • SÍA • 132193

Risa vefverslun – aukin þjónusta

Frá því Heimkaup hóf göngu sína hafa þúsundir Íslendinga nýtt sér hversu þægilegt og fljótlegt er að versla á heimkaup.is, enda bjóðum við mikið úrval af vörum á frábæru verði. Við sendum vöruna til þín frítt* hvert á land sem er og komum vörum til skila sama kvöld ef pantað er fyrir kl. 18.

Við bjóðum viðskiptavini líka velkomna í sýningarsal okkar í Turninum, Kópavogi þar sem hægt er að kaupa vörur á staðnum eða sækja vörur sem keyptar eru í vefversluninni.

*Sjá nánar um sendingarmöguleika og skilmála um heimsendingar á heimasíðunni, www.heimkaup.is

- Heimilistæki
- Raftæki
- Tölvur
- Skrifstofuvörur
- Heimilið
- Heilsa & útlit
- Afþreying
- Barnavörur
- Leikföng
- Bækur
- Íþróttir & útivera
- Íslenskt

Angelcare · illy · playmobil · PHILIPS · UNDER ARMOUR · sodastream · Jumbo · weber · OROBLU · Nescafé Dolce Gusto · KitchenAid · PS3 PlayStation 3

Faber-Castell · LG · LEGO · lenovo · SELECT UNIFORMS & EQUIPMENT · Whirlpool · chicco · XBOX 360 · POLAR LISTEN TO YOUR BODY · Nûby · SONY

L'ORÉAL · BRAUN · SENNHEISER · htc · NOKIA · JOHN FRIEDA LONDON PARIS NEW YORK · Canon · hp · Samsonite · KRUPS · SAMSUNG · WELEDA

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 550 2700

heimkaup.is

Örugg vefverslun · Hagstætt verð · Hraðsending · Sendum um allt land

HEIMKAUP

SUMARFRÍIÐ

„Ég fór í brúðkaupsferð til Halifax og dvaldi þar í 12 daga hjá fjölskyldu eiginmanns míns. Það var yndislegt frí og rökrétt framhald af yndislegu brúðkaupi.“

Fríða Dís Guðmundsdóttir, söngkona hljómsveitarinnar Klassart

Íslensk glæpasagnahátíð á lista hjá Guardian

Iceland Noir komst á lista yfir bestu glæpasagnahátíðir heims. Hátíðin hefur ekki enn farið fram.

„Þetta er sérstaklega skemmtilegt í ljósi þess að hátíðin hefur ekki einu sinni verið haldin,“ segir rithöfundurinn Ragnar Jónasson, sem skipuleggur íslensku glæpasagnahátíðina Iceland Noir ásamt þeim Yrsu Sigurðardóttur og Quentin Bates.

Hátíðin fer fram 21. til 23. nóvember en þrátt fyrir að eiga enn eftir að fara fram komst hún á lista yfir bestu glæpasagnahátíðir heims hjá vefsíðu The Guardian nú fyrir helgi. Þar segir að gestir hátíðarinnar ættu að skella sér í Bláa lónið og leita uppi norðurljósin á milli þess sem þeir sækja spennandi fyrirlestra. Ragnar segir undirbúninginn vel á veg kominn. „Það hefur gengið ótrúlega vel að fá erlenda höfunda til að taka þátt. Við renndum blint í sjóinn með þetta allt saman en við ákváðum að láta á þetta reyna.“ Meðal þeirra sem boðað hafa komu sína eru rithöfundurinn Ann Cleeves, höfundur sagnanna um Veru Stanhope sem kvikmyndaðar hafa verið af BBC, og Jorn Lier Horst, handhafi norræna Glerlykilsins 2013. Ragnar segir að ókeypis verði inn á hátíðina og að áhugasamir geti skráð sig á vefsíðunni Icelandnoir.com. Spurður að því hvort til standi að halda hátíðina ár hvert segir Ragnar það enn óljóst. „Það er aldrei að vita. Ef þetta gengur vel er alveg ástæða til þess að prófa þetta aftur.“ - ka

Í UNDIRBÚNINGI Rithöfundurinn Ragnar Jónasson skipuleggur glæpasagnahátíðina Iceland Noir sem fram fer í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Á SKILIÐ AÐ VERÐA SUMARSMELLUR!“
– Kolbrún Bergþórsdóttir, Mbl.

„Ekki láta sumarið líða án þess að lesa Maður sem heitir Ove ... í senn **hrífandi og fyndin.**“
– Kolbrún Bergþórsdóttir, Morgunblaðinu

★★★★★
„Stórkostleg saga. Hún grætir og kætir.“
– Kristjana Guðbrandsdóttir, DV

DYNAMO REYKJAVÍK

VERÖLD

HÆFILEIKARÍK Ásta Katrín Viggósdóttir tekur að sér að gera blýantsteikningar eftir pöntunum. Hún teiknar oftast dýr en einnig fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Teiknar myndir af gæludýrum fólks

Ásta Katrín Viggósdóttir, nítján ára Garðbæingur, tekur að sér að teikna myndir af gæludýrum fólks. Myndirnar eru vinsælar tækifærisgjafir að hennar sögn.

„Ég teikna eiginlega allt sem mér þykir fallegt en dýr eru algengustu viðfangsefnin,“ segir Ásta Katrín Viggósdóttir, nítján ára listakona. Hún tekur að sér að teikna myndir af gæludýrum fólks og eru teikningar hennar vinsælar tækifærisgjafir.

Ásta Katrín hefur teiknað frá því hún man eftir sér og stundar nú listnám við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. „Listnámið í FB heillaði mig og ég er núna búin með þrjú ár þar og hefur fundist það mjög gaman,“ segir hún.

Ásta Katrín tekur að sér að gera blýantsteikningar eftir pöntunum og eru verk hennar vinsælar tækifærisgjafir. „Þetta byrjaði þannig að vinir og fjölskylda báðu mig stundum um að teikna fyrir sig myndir af fólki eða dýrum. Þetta breiddist svo út og brátt urðu fyrirspurnirnar fleiri og fleiri. Mér fannst sniðugt að reyna að þéna pening með því að gera það sem mér þykir skemmtilegast og prófaði að auglýsa mig á nokkrum vefsíðum. Ekki löngu eftir það urðu fyrirspurnirnar nánast yfirþyrmandi,“ útskýrir Ásta Katrín og bætir við að hún geri aðeins blýantsteikningar því hún sé ekki jafn fær með pensilinn. „Ég er alveg hræðilegur málari, þess vegna held ég mig við blýantinn,“ segir hún hlæjandi.

Ásta Kristín fær helst fyrirspurnir um að teikna hunda og ketti og segir aðspurð að erfiðast sé að teikna síðhærða hunda og smádýr. „Það er tímafrekara að teikna síðhærða hunda en snögghærða. Svo geta smádýrin líka verið flókin því þar er svo mikið um smáatriði sem ég þekki ekki nógu vel.“

Í sumar hefur Ásta Kristín starfað með skapandi sumarhópi í Garðabæ en hópurinn samanstendur af listamönnum á aldrinum 17 til 25 ára. Uppskeruhátíð hópsins fer fram í Ásgarði milli klukkan 16 til 19 í dag.

Hægt er að panta verk eftir Ástu Kristínu með því að hafa samband við hana í gegnum Facebook.

sara@frettabladid.is



BOLABÍTUR Mynd eftir Ástu Katrínu.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

„Þetta var eiginlega bara rúst“

Ásdís Lísa vann netkosningar í undankeppni Ungfrú Heims í Filippseyjum.

„Svona netkosningar eru náttúrulega aðallega til að ýta undir möguleika keppenda í aðalkeppninni,“ segir Ólafur Geir Jónsson, betur þekktur sem DJ Óli Geir, um kærustu sína, Ásdísi Lísu Karlsdóttur, sem tekur nú þátt í undankeppni Ungfrú Heims í Filippseyjum.

„Hún er alveg í skýjunum. Þessi sigur ætti að skila henni einhverju inn í lokakeppnina á föstudaginn,“ segir hann. „Ásdís var búin að vera í þriðja eða fjórða sæti allan tímann, alveg fimm þúsund atkvæðum undir þeirri sem var í fyrsta sæti. En svo gáfum við bara í þarna undir lokin. Íslendingar stóðu saman, sem skilaði henni tæplega 20 þúsund atkvæðum. Það er eitthvað um þrjú þúsund atkvæðum yfir þeirri sem endaði í næsta sæti,“ bætir Óli Geir við. „Þetta var eiginlega bara rúst,“ útskýrir Óli Geir léttur í bragði. - ós

STÍF DAGSKRÁ Ásdís Lilja tekur þátt í undankeppni Ungfrú Heims á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÚTSÖLUMARKAÐUR HÁTÆKNI

HÖFUM BÆTT VIÐ NÝJUM VÖRUM

Sjónvörp, heimabíó, hljómflutningstæki, farsímar, ísskápar, eldavélar, þvottavélar, tölvur, tölvuaukahlutir, brauðristar, kaffivélar, aukahlutir fyrir farsíma, talstöðvar, útvarpsvekjaraklukkur, fartölvutöskur, tölvuleikir, leikjatölvur og margt fleira.

ALLT AÐ **80%** AFSLÁTTUR!

Nýbýlavegi 6 – Opnunartími mánudaga–föstudaga 12–19, laugardaga 12–17

Hátækni

PIPAR\TBWA • SÍA • 132175

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Alexander Skarsgård á Hornströndum

Hjartaknúsarinn **Alexander Skarsgård** er ein af þeim fjölmörgu stjörnum sem hafa heimsótt landið í sumar.

Hann virðist ætla að njóta náttúrufegurðar landsins til hins ýtrasta en hann er staddur þessa dagana í göngu á Hornströndum. Alexander er í góðum félagsskap í göngunni en með í för eru meðal annars handritshöfundurinn og rithöfundurinn Jón Atli Jónasson, Andri Snær Magnason, Bergsteinn Jónsson, verkefnastjóri hjá UNICEF, og Sigurður Hilmarsson, sem oftast er kenndur við Skyr.

- hó

Eiga von á barni

Davíð Guðbrandsson leikari á von á barni með kærustu sinni, Hildi Selmu Sigbertsdóttur, en hún er yngri systir rapparans Bents. Þau hafa verið par síðan síðla árs 2008 en sama ár sló Davíð í gegn í þáttaröðinni Svörtum englum. Í ár lék hann í kvikmyndinni Fölskum fugli.

- nej

Mest lesið vísir

1. Fékk 17.106 SMS
2. Kynjahlutverkunum snúið við í umdeildu myndbandi
3. Mannfall í stríðinu gegn glæpagengjum í Mexíkó
4. Ók með krafttöng í stað stýris
5. Ísland á Evrópumet í klamydíu
6. Mótorhjólamaður slapp á undraverðan hátt

Ekki villast!

www.forlagid.is

BOSS HUGO BOSS
SAND
strellson
POLO RALPH LAUREN
ARMANI COLLEZIONI
eterna
VAN KOLLEM MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI collezione
bugatti
Stenströms
BELLINI collezione
LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

Herra lagerinn outlet
líka fyrir konur

Rýming!
lokadagar
80%
afsláttur
af öllum
vörum

Barnafatnaður frá
ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...

molo TICKET TO HEAVEN hummel POLO RALPH LAUREN